

Skýrsla setts saksóknara til dómsmálaráðherra

um opinbera rannsókn samkvæmt 4. mgr. 66. gr. laga 19/1991 á
tildögum þess að Magnús Leópoldsson var á sínum tíma grunaður
um aðild að hvarfi Geirfinns Einarssonar í Keflavík og láttinn sæta
gæsluvarðhaldi vegna þess á fyrri hluta árs 1976.

Efnisyfirlit

	bls.
I. Inngangur	3
II. Ýmis lögfræðileg álitamál varðandi rannsóknina	8
III. Aðrar rannsóknir, dómar og afmörkun rannsóknarinnar	10
IV. Gagnaöflun	14
1. Bein rannsóknargögn	14
2. Óbein rannsóknargögn	14
3. Týndu gögnin	14
4. Viðbótargögn úr Keflavík	16
5. Önnur ný gögn og upplýsingar	16
V. Yfirheyrslur	17
VI. Rannsóknartilvik	19
Rannsóknartilvik 1 – Aðdragandi þess að gerð var leirmynd, sem byggð var á lýsingu vitna á manni sem kom í Hafnarbúðina í Keflavík þann 19. nóvember 1974, og hvernig var staðið að gerð hennar.	19
1.1 Fyrri rannsókn á gerð leirmyndarinnar	19
1.2 Lögreglan í Keflavík	19
1.3 Upphaf Keflavíkurraðsóknarinnar	20
1.4 Sjónarvottar í Hafnarbúðinni	22
1.5 Teikningar	23
1.6 Ljósmyndir	25
1.7 Spírabátturinn og ýmislegt varðandi áfengi	31
1.8 Klúbbferðin	34
1.9 Þáttur Kristjáns Péturssonar, deildarstjóra í tollgæslunni	36
1.10 Leit að bifreiðum	39
1.11 Leit að “eftirlýstum” mönnum	40
1.12 Viðtöl við vitni úr Keflavíkurraðsókninni	41
1.13 Fréttatutningur af gangi rannsóknarinnar	42
1.14 Gerð leirmyndarinnar	42
1.15 Ábendingar	47
1.16 Unnið úr ábendingum	49
1.17 Rannsókn á löggreglustöðinni við Hverfisgötu (Spírabátturinn)	54
1.18 Jón Grímsson og tilkall hans til að vera Leirfinnur	56
1.19 KR-vinnuvélar	58
1.20 Lok Keflavíkurraðsóknarinnar	60
1.21 Niðurstöður rannsóknartilviks 1	60

Rannsóknartilvik 2 – Tildög þess að nafn Magnúsar Leópoldssonar 63
kom fram í rannsókn á Guðmundar- og Geirfinnsmálum sem leiddi til
handtöku hans í janúar 1976.

2.1	Frásögn Guðmundar Agnarssonar	63
2.2	Sögusagnir fram að handtöku Magnúsar	63
2.3	Upphaf Reykjavíkurraðsnarinnar	66
2.4	Rannsóknarnefnd Reykjavíkur	70
2.5	Fjölmíðlaumfjöllun	70
2.6	Umfjöllun á Alþingi	72
2.7	Yfirheyrslur fangavarða	72
2.8	Samskipti og samskiptaleysi rannsóknaraðila í Rvík og Keflavík	73
2.9	Ekki stuðst við gögnin úr Keflavík	75
2.10	Gögn sem ekki voru lögð fyrir dóm	76
2.11	Ætluð spírasala Geirfinns	77
2.12	Sekt sönnuð varðandi rangar sakargiftir	78
2.13	Niðurstöður rannsóknartilviks 2	79

Rannsóknartilvik 3 – Ástaður þess að gæsluvarðhaldsvist Magnúsar 81
Leópoldssonar stóð svo lengi sem raun varð í ljósi þeirra gagna sem þá
lágu fyrir í málinu.

3.1	Ábyrgð dómstóla	81
3.2	Ábendingar á Magnús til rannsóknarlöggreglunnar í Reykjavík	81
3.3	Undirmönnuð rannsókn	87
3.4	Fjarvistarsannanir	88
3.5	Tölvuvinnsla Reykjavíkurraðsnarinnar	90
3.6	Komur Kristjáns og Hauks í Síðumúlafangelsi	91
3.7	Sjálfstæð frásögn af málsatvikum	92
3.8	Þróytingur á rannsóknaraðila	93
3.9	Lokaskýrsla rannsóknarnefndar Reykjavíkur	95
3.10	Niðurstöður rannsóknartilviks 3	96

VIII. Lokaniðurstöður rannsóknarinnar 97

Skýrsla

setts saksóknara til dómsmálaráðherra

um opinbera rannsókn samkvæmt 4. mgr. 66. gr. laga 19/1991 á tildögum þess að Magnús Leópolsson var á sínum tíma grunaður um aðild að hvarfi Geirfinns Einarssonar í Keflavík og láttinn sæta gæsluvarðhaldi vegna þess á fyrri hluta árs 1976.

I. Inngangur

Með bréfi dómsmálaráðherra þann 25. maí 2001 var undirrituð, Lára V. Júlíusdóttir, hrl., settur sérstakur saksóknari til að annast opinbera rannsókn á tildögum þess að Magnús Leópolsson var á sínum tíma grunaður um aðild að hvarfi Geirfinns Einarssonar í Keflavík og láttinn sæta gæsluvarðhaldi vegna þess á fyrri hluta árs 1976.

Rannsókn þessi á sér stoð í nýlegri breytingu á 4. mgr. 66. gr. laga 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Skjal I/1

Tildög þessarar lagabreytingar og rannsóknar voru þau að þann 19. apríl 1998 fór Magnús þess á leit við dómsmálaráðuneytið að það hlutaðist til um að athugun færí fram á staðhæfingum vitna í heimildarmyndinni “Aðför að lögum” um að löggreglu-menn hafi í árslok 1974 gerst sekir um tilbúning sönnunargagna til að bendla Magnús við hvarf Geirfinns Einarssonar.

Skjal I/4

Í svarbréfi dómsmálaráðuneytisins frá 2. júlí sama ár er komist að þeirri niðurstöðu að það skorti lagaheimild til að geta hlutast til um slíka rannsókn. Hins vegar hafi erindið verið framsent ríkissaksóknara á grundvelli 2. mgr. 7. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 þar sem það embætti fari með rannsókn mála vegna kæru á hendur starfsmanni löggreglu fyrir ætlað refsivert brot í starfi.

Skjal I/5

Í bréfi ríkissaksóknara til Magnúsar þann 10. júlí 1998 var umræddri beiðni um opinbera rannsókn hafnað. Bent var á að rannsóknaraðgerðum þeim, sem hér um ræðir, hafi lokið fyrir 1. janúar 1977 og væri því ljóst að sök vegna hugsanlegra brota á 130. gr., 131. gr. eða 132. gr. alm. hgl. 19/1940 væri fyrnd.

Skjal I/7

Það var síðan í ítarlegu bréfi til dómsmálaráðherra, dags. 19. júlí 1998, þar sem Magnús lagði málið að nýju fyrir ráðherra, að hann fór einnig fram á greidda lögmannsaðstoð. Lögmanninum yrði falið að gera athugun á framkvæmd svokallaðrar Keflavíkurrannsóknar. Jafnframt yrði kannað hvernig nafn Magnúsar og ljósmynd af honum var dregið inn í þá rannsókn. Á þessa málaleitan félst ráðuneytið síðan í bréfi dags. 19. október 1998.

Skjöl I/8 og I/9

Í kjölfar svars ráðuneytisins, eða þann 19. október 1998, greindi Jón Steinar Gunnlaugsson, hrl. frá því í bréfi til dómsmálaráðherra að Magnús Léopoldsson hafði

leitað til hans vegna þessa máls. Í því er m.a. farið þess á leit við ráðherra að hann afli lagaheimildar á Alþingi til að fram megi fara rannsókn á því hvernig tildrögin voru að gerð leirmyndarinnar í Keflavíkurraðhaldinu yfir Magnúsi. Jafnframt þessu yrði aflað heimildar til að greiða Magnúsi miskabætur, til viðbótar þeim sem dæmdar voru 1983, ef það sannist að þeir, sem fóru með rannsóknina á hvarfi Geirfinns, hafi átt meginsök að þeim hörmungum sem Magnús mátti þola.

Þessa beiðni ítrekaði lögmaður Magnúsar síðan í bréfi þann 29. október 1998.

Skjal I/10 og I/11

Þessi beiðni fékk jákvæðar undirtekir og í bréfi ráðuneytisins til lögmanns Magnúsar þann 8. desember 1998 kom fram að ráðherra myndi flytja á yfirstandandi þingi frumvarp til laga um breyting á lögum um meðferð opinberra mála. Þar yrði lagt til að lögfest yrði heimild ríkissaksóknara til að taka ákvörðun um rannsókn máls þegar sérstaklega stæði á og ríkir almanna- og einkahagsmunir mæltu með, þótt ætla megi að refsingu verði ekki við komið, s.s. vegna þess að sök er fyrnd. Enn fremur muni ráðuneytið koma kröfu um frekari bætur á framfæri við fjármálaráðuneytið og ríkislögmenn.

Skjal I/12

Í kjölfar áðurgreindra breytinga á 66. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála ritaði lögmaður Magnúsar ríkissaksóknara aftur bréf þann 27. apríl 1999. Þar er þess óskað að ríkissakóknari mæli fyrir um hina umbeðnu rannsókn þegar lögin taka gildi.

Skjal I/13

Í svarbréfi ríkissaksóknara vakti hann athygli á rannsókn á gerð leirmyndarinnar sem var gerð að beiðni þáverandi lögmanns Magnúsar á árinu 1979. Að þeirri rannsókn lokinni kom ekki til aðgerða af hálfu ríkissaksóknara. Enn fremur vakti hann athygli á umfjöllun dómstóla um hinrar röngu sakargiftir í Geirfinnsmálinu. Með tilliti til þessa taldi ríkissaksóknari rétt að gefa lögmanninum færi á að rökstyðja beiðnina um opinbera rannsókn frekar og lýsa því að hvaða atriðum og gegn hvaða einstaklingum hún skyldi beinast.

Skjal I/14

Í bréfi lögmanns Magnúsar til ríkissaksóknara, dags. 19. júlí 1999, vekur hann athygli að að rannsóknarbeiðnin er ekki einskorðuð við tildög þess að gerð var leirmynd. Jafnframt segir lögmaðurinn að umbeðin rannsókn eigi að beinast að þeim löggreglumönum, sem unnu að frumrannsókninni í Keflavík og rannsókninni í Reykjavík síðar, sem leiddi til handtöku Magnúsar og gæsluvarðhalds yfir honum. Jafnframt eigi rannsóknin að beinast að yfirmönum þessara löggreglumanna sem hafa borið embættisábyrgð á gjörðum þeirra.

Skjal 1/15

Í ítarlegu svarbréfi ríkissaksóknara, dags. 15. september 1999, er beiðninni um opinbera rannsókn hafnað. Bent er á að eftir að rannsókn á gerð leirstyttunnar lauk 1979 hafi ekkert komið fram sem þyki réttlæta nýja og frekari rannsókn á gerð hennar, sbr. 3. mgr. 76. gr. laga um meðferð opinberra mála. Enn fremur veki efni málsskjala, upplýsingar og ábendingar, ekki grunsemadir um að háttsemi löggreglumanna og stjórnenda í löggreglu, sem tóku við röngum sakargiftum á hendur Magnúsi, skráðu þær í löggregluskyrlur í janúar 1976 og beindu síðan rannsókn að honum og fleirum, kunni að vera refsiverð og slík háttsemi geti ekki leitt til löggreglurannsóknar. Jafnframt þessu er bent á að allar gjörðir löggreglu og rannsóknaraðila í Geirfinnsmálinu gagn-

vart Magnúsi lutu athugun og endurskoðun af hálfu dómstóla og þær séu ekki tilefni löggreglurannsóknar nú.

Skjal I/16

Í bréfi dagsettu 7. október 1999 krefst lögmaður Magnúsar að ríkissaksóknari endurskoði synjun sína og ákveði að umbeðin rannsókn fari fram. Annars liggi ekki annað fyrir umbjóðanda hans en að snúa sér til dómsmálaráðherra og óska eftir að hann beiti heimild sem er að finna í 2. mgr. 26. gr. oml., sbr. 2. gr. laga 84/1996, til að leggja til við Forseta Íslands að ákvörðunin verði felld úr gild og sérstakur saksóknari settur til að fara með málið. Auk þessa óskar lögmaðurinn sérstaklega eftir því að upplýst verði hvort embætti ríkissaksóknara hafi undir höndum þau gögn úr Keflavíkurannsókninni sem enn vanti.

Skjal I/17

Ríkissaksóknari svaraði þessu með bréfi dags. 25. október 1999. Þar er tilkynnt að höfnum um beiðni á opinberri rannsókn standi óhöggvið. Hvað varðar frekari gögn úr frumrannsókninni verði hvorki leitt líkum að því að þau séu til né hvar þeirra kunni að vera að leita, ef til eru.

Skjal I/18

Með bréfi, dags. 18. janúar 1999, og með tilvísun til bréfs frá 27. apríl s.á., óskaði lögmaður Magnúsar, með tilvísun til 2. mgr. 26. gr. laga 19/1991, sbr. 2. gr. laga nr. 84/1996, að dómsmálaráðherra, með atbeina Forseta Íslands, felli ákvörðun ríkissaksóknara úr gildi og setji sérstakan saksóknara til að fara með umbeðna rannsókn og þá einnig rannsókn á hvarfi þeirra gagna sem vanti úr Keflavíkurannsókninni.

Skjal I/21

Eftir að dómsmálaráðuneytið hafði leitað umsagnar ríkissaksóknara með bréfi dags. 24. nóvember 1999 ítrekaði lögmaður Magnúsar í bréfi dags. 30. maí 2000 fyrri kröfu um að dómsmálaráðherra leggi til við Forseta Íslands að ákvörðun ríkissaksóknara um að synja rannsóknarbeiðni Magnúsar verði felld úr gildi og að sérstakur saksóknari verði settur til að fara með mál þetta. Í millitíðinni hafði farið fram leit að hinum týndu gögnum í skjalasöfnum ýmissa stofnana í réttarvörlukerfinu. Fram komu af hálfu ríkissaksóknara líklegar skýringar á því hvers vegna umrædd gögn finnast ekki í dómsskjölum en engin skýring fannst á því hvað hafi orðið um gögnin eftir að þau voru tekin úr málinu við gerð "registurs" hjá því embætti. Hins vegar fannst lausblaðamappa hjá sýslumanninum í Keflavík sem talin var innihalda gögn úr Keflavíkurannsókninni.

Skjöl I/22 til I/37 og I/43

Með bréfi dags. 5. desember 2000 kynnti dómsmálaráðuneytið lögmanni Magnúsar það álit að ekki sé fyrir hendi heimild til að skjóta áðurgreindri synjun ríkissaksóknara um opinbera rannsókn til ráðherra á grundvelli 2. mgr. 26. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Þeirri beiðni var því hafnað. Hins vegar var greint frá þeim fyrirætlunun ráðherra að mæla fyrir frumvarpi til laga um breytingar á lögum um meðferð opinberra mála þar sem lagt verður til að unnt verði að skjóta til ráðherra ákvörðun ríkissaksóknara samkvæmt 4. mgr. 66. gr. Jafnframt kom fram að verði frumvarpið að lögum muni ráðuneytið taka mál Magnúsar til meðferðar að eigin frumkvæði á grundvelli breytttra laga sem varð raunin með lögum nr. 27/2001.

Skjal I/62

Eins og áður segir var undirrituð síðan skipuð þann 25. maí 2001 sem sérstakur saksóknari til að annast þessa rannsókn. Um miðjan september það sama ár kom síðan til liðs við undirritaða Baldwin Einarsson, löggreglufulltrúi hjá lögreglunni í Reykjavík. Vann hann eingöngu við rannsókn málsins til 1. desember 2001 þegar hann hvarf aftur til daglegra starfa sinna hjá lögreglunni. Síðan þá hefur hann unnið að rannsókninni eftir því sem færí hefur gefist.

II. Ýmis lögfræðileg álitamál varðandi rannsóknina

Rannsókn þessi hefur að mörgu leyti töluverða sérstöðu umfram hefðbundnar rannsóknir sakamála. Þar sem hún er sú fyrsta sem grundvallast á áðurgreindum breytingum á 66. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 hafa komið upp ýmis lögfræðileg álitamál. Má þar helst nefna réttarstöðu þeirra sem hafa verið kvaddir til skýrslugjafar.

Ákveðið var að fara þá leið að gefa öllum þeim, sem yrðu yfirheyrðir, réttarstöðu vitnis svo framarlega sem ekki lægi fyrir rökstuddur grunur, á því stigi er yfirheyrsla fór fram, að þeir hafi gerst brotlegir með þeim hætti að eiga á hættu að verða sakfelldir. Jafnframt því var gætt ákvæða 51. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Tilgangur löggreglurannsóknar er að afla nauðsynlegra gagna og upplýsinga svo handhafi ákærvalds geti ákveðið hvort höfða eigi opinbert mál eður ei. Þessi rannsókn nýtur hins vegar sérstöðu hvað þetta varðar. Ætla má að allar sakir, ef einhverjar eru, séu löngu fyrndar. Af þessu leiðir sú staðreynnd að þeir, sem hafa verið "bornir sökum" í opinberri umræðu um þetta mál, fá ekki tækifæri til að verja sig gegn ákæru. Í þess stað er afurð rannsóknarinnar skýrsla til dómsmálaráðherra og er því endanleg niðurstaða málsins ekki fengin með hefðbundnum hætti.

Sumir þeir, sem boðaðir voru til skýrslugjafar hreyfðu andmælum við þetta fyrirkomulag sem og rannsóknina sjálfa. Í upphafi skýrslutöku af Hauki Guðmundssyni þann 21. desember 2001 lagði lögmaður hans, Brynjar Níelsson, hrl., fram bréf til undirritaðrar þar sem fram kemur að Haukur telur rannsókn þessa beinast að því hvort hann hafi við rannsókn á hvarfi Geirfinns Einarssonar framið refsiverðan verknað. Með hliðsjón af því og greinargerð með 20. gr. laga nr. 36/1999 telur hann því að hann geti ekki annað en haft réttarstöðu grunaðs manns við rannsóknina.

Jafnframt þessu kom fram að Haukur væri samt sem áður reiðubúinn til að svara spurningum þótt hann fengi aðra réttarstöðu en stöðu sakbornings. Var í ljósi þessa undirstrikað við Hauk að hann hafi verið boðaður til skýrslugjafar sem vitni og var honum veitt sú réttarstaða.

Þess má geta að Brynjar hafði þegar ritað undirritaðri annað bréf, dags. 22. nóvember 2001, þar sem farið var nánar í afstöðu umbjóðanda hans til þessarar rannsóknar. Auk þessa höfðu þeir Brynjar og Gestur Jónsson, hrl., lögmaður Valtýs Sigurðssonar, einnig ritað undirritaðri sameiginlegt bréf þann 13. nóvember 2001 þar sem óskað var skýringa á markmiði rannsóknarinnar með hliðsjón af 66. gr. laga nr. 19/1991, hver væri réttarstaða umbjóðenda þeirra, þ.e. Hauks og Valtýs, og hvers konar rannsókn væri fyrirhuguð, þá sérstaklega hvert væri form hennar. Þessu var síðan svarað með bréfi þann 22. nóvember 2001.

Skjöl I/74 til I/76

Svipað hafði þá þegar gerst í skýrslutöku af Valtý Sigurðssyni þann 10. desember 2001 en þar lagði hann fram ítarlegt bréf þar sem hann krafðist réttarstöðu grunaðs manns. Í því sambandi vísaði Valtýr m.a. til aðdraganda þessarar rannsóknar þar sem því hafi verið ítrekað haldið fram af hálfu Jóns Steinars Gunnlaugssonar, hrl., og skjólstæðings hans, að við gerð leirmyndarinnar hafi verið beitt aðferðum sem gætu verið brot gegn XIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Máli sínu til stuðning benti Valtýr m.a. á 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, sbr. 1. mgr. 20. gr. stjórnarskrárinna, þar sem fram kemur fram sú grundvallarregla að maður, sem borinn er sökum um refsiverðan verknað, skuli eiga rétt til réttlátrar og opinberrar málsmeðferðar fyrir dómi. Hins vegar sé yfirlýst í þessu máli að ekki standi til að ákæra einn né neinn, enda sök vegna allra brota, sem kynnu að upplýsast, löngu fyrnd. Það sé einnig ljóst að ætlunin sé að saksóknari skili skýrslu um niðurstöðu rannsóknarinnar til dómsmálaráðuneytisins en slík málslok séu afar óvenjuleg. Ekki síst af þeirri ástæðu taldi Valtýr nauðsynlegt að réttarstaða hans yrði með framangreindum hætti. Jafnframt krafðist hann þess að við áðurgreinda skýrslugjöf til ráðuneytisins yrði gætt að skilja við málið með þeim hætti að það fái samrýmst áðurgreindri grein mannréttindasáttmálans. Í ljósi þessa var Valtýr veitt umbeðin staða sakaðs manns við skýrslutökuna.

Í upphafi skýrslutöku af Kristjáni Péturssyni þann 27. nóvember 2001 kvaðst hann vera ósáttur við þessa rannsókn. Í því sambandi vísaði hann til greinargerðar sem hann lagði fram við sama tækifæri. Í henni rekur hann aðkomu sína að rannsókninni á hvarfi Geirfinns og þáttöku sína við rannsókn á hinum svokallaða spíráþætti. Í niður lagi greinargerðarinnar víkur hann síðan að því að hvorki í sakadómi né í Hæstarétti hafi verið gerðar aðfinnslur á málsmeðferð starfsmanna löggreglustjórans í Keflavík. Jafnframt hafi ríkissaksóknari synjað um þessa rannsókn, enda væri hugsanleg brot löngu fyrnd, og ekki heimilt að mæla fyrir um opinbera rannsókn nema einhver yrði hugsanlega lögsóttur.

Auk þessa krafðist Kristján þess í greinargerðinni að sér yrðu sýnd ný gögn í málinu, ef einhver væru, er vörðuðu aðkomu hans að rannsókn málsins á sínum tíma þar sem það væri augljóst að það þyrfti upprifjunar við, enda orðið aldarfjórðungs gamalt. Að endingu segir Kristján eftirfarandi í umræddri greinargerð: "Óljós tilefni nýrra laga-ákvæða sem veita dómsmálaráðherra heimild til að fram fari rannsókn að því er virðist í einkapágu ákveðins einstaklings í andstöðu við vilja ríkissaksóknara og dómskerfisins í landinu er afar umdeildur gjörningur. Af málsmeðferð og framgangi málsins (m.a. framlögðum gögnum) ræðst afstaða mín".

Þess ber að geta að auk greinargerðarinnar lagði Kristján fram skjal með fimm spurningum undir yfirskriftinni "Spurningar um tilefni fyrirtöku". Þar var spurt um efnisleg rök fyrir því að hann væri kallaður til sem vitni í málinu og varð það að samkomulagi að undirrituð svaraði því síðar með skriflegum hætti. Var það gert með bréfi dags. 4. apríl 2002.

Skjal III/15.2

Þess má geta að auk lögmannna þeirra Magnúsar Leópoldssonar, Hauks Guðmundssonar og Valtýs Sigurðssonar kom Sigurður G. Guðjónsson, hrl., að málinu sem lögmaður Sigurbjörns Víðis Eggertssonar og voru lögmannirnir viðstaddir skýrslutökur sinna umbjóðenda.

III. Aðrar rannsóknir, dómar og afmörkun rannsóknarinnar

Rannsókn þessi er jafnframt sérstök þar sem um er að ræða rannsókn á ákveðnum hluta sakamáls sem átti sér stað fyrir rúnum aldarfjórðungi. Það sakamál hefur þar að auki þá sérstöðu að vera talið þegar mest rannsakaða sakamál hér á landi.

Ýmsar aðrar löggreglurannsóknir og formlegar dómsniðurstöður tengjast Geirfinnsmál-inu með beinum eða óbeinum hætti. Við núverandi rannsókn var nauðsynlegt að horfa til þeirra rannsókna og dómsniðurstaðna að hluta eða öllu leyti.

Fyrst má nefna hið svokallaða Guðmundarmál sem er oft nefnt í sömu andrá og Geirfinnsmálið og flestir þekkja. Þar næst má telja hinn svokallaða spírafátt í Geirfinnsmálinu. Sú rannsókn, sem fór fram á fyrri hluta árs 1975, leiddi til uppljóstrunar á umfangsmiklu smygli á áfengi til landsins með kaupskipum. Í kjölfar þeirrar rannsóknar komu fram ásakanir í garð rannsóknaraðila um ólöglegar rannsóknaraðferðir. Þær leiddu til löggreglurannsóknar að beiðni Hauks Guðmundssonar og Kristjáns Péturssonar og meiðyrðamáls gagnvart ritstjóra og ábyrgðarmanni Tímans þar sem ummælin voru dæmd ómerk og stefnda gert að greiða þeim miskabætur.

Dagana 5. september til 8. október 1979 rannsakaði Rannsóknarlöggregla ríkisins, sem þá var nýlega tekin til starfa, ætlað harðræði af hálfu rannsóknaraðila og fangavarða gagnvart sakborningum Geirfinnsmálsins á meðan þeir sátu í gæsluvarðhaldi í Síðumúlafangelsi.

Tilefni þeirrar rannsóknar má m.a. rekja til bréfa séra Jóns Bjarman, fangelsisprests, til dómsmálaráðherra frá 24. september 1976 og 30. maí 1978. Í þeim greinir hann frá upplýsingum um meint harðræði gagnvart gæsluvarðhaldsföngum í Síðumúlafangelsi. Í dómi Hæstaréttar í Geirfinnsmáli er m.a. vikið að hinu ætlaða harðræði. Þar er komist að þeirri niðurstöðu að ekki verið séð “að játningar ákærðu hafi verið fengnar með ólögmætum aðferðum þeirra, er fóru með rannsókn málsins”.

Þann 19. nóvember 1979 fór þáverandi lögmaður Magnúsar Leópoldssonar, Hafsteinn Baldvinsson, hrl., þess á leit við ríkissaksóknara að fram færi “ítarleg rannsókn á gerð leirmyndar þeirrar, sem gerð var að undirlagi löggreglunnar í Keflavík, þ.e. Hauks Guðmundssonar, löggreglumanns, í upphafi rannsóknar á hvarfi Geirfinns Einarssonar þann 19. nóvember 1974, og birt var í fjölmölum í nóvember 1974.”

Rannsókn þessi hófst síðan þann 26. nóvember 1979 hjá Rannsóknarlöggreglu ríkisins. Samkvæmt bréfi ríkissaksóknara til rannsóknarlöggreglustjóra ríkisins, dags. 21. nóvember 1979, átti rannsóknin að beinast að því hvort við gerð leirmyndarinnar hafi verið beitt aðferðum, er talist gætu brot gegn XIV. kafla almennra hegningarlaga 19/1940. Teknar voru skýrslur af ýmsum vitnum en einungis Haukur Guðmundsson, fyrverandi rannsóknarlöggreglumaður í Keflavík, hafði réttarstöðu grunaðs manns. Rannsókninni lauk síðan í mars 1980 og var ekkert aðhafst frekar í málínunum af hálfu ákæruvalds.

Skjöl II/1.2 til I/1.21

Ýmsar aðrar löggreglurannsóknir hafa verið tengdar Geirfinnsmálinu með beinum eða óbeinum hætti. Þar má fyrst nefna hið svokallaða Klúbbmál. Það hófst 1972 með því að upplýst var að áfengi án svokallaðra VH-merkinga hafði verið flutt í veitingahúsið

Klúbbinn úr áfengisútsölu ÁTVR við Lindargötu. Svo virðist sem þeirri rannsókn hafi ekki lokið fyrr en á árinu 1976 þegar gefin var út ákæra þann 27. febrúar á hendur Sigurbirni Eiríkssyni, eiganda veitingahússins, og Magnúsi Leópolddssyni, framkvæmdastjóra, fyrir skattsvik og bókhaldsbrot. Dómur var síðan kveðinn upp í því máli þann 20. desember sama ár.

Í blaðagrein í Tímanum þann 14. apríl 1976 voru þeir Haukur Guðmundsson, rannsóknarlöggreglumaður í Keflavík, og Kristján Pétursson, deildarstjóri í tollgæslunni á Keflavíkurflugvelli, m.a. bornir sökum um að hafa beitt meintum ólögmætum rannsóknaraðferðum við rannsókn á hinum svokallaða spírafætti Geirfinnsmálsins. Þann 10. maí sama ár fór ríkissaksóknari þess á leit við yfirsakadómarann í Reykjavík að sakarefni þau, sem fram komu í umræddri blaðagrein, yrðu rannsökuð. Var það í kjölfar tveggja bréfa þeirra Hauks og Kristjáns til ríkissaksóknara þar sem þeir fóru fram á slíka rannsókn. Það var síðan þann 28. desember 1977 að ríkissaksóknari gaf út opinbera ákæru á hendur ábyrgðarmanni Tímans fyrir brot gegn 108 gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með því að hafa birt umrædda grein sem þótti fela í sér móðganir og ærumeiðandi aðdróttanir um þá Kristján og Hauk út af starfi þeirra við rannsókn umræddra smyglmála. Var honum síðan gert að greiða þeim miskabætur auk þess honum var gert að birta niðurstöður dómsins í Tímanum þar sem talið var ósannað að ummælin hefðu sannleiksgildi. Í dómi Hæstaréttar, nr. 62/1979, frá 19. október 1981, var hinn áfrýjaði dómur staðfestur nema hvað fyrirsögn greinarinnar "Dýrlingur og James Bond Íslands" var ekki ómerkt.

Ávísanamálið svokallaða hófst síðla sumars 1976 og lauk um vorið 1978. Um var að ræða keðjutékkastarfsemi eins og hún var kölluð, þ.e. útgefendur innstæðulausra tékka nýttu sér þann langa tíma, sem tók í þá daga að greiðslujafna, þannig að þegar tékkinn barst að lokum viðkomandi reikningsbanka var búið að skapa næga innstæðu fyrir honum á viðkomandi tékkarékkingi með öðrum innstæðulausum tékka. Þannig náðu þáttakendur þessarar tékkakeðju að útvega sé töluvert fé en Sigurbjörn Eiríksson mun hafa verið einn þeirra en rannsókn á tékkanotkun hans í tengslum við Geirfinnsmálið mun hafa hrundið af stað þeirri rannsókn. Hins vegar virðist sem hún hafi aldrei leitt til útgáfu ákæru á hendur nokkrum þeirra sem voru grunaðir í málinu.

Í Huldumeyjamálinu eða handtökumálinu, eins og það hefur einnig verið nefnt, voru sex menn dæmdir til refsingar, þar af nokkrir starfsmenn bæjarfógetans í Keflavík. Sakarefnið var ólögleg handtaka ætlaðs sprútsala þann 6. desember 1976 í Vogum á Vatnsleysuströnd, öflun falsgagna og rangur framburður fyrir dómi. Tveir hinna dæmuðu áfrýjuðu til Hæstaréttar (sjá Hr.mál nr. 209/1979). Annar þeirra, Haukur Guðmundsson, var dæmdur í Hæstarétti þann 24. mars 1981 til að sæta 7 mánaða fangelsi en hann var talinn hafa undirbúið og stjórnað hinni ólöglegu handtöku. Síðan þá hefur verið orðrómur um að Haukur hafi beitt svipuðum rannsóknaraðferðum gagnvart Magnúsi Leópolddssyni. Af þeim sökum er minnst á þennan refsídóm á þessum vettvangi.

Sem dæmi um þetta má nefna bréf Jóns Oddssonar, hrl., verjanda Sævars Marinós Ciesielski til Þóris Oddssonar, vararannsóknarlöggreglustjóra, dags. 28. ágúst 1979. Þar er m.a. að finna eftirfarandi: "Við upphaf rannsóknar á hvarfi hr. Geirfinns Einarssonar, hafði með þá rannsókn að gera Haukur Guðmundsson, rannsóknarlöggreglumaður. Hann virðist nú orðinn uppvís að ólögmætum vinnuaðferðum við meðferð sakamála sbr. dóm í svonefndu "handtökumáli". Þykir mér því brýn nauðsyn

vera fyrir því, að kannaðar verði nánar starfsaðferðir hans í þessu máli m.a. vegna hversu einkennilega var staðið að rannsókn “Geirfinnsmálsins” í upphafi og í ljósi þeirra staðreynda er fyrir liggja í svonefndu “handtökumáli”. Þykir mér liggja beinast við að þessi rannsókn fari fram nú, enda ekki seinna vænna. Varðandi upphaf svonefndrar rannsóknar í “Geirfinnsmálínu” mætti nefna af því sem þarf að kanna, hvernig stóð á því að sú rannsókn vakti upp grunsemadir um Sigurbjörn Eiríksson og félaga, yfirlýsingar Hauks Guðmundssonar í fjöldum m.a. þar sem hann skýrir svo frá, að hann hafi ekki fyrir hvarf Geirfinns Einarssonar komið á heimili hans en síðar fullyrðir hann um aðstæður á heimilinu fyrir hvarfið í blaðaviðtali, hvernig var staðið að gerð styttu af svonefndum “Leirfinni”, hvernig stendur á því að ávísanir útg. af Geirfinni Einarssyni varðandi greiðslur í svonefndu “Spíramáli” liggja ekki fyrir. Fleira í þessu sambandi mætti nefna”.

Áðurgreint bréf er meðal gagna í rannsókn Rannsóknarlöggreglu ríkisins á ætluðu harðræði gagnvart sakborningum Geirfinns- og Guðmundarmála sem fór fram á árinu 1979 að beiðni Sævars Marinó Cieselski. Undirrituð ætlar ekki að fjalla neitt sérstaklega um þetta mál nema hvað fram kemur í því að fangaverðir hafi verið að stunda yfirheyrlur. Um það atriði er fjallað nánar á bls. 72 (2.6 –Yfirheyrlur fangavarða).

Fimm árum eftir hvarf Geirfinns Einarssonar, eða þann 19. nóvember 1979, óskaði Hafsteinn Baldvinsson, hrl., lögmaður Magnúsar Leópoldssonar, eftir því “að fram verði látin fara ítarleg rannsókn á gerð leirmyndar þeirrar, sem gerð var að undirlagi löggreglunnar í Keflavík, þ.e. Hauks Guðmundssonar, löggreglumanns, í upphafi rannsóknar á hvarfi Geirfinns Einarssonar þann 19. nóvember 1974, og birt var mynd af í fjöldum í nóvember 1974”. Segja má að um sé að ræða sama efni og í fyrsta rannsóknartilviki þeirrar rannsóknar, sem undirritaðri var falið að framkvæma, nema hvað leitast yrði við að útvíkka viðfangsefnið, þ.e. ekki einungis litið til gerðar styttunnar heldur einnig til aðdraganda þess að hún var gerð.

Áðurgreind rannsókn, sem sýndi ekki fram á neinn refsiverðan verknað, var síðan notuð sem hluti málsgagna í skaðabótamáli Magnúsar Leópoldssonar gegn fjármálaráðherra og ríkissaksóknara f.h. ríkissjóðs. Endanleg niðurstaða fékkst í því málí þann 3. mars. 1983 með dómi Hæstaréttar (mál nr. 127/1980). Athygli er vakin á niðurstöðum dóms Bæjarþings Reykjavíkur frá 29. apríl 1980, en þar stendur m.a. eftirfarandi: “Þegar yfir rannsókn þessa sakamáls er litið, verður ekki séð, að um aðra kosti hafi verið að ræða en hneppa þessa menn í gæsluvarðhald og rannsaka, hvaða hugsanlega hlutdeild þeir hafi getað átt í verknaðinum. Það tókst að upplýsa um sakleysi þeirra að lokum, en það tók sinn tíma, og verður ekki séð, að þar hafi átt sinn þátt nokkur mistök eða gáleysi rannsóknarmanna, sem skapi ríkissjóði aukna bóta-ábyrgð gagnvart þessum mönnum. Menn eru varnarlausir fyrir slíkum sakaráburi, og er meinsæri því meiri háttar afbrot í almennum hegningarlögum, og liggur við því allt að 16 ára fangelsisrefsing, hafi brotið haft eða verið ætlað að hafa í för með sér velferðarmissi, eins og hér var raunin á”.

Skjal II/3.5.1

Í sömu niðurstöðum má einnig finna eftirfarandi varðandi gerð leirmyndarinnar: “Er þá ekki fallist á með stefnanda, að i ljós sé leitt, að leirmyndin, sem gerð var að undirlagi Hauks Guðmundssonar löggreglumanns í upphafi rannsóknar á hvarfi Geirfinns Einarssonar, hafi verið gerð sérstaklega eftir mynd af stefnanda og átt að líkjast honum”.

Eins og sést hafa dómstólar þegar tekið afstöðu til hluta rannsóknartilvika nr. 1 og 2 í minni rannsókn, þ.e. annars vegar gerðar leirmyndar, sem byggð var á lýsingu vitna á manni sem kom í Hafnarbúöina í Keflavík þann 19. nóvember 1974, og hvernig var staðið að gerð hennar og hins vegar tildraga þess að nafn Magnúsar Leópoldssonar kom fram í rannsókn á Guðmundar- og Geirfinnsmálum sem leiddi til handtöku hans í janúar 1976, enda voru þau Sævar Marinó Ciesielski, Erla Bolladóttir og Kristján Viðar Viðarsson sakfelld fyrir rangar sakargiftir.

IV. Gagnaöflun

1. Bein rannsóknargögn

Við rannsóknina var eðli máls samkvæmt stuðst mjög við gögn Geirfinnsmálsins. Um er að ræða 13 pappakassa þar af tveir merktir sérstaklega embætti ríkissaksóknara. Í kössunum þrettán er að finna afrit af skjölum málsins, eins og þau voru lögð fyrir dóm, sem og ýmis vinnugögn rannsóknaraðila, þ.á.m. tölvugögn, tékka, ljósmyndir, minnismiða og handskrifuð gögn frá sakborningum. Einnig er að finna afrit úr hinum svokallaða spíraþætti ásamt gögnum er tengast öðrum mannshvörfum um svipað leyti. Auk þessara gagna fóru rannsóknaraðilar tvívegis yfir gögn embættis ríkissaksóknara, bæði gögn Geirfinnsmálsins sem og gögn varðandi endurupptökubeiðnir.

Tekið skal fram að ekki var stuðst við nein málsgögn úr Guðmundarmálinu svokallaða enda er það mál ekki talið tengjast viðfangsefni núverandi rannsóknar með beinum hætti.

2. Óbein rannsóknargögn

Vegna rannsóknarinnar kynntu rannsóknaraðilar sér ýmis skrif um Geirfinnsmálið, bæði í formi bóka og tímaritsgreina. Þar að auki var farið yfir dagblöð frá hvarfi Geirfinns fram á mitt ár 1995 og blaðaúrkippur í eigu Magnúsar Leópoldssonar lesnar en þær ná allt frá handtöku hans til dagsins í dag. Segja má með sanni að blaðaúrkippur varpi ljósi á ýmislegt í málinu sem ekki er hægt að finna meðal rannsóknargagna. Einnig var farið yfir heimildarmyndina “Aðför að lögum” og önnur myndbönd og hljóðsneldur úr safni Magnúsar. Auk þessa var farið yfir gögn í tengslum við endurupptökubeiðni tveggja sakborninga Geirfinnsmálsins, eins og áður hefur komið fram, dóma svo og ýmsar bækur og tímaritsgreinar sem tengjast Geirfinns- og Guðmundarmálum.

3. Týndu gögnin

Eins og kemur fram í inngangi í kafla I virðist sem töluverðan hluta af hinni svokölluðu Keflavíkurannsókn vanti inn í hið endanlega sakamál. Við skoðun á hefti sem sagt er innihalda blaðsíður 3001 til 3471, sem eiga að vera úr hinni upphaflegu mannshvarfsrannsókn, má ætla að þar sé að finna öll gögn þeirrar rannsóknar. Við nánari athugun kemur í ljós að mappa þessi inniheldur einungis 33 blaðsíður. Um þetta hefur þegar verið fjallað að hluta til í inngangi í 1. kafla þessarar skýrslu. Þar er greint frá því að farið hafi fram leit að hinum týndu gögnum í skjalasöfnum ýmissa stofnana í réttarvörsþukerfinu.

Líklegasta skýringin að álti vararíkissaksóknara er sú að gögnin hafi verið tekin úr málinu við gerð “registurs” hjá því embætti. Hins vegar er engin skýring fyrirliggjandi á því hvað hafi orðið um þessi gögn en svo virðist sem rannsóknarnefnd Reykjavíkur, sem síðar er gerð grein fyrir í skýrslunni, hafi lítið sem ekkert stuðst við þessi gögn í sinni rannsókn á manndrápsmálinu. Þó er ljóst að gögnin hafi að endingu ratað inn í rannsóknargögn eins og þau voru send ákæruvaldi, blaðsíðutalið bendir eindregið til þess.

Vegna þessa hafa rannsóknaraðilar leitað til Þjóðskjalasafns til að freista þess að hafa uppi á þessum gögnum. Starfsmenn safnsins hafa m.a. yfirfarið ýmis óflokkuð skjöl frá Sakadómi Reykjavíkur en án árangurs. Jafnframt þessu hefur verið farið yfir innihald fjögurra kassa með gögnum frá Sakadómi Reykjavíkur er voru geymdir í

kjallara Dómhússins við Laekjartorg. Þessir kassar reyndust m.a. innihalda tvær fylgiskjalamöppur frá Glaumbæ / Klúbbnum auk afrits af hinu svokallaða Klúbbmáli. Þar er væntanlega um að ræða kassa þá sem getið er í bréfi dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur til domsmálaráðuneytis, dags. 17. janúar 2000, en um er að ræða svar við fyrirspurn ráðuneytisins til ýmissa stofnana um frumrit eða afrit gagna úr rannsókn löggreglunnar í Keflavík á hvarfi Geirfinns Einarssonar.

Skjal I/25 til I/32

Til að reyna að varpa einhverju ljósi á hvað týndu gögnin kynnu að innihalda var farið yfir tölвуútprentanir sem er að finna meðal málsgagna en svo virðist sem sú tölvuvinnsla málsins hafi farið fram á vegum rannsóknarnefndar Reykjavíkur. Samkvæmt yfirliti Baldvins Einarssonar, löggreglufulltrúa, sem er grundvallað á upplýsingum úr áðurgreindum tölвуútprentunum virðist sem megnið af hinum týndu gögnum tilheyri hinum svokallaða spíraþætti, eða samtals 184 blaðsíður, afrit af þeirri rannsókn var meðal rannsóknargagna. Eftir standa 222 blaðsíður sem finnast hvorki í afriti né frumriti. Hins vegar virðist sem þó nokkuð að þeim gögnum, sem eru í lausblaðamöppu er fannst í Keflavík nýverið, geti passað inn í þá mynd (sjá lið 4 hér síðar í þessum kafla). Eftir að hafa borið efni þeirra gagna saman við upplýsingar úr umræddum tölвуútskriftum er hugsanlega haegt að fækka tölu þeirra blaðsíðna, sem vantar úr Keflavíkurannsókninni, úr 222 niður í 184 bls. Aðrar blaðsíður úr manns-hvarfsrannsókninni í Keflavík virðast vera í endanlegum gögnum manndrápsmálsins.

Við lestar áðurgreindra tölvgagna má einnig gera sér grein fyrir hvað sé að finna á þessum blaðsíðum. Virðast þær fjalla um ýmsa einstaklinga sem taldir eru líkjast leir-myndinni sem gerð var að frumkvæði löggreglunnar í Keflavík og birt var í fjöldum 26. nóvember 1974. Enn fremur virðast þær snúast töluvert um viðtöl sem löggreglan í Keflavík átti við fyrrverandi starfsfélaga Geirfinns. Auk þessa er að finna ummerki um sérstaka rannsókn á fundi fjögurra manna í Hafnarbúðinni einhverjum dögum fyrir hvarf Geirfinns.

Upphaf þessa anga Geirfinnsmálsins má finna í skýrslu Kristjáns Péturssonar, deildarstjóra í tollgæslunni á Keflavíkurflugvelli, frá 13. febrúar 1975. Svo virðist sem rannsókn á þessum afmarkaða þætti hafi verið unnin hratt og einungis á nokkrum dögum miðað við ummerki í tölvgögnum. Í því sambandi var m.a. rætt við eigendur og starfsmenn KR-verktaka, eða Vélaleigu Kristófers Reykdal, eins og hún er einnig nefnd. Við nánari athugun á þessum þætti málsins hefur komið í ljós að eigandinn, sem heitir nú Kristófer Magnússon og er búsettur í Noregi, tengist sakborningunum með óbeinum hætti. Um þetta er fjallað nánar í á bls. 58 hér á eftir (1.19 – KR-vinnuvélar).

Athyglisvert er að meðal nafna sem virðast sannarlega tengjast KR-verktökum kemur fyrir nafnið Jón Waltersson, en Jón Þorvaldur Waltersson er eigandi Mercedes Benz bifreiðar sem talið var að sakborningarnir hafi ætlað að nota til að flytja smyglað áfengi frá Keflavík til Reykjavíkur kvöldið sem Geirfinnur hvarf. Svo virðist sem um sé að ræða sama einstakling en ekki er vitað með vissu hvort eða hvernig hann gæti tengst þessum rannsóknarþætti. Það kemur hins vegar fram að rætt var við hann varðandi bifreiðaeign og því getur tilviljun hafa ráðið því að skýrsla um þá rannsóknar-aðgerð hafi lent nálægt gögnum um KR-verktaka. Hins vegar er ekki að sjá að teknar hafi verið almennt skýrslur af eigendum sendiferðabifreiða í Keflavíkurannsókninni.

Undirrituð hefur þó ekki látið rannsaka þetta atriði nánar þar sem það er mat hennar að þetta liggi utan viðfangsefnis þessarar rannsóknar. Þó þykir rétt að geta þessa.

4. Viðbótargögn úr Keflavík

Við leit löggreglunnar í Keflavík í skjalageymslum löggreglunnar og sýslumanns-embættisins að gögnum tengdum Geirfinnsmálinu þann 7. janúar 2000 fannst lausblaðamappa, sem merkt er Geirfinnsmál, og reyndist innihalda minnispunkta og vinnugögn lögreglu í tengslum við Keflavíkurannsóknina svokölluðu og rannsókn á “spíraþættinum”.

Skjal I/33.1

Í þessari lausblaðamöppu er m.a. að finna skjal með yfirschriftinni “Ábendingar á eftir-talda menn hafa borist til löggreglunnar í Keflavík”. Um er að ræða lista, dagsettan 29. nóvember 1974, með nöfnum 73 manna ásamt heimilisföngum og öðrum upplýsingum um viðkomandi. Athygli vekur að Magnús Leopoldsson, framkvstj. Klúbbsins, er annar á þeim lista. Strikað hefur verið undir nafn Magnúsar og örfárra annarra ein-staklinga á listanum. Hins vegar hefur verið sett “mínus”-tákn fyrir framan nafnið.

Skjal II/1.50

Á skjalinu “Upplýsingar úr bók 2” frá 27. nóvember 1974 er m.a. að finna eftirfarandi athugasemd: “Hörður Barðdal, Vesturbergi 54, Reykjavík, bendir á Magnús Leopoldsson, fyrrv. framkvæmdastj. Klúbbsins við Lækjarteig”. Hörður hefur verið yfirheyrður um þetta og kannast hann við að hafa hringt til lögreglu í framhaldi af umræðu á vinnustað sínum hjá Tollstjóranum í Reykjavík. Sjá nánari umfjöllun um þetta á bls. 47 hér á eftir (1.15 - Ábendingar).

Skjal II/1.44

5. Önnur ný gögn og upplýsingar

Leitað var til nokkurra löggregluembætta varðandi frekari gagna- og upplýsingaöflun. Þar má fyrst nefna löggregluna í Keflavík sem heimilaði undirritaðri fullan aðgang að dagbókum hennar frá þeim tíma sem hér er til skoðunar. Í ljós kom að nokkrum dögum fyrir hvarf Geirfinns, eða þann 15. nóvember 1974, var löggreglunni í Keflavík tilkynnt um töluvert magn af spíra sem hafði rekið á land á Vatnsleysuströnd. Ásamt því að finna og ljósrita úr dagbókinni aðstoðaði lögreglan í Keflavík við að útvega undirritaðri ljósrit af skýrslum vegna þessa spírareks.

Auk þessa var leitað til löggreglunnar á Hvolsvelli. Tilefnið var annars vegar að kanna með frekari gögn eða upplýsingar vegna leitar lögreglu að Mercedes Benz sendibifreið að Stóra Hofi þann 10. febrúar 1975. Hins vegar var tilgangurinn að kanna nánar með skýrslutöku eða viðtal lögreglu við Jón Grímsson sem talið er hafa farið fram á löggreglustöðinni í Sigöldu þann 26. nóvember 1974. Um þetta atriði er fjallað í sérstaklega á bls. 56 (1.18 – Jón Grímsson og tilkall hans til að vera Leirfinnur).

Haft var samband við löggregluna í Borgarnesi í svipuðum erindagjörðum, þ.e. til að kanna hvaða gögn, eða aðrar heimildir, væru þar til staðar varðandi leit að sendibifreið við Hreðavatnsskála. Auk þess sem lögreglan í Akranesi kannaði sínar dagbækur varðandi mann sem hafði sést þar í bæ og líktist leirmyndinni.

Einnig má geta þess að farið var sérstaklega yfir dagbækur Síðumúlafangelsis á þeim tíma sem Magnús sætti gæsluvarðhaldinu.

V. Yfirheyrlur

Við skýrslutökur af vitnum komu upp ýmis vandkvæði. Þó má segja að aldur málsins hafi vegið þyngst á vogarskálunum hvað þetta varðaði. Svo virtist sem tregðu gætti hjá nokkrum vitnanna að gefa skýrslu vegna þessa, annað hvort af ótta við að greina rangt frá málsatvikum eða til að koma sér undan að tengjast málínu frekar. Af þeim sökum höfðu sumir þeirra uppi fyrirvara varðandi áreiðanleika síns framburðar. Svo langt gekk þetta hjá sumum að eitt vitnanna bar fyrir sig nánast algjört minnisleysi. Hins vegar má almennt segja að flestir viðmælenda okkar tóku vel beiðni um að gefa skýrslu í málínu og reyndu eftir fremsta megni að rifja upp málsatvik þannig að þeirra vitneskja gæti komið að sem mestum notum.

Í rannsókn þessari voru skýrslur teknar af eftirtöldum:

Ásmundur Steinar Guðmundsson, fyrrverandi yfirlöggregluþjónn í Kópavogi,
Ásta Elín Grétarsdóttir, sjónarvottur í Hafnarbúðinni,
Eggert N. Bjarnason, fyrrverandi rannsóknarlöggreglumaður í Reykjavík,
Einar Gunnar Bollason, sem sætti gæsluvarðhaldi í 105 daga,
Ellert Skúlason, vinnuveitandi Geirfinns Einarssonar,
Georg Valentínsson, vinur Geirfinns Einarssonar,
Guðlaug Konráðs Jónasdóttir, starfsstúlka í Hafnarbúðinni,
Guðný Sigurðardóttir, ekkja Geirfinns Einarssonar,
Hallvarður Einvarðsson, fyrrverandi ríkissaksóknari,
Haukur Guðmundsson, fyrrverandi rannsóknarlöggreglumaður í Keflavík,
Hörður Barðal, sem var með ábendingu á Magnús Leópoldsson v/ leirhöfuðs,
John Earl Kort Hill, rannsóknarlöggreglumaður í Keflavík,
Jón Grímsson, sem telur sig hugsanlega vera "Leirfinn",
Kjartan Sigtryggsson, fyrrverandi löggreglumaður í Keflavík,
Kristján Pétursson, fyrrv. deildarstjóri hjá tollgæslunni á Keflavíkurflugvelli,
Magnús Gíslason, sem teiknaði myndir af manninum í Hafnarbúðinni,
Magnús Leópoldsson, sem sætti 105 daga gæsluvarðhaldi,
Ríkey Ingimundardóttir, myndlistarkona og höfundur leirmyndarinnar,
Rúnar Sigurðsson, rannsóknarlöggreglumaður í Reykjavík,
Sigríður Helga Georgsdóttir, sjónarvottur í Hafnarbúðinni,
Sigurbjörg Jóna Árnadóttir, sjónarvottur fyrir utan Hafnarbúðina,
Sigurbjörn Víðir Eggertsson, þá ranns.lögr.maður, síðar aðst.yfirlöggregluþj.,
Skarphéðinn Njálsson, lögr.varðstj. í Reykjavík, þá löggreglumaður í Keflavík,
Valdimar Olsen, sem sætti 105 daga gæsluvarðhaldi,
Valtýr Sigurðsson, heraðsómarí, þá löglærður fulltr. hjá bæjarfög. í Keflavík,
Þórður Ingimarsson, vinur Geirfinns Einarssonar, og
Örn Höskuldsson, hrl., þá fulltrúi yfirsakadómarrans í Reykjavík.

Allir þessir aðilar höfðu réttarstöðu vitnis, sbr. 51. gr. oml. 19/1991, nema Valtýr Sigurðsson, sem krafðist þess að hafa réttarstöðu sakbornings. Flestar skýrslutökur fóru fram í gamla bæjarþingssalnum í Hegningaráhúsinu að Skólavörðustíg 9, Reykjavík. Þar að auki voru nokkrar skýrslur teknar af vitnum á löggreglustöðinni í Keflavík.

Þrátt fyrir töluverða eftirgangsmuni neitaði Guðmundur Agnarsson að gefa vitnaskýrslu hjá undirritaðri. Í október 2002 stóð til að boða Guðmund fyrir Héraðsdóm Austurlands til skýrslugjafar. Við undirbúning þeirrar málsmeðferðar

kom hins vegar í ljós að hann lést þann 2. júlí sl., þ.e. áður en tækifæri gafst til að taka af honum skýrslu.

Tengsl Guðmundar við mál þetta hafa töluverða sérstöðu meðal þeirra sem tengjast málínu þar sem hann greindi ættingjum frá aðild sinni að hvarfi Geirfinns. Um er að ræða svipaða sjóferðasögu og er að finna í fyrstu játningum manndrápsmálsins. Þetta leiddi til sérstakrar rannsóknar af hálfu Rannsóknarlöggreglunnar í Reykjavík dagana 22. og 23. október 1975. Um þetta er fjallað sérstaklega undir tölulið 2.1 – Frásögn Guðmundar Agnarssonar á bls. 63 hér á eftir.

Ekki tókst að taka skýrslu af tveimur vitnum sem eru búsett erlendis. Um er að ræða Magnús Magnússon, fyrrverandi rannsóknarlöggreglumann, sem er búsettur í Svíþjóð, en hann tók þátt í upphafi Reykjavíkurraðsóknarinnar, og Tryggva Bjarna Kristjánsson sem er talinn búsettur á Spáni sem greindi frá ætlaðri spírasölu Geirfinns Einars-sonar í skýrslutöku hjá rannsóknarnefnd Reykjavíkur þann 14. september 1976. Þar að auki stóð til að ræða við Vilhjálm Svanberg Helgason þann 9. janúar 2003. Hann hefur verið búsettur í Berlín undanfarin ár en foreldrar hans hafa ekkert heyrt frá honum í um eitt ár og ekki er vitað nánar um hans dvalarstað.

Þar að auki ræddi Baldwin Einarsson, löggreglufulltrúi, við eftirtalda aðila í síma:

Alexander Ólafsson, fyrirsvarsmaður malarnámu í Vatnsskarði
Einar Haukur Helgason, vitni í Keflavíkurraðsókninni
Einar Jónsson, verkstjóri í Búrfelli og Sigöldu
Guðrún Helgadóttir, sem hringdi í sérst. saksóknara vegna rannsóknarinnar
Jón Guðmundur Björnsson, vitni í Keflavíkurraðsókninni
Kristinn Lárusson, þátttakandi í leitinni að Geirfinni
Leif Nicolai Steindal, verkstjóri í Búrfelli og Sigöldu
Ómar Sigtryggsson, mágur Kristófers Reykdal (nú láttinn)
Sigurður Guðjónsson, þátttakandi í leitinni að Geirfinni
Sigurður Óttar Hreinsson, ökumaður sendibifreiðarinnar í Keflavíkurferðinni
Sigursteinn Másson, dagskrárgerðarmaður
Þórarinn Öfjörð Sigurðsson, vitni í Keflavíkurraðsókninni
Þórður Jónsson, starfsmaður í Sigöldu
Ýmsir sem tengdust upphafi Keflavíkurraðsóknarinnar

VI. Rannsóknartilvik

Rannsóknartilvik 1 – Aðdragandi þess að gerð var leirmynd, sem byggð var á lýsingu vitna á manni sem kom í Hafnarbúðina í Keflavík þann 19. nóvember 1974, og hvernig var staðið að gerð hennar.

1.1 Fyrri rannsókn á gerð leirmyndarinnar

Eins og áður hefur komið fram óskað þáverandi lögmaður Magnúsar Leópoldssonar, Hafsteinn Baldvinsson, hrl., með bréfi dags. 19. nóvember 1979, “að fram verði látin fara ítarleg rannsókn á gerð leirmyndar þeirrar, sem gerð var að undirlagi löggreglunnar í Keflavík, þ.e. Hauks Guðmundssonar, löggreglumanns, í upphafi rannsóknar á hvarfi Geirfinns Einarssonar þann 19. nóvember 1974, og birt var mynd af í fjölmíðum í nóvember 1974. Ríkissaksóknari taldi rétt að verða við þessari beiðni og beindist rannsókn RLR að því hvort við gerð leirmyndarinnar hafi verið beitt aðferðum, er talist gætu brot á XIV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Skjöl II/1.2 og II/1.3

Athygli vekur að í nefndu bréfi lögmanns Magnúsar greinir hann frá því að hann hafi þegar á árinu 1976 óskað eftir slíkri rannsókn. Rannsóknardómarinn Örn Höskulds-son tók beiðni hans vinsamlega, en þó var látið undir höfuð leggjast að rannsaka þetta atriði eins og lögmaðurinn orðar það. Þessa beiðni mun hann síðan hafa ítrekað í ársbyrjun 1977 en án árangurs.

Við rannsókn á þessu tilviki var ákveðið að túlka viðfangsefnið fremur rúmt, þ.e. að rannsaka alla þætti hinnar svokölluðu Keflavíkurannsóknar. Var því rætt við flesta þá sem komu að upphafi málsins og þannig reynt að varpa ljósi á hvað gerðist fyrstu dagana í mannshvarfsrannsókninni. Jafnframt var tilurð leirmyndarinnar könnuð aftur þrátt fyrir áðurgreinda rannsókn RLR sem hófst í lok árs 1979.

1.2 Lögreglan í Keflavík

Meðal gagna, sem Magnús Leópoldsson hefur lagt fram vegna þessarar rannsóknar, er spurningalisti, dags. 16. maí 2000, sem skiptist í 9 kafla og inniheldur hver þeirra mismunandi fjölda spurninga. Við núverandi rannsókn hefur m.a. verið litið til þessa lista. Í fyrsta kafla listans er vikið að stjórн löggreglunnar í Keflavík, skipulag og fleira á þeim tíma sem Keflavíkurannsóknin átti sér stað.

Skjal I/43.1

Vegna þessa ritaði undirrituð Sýslumanninum í Keflavík bréf þann 10. október 2001 þar sem óskað var eftir upplýsingum og gögnum í 6 töluliðum. Í svarbréfi hans frá 24. október 2001 kemur m.a. fram að skipurit fyrir embættið er ekki til frá þessum tíma. Sýslumaður gerir síðan grein fyrir yfirstjórn embættisins en þar er hins vegar ekki að finna svar við þeirri spurningu hverjur báru stjórnunarlega ábyrgð á rannsóknarlöggreglu, þ.e. hvort hún laut stjórн yfirlöggregluþjóns eða annarra starfsmanna embættisins. Í þess stað er vísað til bréfa bæjarfógeta til dómsmálaráðuneytisins, dags. 13. desember 1974, og bréfs sama ráðuneytis til bæjarfógetans, dags. 4. júní 1975.

Í fyrnefnda bréfinu er gerð grein fyrir þeirri ákvörðun að fela Hauki Guðmundssyni, rannsóknarlöggreglumanni, að vinna áfram eingöngu að rannsókn málsins um óákveðinn tíma. Í síðarnefnda bréfinu er síðan fjallað um þá ákvörðun að Haukur taki við

sínu venjulega starfi frá 2. júní að telja og er í því sambandi vísað til samræðna bréfritara og Valtýs Sigurðssonar, fulltrúa bæjarfógeta.

Skjöl II/1.71 og II/1.72 til II/72.5

Eftirfarandi orðalag þáverandi bæjarfógeta í bréfinu vekur sérstaka athygli: "Eðli þessa dularfulla hvarfs er þannig, að ó afsakanlegt væri, að draga úr rannsókninni eða hætta henni með öllu. Til þess er þrýstingur almennings og fjölmíðla um áframhaldandi aðgerðir of miklar. Saksóknari ríkisins, sem ég hefi átt tal við um málið, telur einnig, að ekki sé unnt, að vinna þetta verk með öðrum tilfallandi störfum fyrir einn mann, án þess að hann helgi sér það eingöngu".

Í skýrslutöku þann 10. desember 2001 kom fram hjá Valtý Sigurðssyni að vegna samskiptaörðugleika milli bæjarfógetans og yfirmanna lögreglunnar í Keflavík hafi hann m.a. haft það hlutverk sem löglærður fulltrúi við embætti að annast opinberu málin. Hann sá því um öll boðskipti og stjórnun lögreglunnar fyrir hönd bæjarfógetans.

~~Valtýr var hins vegar með starfsstöð að Vatnsnesvegi 33 en lögreglustöðin var á þeim tíma við Hafnargötu í Keflavík.~~ Hann flutti hins vegar starfsstöð sína á lögreglustöðina fljóttlega eftir að málið hófst til að vinna að því ásamt þeim Hauki Guðmundssyni og John E. K. Hill sem þá unnu í rannsóknardeild embættisins.

1.3 Upphof Keflavíkurrannsóknarinnar

Eitthvað virðist á reiki hvenær lögreglan í Keflavík hóf rannsókn sína á hvarfi Geirfinns. Valtýr Sigurðsson minnist þess þegar Haukur Guðmundsson kom að máli við hann þann 20. nóvember 1974, þ.e. daginn eftir að Geirfinnur hvarf, og greindi honum frá sérkennilegum kringumstæðum þessa mannshvarfs. Þar sem Valtýr var minnugur annarra mannshvarfa um svipað leytti, sem höfðu að hans mati lítið verið rannsokuð, nefndi hann m.a. af þeiri ástæðu að þetta mál þyrfti að taka föstum tökum, það dygði ekki að láta einungis sporhund leita að Geirfinni.

Þegar Haukur Guðmundsson var yfirheyrður þann 21. desember 2001 taldi hann í fyrstu að það hafi verið að morgni miðvikudagsins 20. nóvember 1974 að vinnuveitandi Geirfinns, Ellert Skúlason, hafi komið á lögreglustöðina í Keflavík og tilkynnt um hvarf Geirfinns. Eftir nánari umhugsun og umfjöllun um málið taldi hann hugsanlegt að þetta gæti hafa gerst 21. nóvember. Þetta er í samræmi við ódagsetta yfirlitsskýrslu Hauks þar sem hann segir í upphafi hennar að honum hafi borist tilkynning um hvarfið fimmtudaginn 21. nóvember 1974 kl. 09.

Undirrituð telur þó hins vegar ýmislegt renna stoðum undir að hvarfið hafi verið tilkynnt lögreglu á miðvikudeginum. Auk vitnisburða Valtýs Sigurðssonar og annarra vitna, sem segja að hvarfið hafi verið tilkynnt þann 20. nóvember 1974, má vísa til dagbókar lögreglunnar í Keflavík en þar er að finna eftirfarandi bókun fimmtudaginn 21. nóvember 1974: "Kl. 09:20 fóru nr. 3 og nr. 7 til Sandgerðis í 03, v. Upplýsingaöflunar um hvarfs mannsins Geirfinns Einarssonar, Brekkubraut 15, Keflavík, fd. 7/9 1942, sem saknað er frá því kl. 22:30 s.l. þriðjudagskvöld, en þá hafði hann farið að heiman í bifreið sinni Ö 1577. Fannst bifreiðin mannlaus í gær við versl. Járn og Skip. Hafin er leit að Geirfinni á vegum björgunarsveitarinnar Stakks".

Þess má geta að Ellert Björn Skúlason, vinnuveitandi Geirfinns, taldi í skýrslutöku þann 19. apríl 2002 líklegra að hann hafi tilkynnt lögreglu um hvarf Geirfinns að

kvöldi miðvikudagsins 20. nóvember 1974 en ekki á fimmtudagsmorgninum. Jafnframt telur hann að sporphundur hafi verið fenginn til leitarinnar þennan sama dag.

Þar að auki virðist sem lýst hafi verið eftir Geirfinni í útvarpi kl. 09:30 og kl. 12:00 fimmtudaginn 21. nóvember 1974 ef marka má blað, sem er meðal gagna úr Keflavíkurannsókninni (bls. 3141), en á því er þessi tilkynning eða eftirlýsing frá löggreglunni í Keflavík auk þess sem áðurgreind dagsetning og tímasetningar hafa verið handritaðar inn á blaðið.

Þess má geta að við dómsmeðferð málsins er hins vegar miðað við að eiginkona Geirfinns hafi skýrt Ellerti frá því síðdegis á miðvikudeginum að Geirfinnur hafi ekki komið heim um nöttina en hann hafi síðan haft samband við lögregluna í Keflavík næsta morgun og hafi rannsókn málsins hafist þá þegar.

Haukur mundi ekki atburðarás fyrstu daga rannsóknarinnar í smáatriðum en hins vegar var fljótlega farið að grennslast fyrir um ferðir Geirfinns og leitað að honum. Þá komu í ljós dularfullar kringumstæður við hvarfið, þ.e. frásögn Þórðar Ingimarssonar um stefnumót Geirfinns við óþekkta aðila og símhringingu til Geirfinns eftir að hann kom frá Hafnarbúðinni. Var því lögð áhersla á að taka málið strax föstum tökum og afla sem gleggstra upplýsinga um ferðir Geirfinns og líklegra skýringa á hvarfi hans.

Varðandi þetta er rétt að geta skýrslutöku þann 3. október 2002 þar sem **Þórður Ingimarsson** var m.a. spurður um atburði þriðjudagskvöldsins 19. nóvember 1974. Fram kom hjá Þórði að hann hafi ætlað að fá Geirfinn með sér í bíó. Í ljós kom að Geirfinnur var upptekinn þetta kvöld þar sem hann þurfti að hitta einhverja við Hafnarbúðina. Eitthvað mun hann hafa sagt varðandi þennan fyrirhugaða fund sem Þórður upplifði sem fyrirslátt, þ.e. Geirfinnur hafi með öðrum orðum verið að segja honum að það kæmi honum ekki við hvað hann væri að gera þetta kvöld. **Hins** vegar tengdi Þórður ekki þetta framferði Geirfinns eða hans orð neinu sérstöku. Þórður bætti því jafnframt við að í fyrri framburðum hans hafi ekki komið nógu vel fram þetta með fyrirsláttinni, heldur hafi rannsóknaraðilar lagt meiri áherslu á að Geirfinnur væri að undirbúa sig undir að hitta einhverja óþekkta aðila sem kynnu að reynast honum hættulegir.

Að sögn Hauks fór öll upplýsingaöflun á fyrstu dögum rannsóknarinnar fram með óformlegum hætti og var ekkert haldið sérstaklega utan um þá upplýsingaöflun, sem þá fór fram, t.d. með upplýsingaskýrslum. Í lok þeirrar viku, sem Geirfinnur hvarf, var hins vegar farið út í að taka skýrslur af vitnum með einni undantekningu, þ.e. skýrslan af Þórði Ingimarssyni, sem Haukur taldi reyndar að hafi verið tekin þann 21. nóvember en hún er hins vegar dagsett 22. nóvember sem er ranglega sagður vera fimmtudagur. Undirrituð spurði Þórð sjálfan um þetta atriði og telur hann að skýrslan hafi verið tekin á föstudeginum.

Það hafi síðan verið fljótlega í rannsókninni að notast var við tvö lítil segulbönd, bæði við almenna upplýsingaöflun og jafnframt við skýrslutökur af vitnum á löggreglustöð og úti í bæ. Ritara hjá bæjarfógeta var síðan falið að vélrita upp skýrslur eftir þessum upptökum og skýrir það væntanlega hvers vegna það vantar undirskriftir undir þó nokkrar skýrslur Keflavíkurannsóknarinnar.

Fram kom hjá Hauki að flestir lögreglumenn embættisins hafi tekið þátt í rannsókninni með einum eða öðrum hætti. Hann hélt hins vegar utan um hana ásamt Valty Sigurðssyni sem stjórnaði rannsókninni sem fulltrúi bæjarfógetans. Sem dæmi um umfang rannsóknarinnar má nefna að lögreglumenn fóru m.a. upp í Sigöldu, til að ræða við fyrrum starfsfélaga Geirfinns úr Búrfelli og Sigöldu, og austur á Hérað til að kanna nánar uppruna og ætterni Geirfinns. Það megi því segja að þótt aðalbækistöð mannshvarfsrannsóknarinnar hafi verið á lögreglustöðinni í Keflavík hafi hún farið fram á mörgum stöðum, s.s. á skrifstofu bæjarfógetans, á lögreglustöðinni í Sigöldu og víðar. Einnig veittu ýmis önnur lögreglulið aðstoð. Auk þessa fengu þeir Haukur og Kristján aðstöðu á lögreglustöðinni í Reykjavík til rannsóknar á spíraþættinum svokallaða en um það er fjallað undir lið 1.17 – Rannsókn á lögreglustöðinni í Reykjavík sem er að finna á bls. 54 í skýrslu þessari.

1.4 Sjónarvottar í Hafnarbúðinni

Ýmislegt hefur verið á reiki varðandi sjónarvottana í Hafnarbúðinni, hverjir þeir voru og hvað þeir sáu. Stúlkurnar í Hafnarbúðinni, eins og sjónarvottarnir hafa verið nefndir, var í raun einungis ein afgreiðslustúlka, Guðlaug Konráðs Jónasdóttir, en ekki tvær eins og kemur oft ranglega fram í opinberri umfjöllun um málið. Hins vegar var 16 ára stúlka, Ásta Grétarsdóttir, stödd í Hafnarbúðinni ásamt Sigríði Georgsdóttur sem var þá rétt tæplega 15 ára gömul en svo virðist sem rannsóknaraðilar hafi lítið sem ekkert byggt vitneskju sína á hennar frásögn vegna ungs aldurs. Þrjú önnur vitni, sem gáfu sig fram við lögreglu eftir að auglýst hafði verið eftir sjónarvottum í fjölmilunum, virðast lítið hafa gagnast rannsókninni.

Fram hefur komið að Guðlaug, sem er mun eldri en aðrir sjónarvottanna í Hafnarbúðinni, hafi verið mun ákveðnari en hinir við lýsingu á manninum sem kom til að hringja. Hins vegar vekur það eftirtekt að á nokkrum stöðum í málinu greinir hún frá því þegar hún sá aftur umræddan mann. Jafnframt er hún margsga varðandi það hver eða hverjir líkjast manninum. Sérstaka athygli vekur þó frásögn Guðlaugar um að hún hafi þekkt Sævar og Kristján Viðar áður en atvikið í Hafnarbúðinni átti sér stað og það hafi ekki verið sá síðarnefndi sem kom inn í Hafnarbúðina til að hringa þann 19. nóvember 1974.

Þetta kemur að vísu fram í málsskjölum Geirfinnsmálsins en í skýrslutöku hjá undirritaðri þann 8. október 2001 útskýrði hún nánar hvers vegna hún þekkti Kristján Viðar og Sævar og gat fullyrt þetta. Sævar kvaðst hún þekkja síðan hann bjó í Njarðvík ásamt móður sinni en Kristján Viðar kvaðst hún þekkja vegna skyldleika í gegnum föðurætt hans.

Guðlaug greindi jafnframt frá því að þeir Kristján Viðar og Sævar hefðu komið í Hafnarbúðina, ásamt einhverjum öðrum mönnum, nokkrum vikum áður en Geirfinnur hvarf. Þeir settust niður í rólegheitum og keyptu sér veitingar. Þar sem hún og Sævar hafi verið ágætlega málkunnug hafi hún spurt Sævar um hans ferðir og í hvaða "business" hann væri. Eithvað spjölluðu þau saman en um hvað mundi hún ekki en það samtal hafi verið þó á léttari nótum.

Í ljósi þessa sagði Guðlaug aðspurð útilokað að Kristján Viðar Viðarsson hafi verið maðurinn sem fékk að hringja í Hafnarbúðinni þann 19. nóvember 1974.

Strax á árinu 1977 komu fram ásakanir um að stuðst hafi verið við ljósmyndir af Magnúsi Leópolddssyni við gerð leirmyndarinnar. Í yfirheyrslu fyrir Sakadómi Reykjavíkur þann 20. maí það ár segir Guðlaug að “ekki hafi verið haft neitt samráð við sig við gerð leirmyndar af manni þeim, er kom í Hafnarbúðina umrætt sinn. Segir vitnið að sér hafi verið sýndar ýmsar myndir, m.a. af Magnúsi Leópolddssyni. Hafi það sagt viðkomandi löggreglumann, þ.e. Hauki Guðmundssyni, að maðurinn hefði ekki haft ósvipað höfuðlag og svip og Magnús, en það hafi þó engan veginn bent á hann. Kveðst vitnið hafa grunað, að við gerð leirmyndarinnar hafi verið miðað við mynd af Magnúsi, án þess að það væri á nokkurn hátt gert eftir ábendingu þess, því það hafi fyrst vitað um styttna eftir að hún hafði verið gerð og sá hana ekki fyrr en mynd birtist af henni í sjónvarpi”.

Skjal II/1.5

Í rannsókn RLR á tilurð leirmyndarinnar var tekin skýrsla af Guðlaugu þann 6. desember 1979. Þar ítrekar Guðlaug að ekkert samráð hafi verið haft við hana um gerð leirmyndarinnar og hún hafi ekki séð hana fyrr en eftir að hún var búin að sjá mynd af henni í blaði. Þá hafi hún “verið reið vegna þess að hún hafi séð að myndin var búin til eftir mynd af Magnúsi Leópolddssyni, en áður hafi verið búið að elta sig og sýna sér mynd af Magnúsi Leópolddssyni og spryja sig hvort hún væri ekki lik mannum sem kom inn í Hafnarbúðina til að hringja”.

Skjal II/1.8

Í sama framburði greinir Guðlaug frá því að Haukur Guðmundsson og Magnús Gíslason fréttaritari hafi verið að elta sig með myndir. Einnig hafi Kjartan Sigtryggsson komið til hennar. Þetta hafi staðið í marga daga og þeir komið margoft til hennar. Þessar myndir hafi verið af mörgum mönnum og af ýmsum stærðum og gerðum. Þarna hafi m.a. verið mynd af Magnúsi sem hún kannaðist við án þess þó að muna nafn hans. Þá hafi einhver greint henni frá því að þetta væri mynd af Magnúsi, sennilega Haukur.

Síðar í framburði sínum segir Guðlaug að Haukur hafi “gert meira af því að sýna sér myndir af Magnúsi Leópolddssyni og kveðst hún muna eftir a.m.k. 2 myndum af honum, önnur hafi verið í lit, en hin hafi verið svarthvít”. Þetta tiltekna atriði gæti samræmst því sem John Hill hefur greint frá í þessari rannsókn, sbr. næsta lið hér fyrir neðan.

Í skýrslutöku þann 8. nóvember 2001 kvaðst Ásta Elín Grétarsdóttir ekkert muna eftir atburðum í Hafnarbúðinni þann 19. nóvember 1974. Eina sem hún mundi var ferð heim til Ríkeyjar Ingimundardóttur að hún telur ásamt Sigríði Helgu Georgsdóttur. Þar var þeim sýnd umrædd leirmynd en hvað annað gerðist heima hjá Ríkeyju man hún ekki. Aðspurð kvaðst Ásta Elín ekki muna hvort þær gerðu einhverjar athugasemdir við leirmyndina og hún mundi ekkert eftir teikningum eða ljósmyndum.

Þess má geta að ýmsir framburðir Ástu í Geirfinnsmálínu og í leirhöfuðsrannsókninni frá 1979 voru bornir undir hana og kvaðst hún ekkert muna eftir þessari skýrslugjöf. Skjöl II/1.9, II/1.47, II/1.59 og II/1.64.1

1.5 Teikningar

Fljótlega eftir að rannsóknin hófst á hvarfi Geirfinns var þess freistað af rannsóknar- aðilum að gera andlitsmynd af mannum í Hafnarbúðinni. Ljóst er að þær Guðlaug og Ásta komu við sögu á gerð svokallaðrar raðmyndar hjá tæknideild rannsóknarlög-

reglunnar í Reykjavík og telur Haukur Guðmundsson að það hafi verið á laugardegnum eftir hvarf Geirfinns. Vitnin voru hins vegar ekki ánægð með útkomuna sem leiddi til þess að rannsóknaraðilar leituðu til þeirra Ríkeyjar Ingimundardóttur og Magnúsar Gíslasonar í sitt hvoru lagi til að gera teikningu af manninum.

Svo virðist sem gerðar hafi verið þó nokkrar teikningar eftir fyrirsögn Guðlaugar og Ástu og eitthvað virðast þau Ríkey og Magnús einnig hafa stuðst við lýsingar Sigríðar. Einungis tvær teikningar eru til staðar í dag, önnur eftir Ríkeyju og hin eftir Magnús. Virðist sem lögreglan hafi notast við teikningu Ríkeyjar þar sem á henni er að finna ritaða lýsingu á manninum í Hafnarbúðinni.

Skjöl II/1.19 til II/1.21

Fram kemur hjá Hauki að þær Guðlaug og Ásta voru báðar ósáttar við áðurgreinda raðmynd. Var því freistað að fá fram teikningu sem þær Guðlaug og Ásta yrðu sáttar við og í því sambandi var leitað til Magnúsar og Ríkeyjar. Hins vegar kunni hann enga skýringu á því hvers vegna var leitað til þeirra beggja. Taldi hann þó að leitað hefði verið fyrst til Magnúsar.

Í skýrslutöku hjá undirritaðri kom fram hjá Guðlaugu að lögreglan hafi ekki sýnt henni ljósmyndir strax eftir hvarf Geirfinns, það liðu einhverjur dagar þangað til það var gert, en hversu margir man hún ekki. Eftir nánari umhugsun taldi hún að það gætu hafa verið tveir til þrír dagar frá hvarfi Geirfinns þangað til lögreglan hafði aftur samband við hana og vildi láta gera teikningar eftir fyrirsögn hennar af þeim manni sem kom inn í Hafnarbúðina til að hringja.

Að sögn Guðlaugar var gerð teikning eða teikningar eftir hennar fyrirsögn og hún var ekki viss hver eða hverjur það voru sem gerðu þessar myndir. Hún taldi þó að hún hafi hitt teiknara, sem var karlmaður, á lögreglustöðinni í Keflavík. Einig hafi verið komið heim til hennar með teikningu til að láta lagfæra eftir hennar fyrirsögn en hana rámar í að það hafi verið lögreglumenn úr Keflavík sem hafi komið heim til hennar í þeim erindagjörðum. Auk þessa taldi Guðlaug að gerð hafi verið teikning eftir hennar fyrirsögn hjá rannsóknarlöggreglunni í Reykjavík.

Þó nokkra umfjöllun er að finna dagblöðum um teikningu sem gerð var í Geirfinnsmálinu. Sem dæmi má nefna frétt í Alþýðublaðinu þriðjudaginn 25. nóvember 1974 (25. nóvember er að vísu mánudagur) undir fyrirsögninni "Hvarf Geirfinns verður æ dularfyllra". Í fréttinni greinir Valtýr Sigurðsson frá því að maðurinn, sem Geirfinnur fór til fundar við, hafi ekki enn gefið sig fram þrátt fyrir ítrekuð tilmæli en hann sé talinn lykillinn að lausninni, hver svo sem hún er. Um teikningar segir eftirfarandi: "Nú hefur verið gerð teikning af þessum manni eftir lýsingu sjónarvotta og hefur teikningunni verði dreift á lögreglustöðvar. Þá er verið að gera módel af manninum í leir og sagði Valtýr aðeins dagaspursmál, hvenær lýst yrði eftir manninum í fjölmöldum með þessum teikningum ef hann ekki gæfi sig sjálfur fram".

Daginn eftir, þriðjudaginn 26. nóvember 1974, er greint frá því í frétt í Þjóðviljanum að lögreglan hafi góða lýsingu af manninum sem fékk að nota símann í Hafnarbúðinni og "hefur þegar látið teikna mynd af honum eftir lýsingunni. Verður hún birt í fjölmöldum innan tíðar, gefi maðurinn sig ekki fram".

Í Tímanum sama dag er spurt að því í fyrirsögn fréttar hvort afbrot sé að baki manns-hvarfinu í Keflavík. Í sömu frétt er haft eftir Hauki Guðmundssyni að “mjög nákvæm lýsing lægi fyrir af manninum, sem kom inn í Hafnarbúðina og fékk símann til afnota. Ekki væri talið ráðlegt að birta lýsinguna strax, þar eð enn væri beðið eftir því, að maðurinn gæfi sig fram”. Síðan er haft beint eftir Hauki: “Við höfum látið teikna þennan mann eftir lýsingum af honum, sem við höfum fengið og munum sennilega fá fjölmöglum teikninguna í hendur innan skamms, ef maðurinn gefur sig ekki fram af sjálfsdáðum, en löggreglumenn og ýmsir aðilar hafa hana þegar undir höndum. Þá má nefna að verið er að gera leirmynd af manninum, en að svo stöddu, er ekki hægt að segja neitt nánar um það verk, þar sem því er ekki lokið”.

Næsta dag, miðvikudaginn 27. nóvember 1974, er að finna frétt í Vísi undir fyrirsögninni “Upplýsingar streyma inn” í kjölfar birtingar leirmyndarinnar í sjónvarpinu kvöldið áður. Í fréttinni er m.a. sagt að teikning hafi verið gerð á föstudag af manninum en “afgreiðslukonurnar í Hafnarbúð voru ekki nógu ánægðar með hana. Töldu þær teikninguna ekki sýna manninn nógu vel, eins og þær mundu eftir honum. Hins vegar voru þær mun ánægðari með leirstyttru sem gerð var af manninum”.

1.6 Ljósmyndir

Ljóst er að á fyrstu dögum mannshvarfsrannsóknarinnar í Keflavík notaðist löggreglan við ljósmyndir af mönnum í samskiptum sínum við vitni. Í leirhöfuðsrannsókninni 1979 greindu þær Guðlaug Konráðs Jónasdóttir, sem var við afgreiðslustörf í Hafnarbúðinni umrætt kvöld, og Ríkey Ingimundardóttir, myndlistarkona, báðar frá ljósmyndum sem löggreglan var með þótt Ríkeyju bresti nú minni hvað þetta varðar. Í sömu rannsókn 1979 greindi einnig Magnús Gíslason, sem aðstoðaði löggregluna í Keflavík við að draga upp andlitsmyndir af manninum í Hafnarbúðinni ásamt Ríkeyju, frá ljósmyndum sem löggreglan var að sýna vitnum þegar hann hafði fyrst afskipti af málínu.

Magnús er að vísu tvísaga um fyrstu afskipti sín af málínu. Í rannsókn RLR á tilurð leirhöfuðsins greindi Magnús frá fyrstu afskiptum sínum af málínu. Það var þegar hann hafi komið inn í Hafnarbúðina, væntanlega laugardaginn 23. nóvember 1974. Kjartan Sigtryggsson, löggreglumaður í Keflavík, hafi þar verið að sækja vitni til að fara með til Reykjavíkur og láta þau skoða myndir hjá löggreglunni þar. Þá hafi Kjartan af fyrra bragði ámálgað við Magnús hvort hann gæti teiknað mynd eftir fyrirsögn vitnanna af manninum sem leitað var að.

Skjal I/1.10

Í viðtali við rannsóknarlöggreglumenn hjá rannsóknarnefnd Reykjavíkur þann 19. október 1976 greindi Magnús frá því að “daginn eftir hvarf Geirfinns að hann taldi, seinnihluta þess dags, hefði hann átt tal við Arnbjörn Ólafsson lækni í Keflavík, sem þá hefði sagt honum, að eitthvað væri athugavert við mannshvarf í Keflavík, en ekkert þó gefið meira til kynna.” Magnús greindi síðan rannsóknarlöggreglumönnum frá því að hann hafi haft samband við fréttastjóra Vísins sem hefði ekkert viljað gera í málínu.

Skjal I/1.62

Tilefni þessa viðtals mun hafa verið viðtal Vilmundar Gylfasonar við Karl Schütz þann 12. október 1976 þar sem m.a. kom fram að Sjöfn Traustadóttir, vinkona eiginkonu Geirfinns, hafi komið til Arnbjarnar Ólafssonar að morgni þann 20. nóvember. Bað hún hann um að gefa út lyfseðil upp á róandi lyf handa eiginkonu

Geirfinns vegna þess að hún teldi að eitthvað hafi hent hann. Tekið er sérstaklega fram í skýrslunni að þetta séu upplýsingar sem Arnbjörn lét Magnúsi Gíslasyni í té.

Í sama viðtali við Magnús þann 19. október 1976 greindi hann rannsóknarlöggreglumönnunum frá því að hann hafi aðstoðað löggregluna í Keflavík er dregin var upp mynd af þeim manni sem hringt hafði úr Hafnarbúðinni og við það hafi hann verið mikið hjá Guðlaugu Jónasdóttur. Þau einkenni, sem þar hafi komið fram, hafi hann síðan séð hjá nafngreindum vini Sjafnar.

Þar að auki hafði Magnús það eftir Jóni Birgi Péturssyni, fréttastjóra Dagblaðsins, að maður, sem hafði verið bókari á skrifstofu Klúbbsins, fullyrti að nafn Geirfinns hefði verið á nótum sem komið hefðu af börum í Klúbbnum. Þetta var kannað þremur dögum síðar í viðtali við Jón Birgi en ekki mundi hann hvar hann hafði heyrт þetta. Hins vegar hafi hann sagt Magnúsi frá þessu á skrifstofu DV.

Skjal II/1.63

Ósamræmis gætir í frásögnum Magnúsar Gíslasonar um ljósmyndir sem notaðar voru við rannsóknina í Keflavík. Í fyrri leirhöfuðsrannsókninni, sem hófst í nóvember 1979, greindi Magnús frá því að sama kvöld og vitnin fóru inn til Reykjavíkur til að skoða myndir hjá löggreglumáður sem hann mundi ekki hver var. Þeir voru með tvær ljósmyndir af manni sem vitnin töldu líkjast manninum sem leitað var að og einnig voru þeir með myndræmu af augum. Var Magnús beðinn um að teikna mynd eftir ljósmyndinni og fella inn á hana augnsvipinn af myndinni af augunum. Þessa mynd bar hann síðan undir Guðlaugu sem var ekki ánægð með svip myndarinnar og lýsti nánar einkennum í andliti mansins sem leitað var að. Á grundvelli þeirrar lýsingar gerði hann síðan aðra mynd.

Í sama framburði kveðst Magnús ekki þekkjamanninn sem var á ljósmyndinni sem löggreglan lagði fyrir hann en þar stendur orðrétt eftirfarandi: "Aðspurður um hvort sú mynd hafi verið af Magnúsi Leopoldssyni þá kveðst hann ekkert geta um það sagt, nema ef vera kynni að hann gæti skorið úr um það ef báðar myndirnar yrðu lagðar fyrir hann, það er sama myndin og honum var sýnd og einnig mynd af Magnúsi".

Í blaðaviðtolum á árinu 1997 og í sjónvarpsþáttunum "Aðför að lögum", sem voru frumsýndir um svipað leyti, greindi Magnús hins vegar frá því að löggregla hafi látið hann hafa ljósmynd af Magnúsi Leopoldssyni til að teikna eftir. Í DV þann 30. apríl 1997 er eftirfarandi haft eftir honum: "Það var Skarphéðinn Njálsson, þá löggreglumáður í Keflavík, sem rétti mér myndina sem ég átti að teikna eftir. Ég er sannfærður um að á myndinni sem hann sýndi mér var andlit Magnúsar Leopoldssonar. Eftir á að hyggja finnst mér ljóst að löggreglan vildi hafa teikninguna sem líkasta honum". Í sömu frétt lýsir Magnús því síðan með eftirfarandi hætti hvernig hann átti síðan að breyta myndinni af Magnúsi Leopoldssyni: "Ég átti að dekkja augabréðurnar og láta hárið slúta meira fram á ennið". Þar er einnig haft eftir honum að eftir að Geirfinns-málið komst í hámæli á ný, í tengslum við endurupptökubeiðni Sævars, hafi þá fyrst runnið upp fyrir honum hver sá maður væri á myndinni sem honum var afhent forðum – Magnús Leopoldsson, og hafi hann hrokkið við "þegar andlit hans birtist á sjónvarpsskjánum".

Skjöl II/1.28 til II/1.31

Í skýrslutöku hjá undirritaðri þann 14. nóvember 2001 er Magnús spurður um þetta atriði. Fram kemur hjá honum að skömmu eftir hvarf Geirfinns, væntanlega föstuginn 22. nóvember 1974, hafi Skarphéðinn Njálsson, löggreglumaður í Keflavík, komið heim til hans með ljósmynd sem var að sögn Skarphéðins úr safni rannsóknarlöggreglunnar. Hún var svarthvít, þó nokkuð stærri en vegabréfamyrndir, tekin beint framan á viðkomandi, en var ekki með neitt númer eins og er á ljósmyndum af sakmönnum og taldi Magnús að miðað við gæði ljósmyndarinnar, pappír og handbragð, gæti hún verið frá atvinnuljósmyndara.

Að sögn Magnúsar bað Skarphéðinn hann um að teikna inn á ljósmyndina þannig að hártoppurinn næði lengra niður á enni viðkomandi og hárið yrði aukið í vöngunum. Enn fremur bað hann Magnús um að teikna eftir ljósmyndinni andlitsmynd af viðkomandi þar sem þessar breytingar kæmu fram. Magnús gerði þetta og Skarphéðinn sótti ljósmyndina og teikninguna daginn eftir.

Magnús kvaðst í skýrslutökunni ekki vita hver átti hugmyndina að þessu, þ.e. hvort það hafi verið Skarphéðinn sjálfur eða einhver annar innan löggreglunnar. Hann taldi þetta hins vegar vera lið í einhverri aðferð hjá löggreglunni og spurði því einskis. Varðandimanninn á ljósmyndinni kvaðst Magnús ekki hafa þekkt hann. Það var ekki fyrr en um svipað leyti og Sigursteinn Másson tók við hann viðtal vegna sjónvarpsþáttanna “Aðför að lögum” að Magnús sá mynd af Magnúsi Leópoldssyni í sjónvarpi. Þá áttaði Magnús sig á því að umrædd ljósmynd hafi verið af honum.

Skarphéðinn Njálsson, nú varðstjóri hjá löggreglunni í Reykjavík, var m.a. spurður um þetta í yfirheyrslu hjá undirritaðri þann 14. nóvember 2001. Kvaðst hann minnast bess að hafa farið með umslag út í Garð til Magnúsar Gíslasonar en hver bað hann um það eða hvenær þetta gerðist mundi hann ekki. Hins vegar átti Magnús greinilega von á sendingunni, opnaði umslagið að honum ásjáandi og dró upp einhverjar ljósmyndir af manni eða mönnum sem Skarphéðinn þekkti ekki.

Aðspurður taldi Skarphéðinn að þeir hafi ekki rætt um það hvað Magnús ætlaði að gera við þessar ljósmyndir en hann vissi ekki þá að Magnús ætti að teikna myndir af manninum sem kom í Hafnarbúðina til að hringja. Jafnframt kvaðst Skarphéðinn ekki minnast þess að hafa séð myndræmu með umræddum ljósmyndum, t.d. af augnsvip eða álíka andlitshluta.

Þess má geta að áðurgreind frásögn Magnúsar Gíslasonar hefur verið dregin í efa í opinberri umræðu um þessi mál. Í Morganblaðsgrein Valtýs Sigurðssonar frá 31. október 1998 undir fyrirsögninni “Nokkur atriði um rannsókn Geirfinnsmálsins”, segir hann eftirfarandi: “Eðlilega hefur mikið verið fjallað í fjöldum um mál Magnúsar Leópoldssonar alla tíð frá 1976. Mér finnst því með ólíkindum að fréttamaðurinn Magnús Gíslason hafi uppgötvað það fyrir skömmu, þegar honum var sýnd ljósmynd af Magnúsi Leópoldssyni, að þetta hafi verið maðurinn sem hann var að teikna”.

Skjal I/17.1

Undirrituð ætlar ekki að leggja efnislegt mat á þessi orð Valtýs. Hún bendir hins vegar á að samkvæmt framburði Magnúsar Gíslasonar í fyrri leirhöfuðsrannsókninni má ætla að löggreglan í Keflavík hafi stuðst við ljósmyndir af einhverjum mönnum, án þess þó að gruna þá sérstaklega um að vera valdir að hvarfi Geirfinns, enda hafi verið

lítill tilgangur í að teikna upp grunaða af ljósmyndum og bæta síðan inn einhverjum atriðum. Ef menn hefðu talið Magnús Leópoldsson vera manninn sem kom í Hafnarbúðina hefði verið einfaldara að láta vitni bera kennsl á hann í sakbendingu eða á ljósmyndum.

John Hill, þá lögregluvarðstjóri en nú lögreglufulltrúi í Keflavík, minntist þess í skýrslutöku þann 9. nóvember 2001 að hafa séð ljósmyndir af ýmsum mönnum á borði Hauks Guðmundssonar, að hann telur áður en leirmyndin var gerð, enda hlaut leirmyndin að vera endapunkturinn á þessu ferli að hans sögn, þ.e. það þjónaði engum tilgangi að sýna fólk myndir af mönnum eftir að búið var að gera leirmyndina og sýna í fjöldum.

John taldi að ein þessara ljósmynda hafi verið af Magnúsi Leópoldssyni. Hann mundi einnig eftir stórri ljósmynd af frægum knattspyrnumanni, Baldvin að nafni. Hann gat hins vegar ekki fullyrt hvort hann þekkti Magnús og Baldvin strax á þessum ljósmyndum eða hvort hann fékk vitneskju um nöfn þeirra síðar. Hann var þó viss um að hafa séð Magnús Leópoldsson á ljósmynd á borði Hauks og líklega áður en leirmyndin var gerð.

Nánar um Magnús Leópoldsson sagði John að hann hafi jafnvel verið búinn að heyra nafn Magnúsar nefnt áður í sambandi við Klúbbinn, þ.e. í umræðu innan löggreglunnar í Keflavík um smygl á spíra sem átti að tengjast þeim veitingastað. Jafnframt sagði hann að þetta hafi verið mikið áhugamál hjá Hauki Guðmundssyni áður en rannsóknin á hvarfi Geirfinns hófst. Þegar síðan kom í ljós að Geirfinnur hafði verið í Klúbbnum helgina áður en hann hvarf fannst mönnum komin tenging við smyglmálið. John greindi jafnframt frá því að nafn Sigurbjörns Eiríkssonar í Klúbbnum hafi iðulega verið nefnt í sömu andrá og nafn Magnúsar Leópoldssonar. Það var þegar hið ætlaða smygl á spíra bar á góma.

Miðað við eldri skýrslur af Ríkeyju Ingimundardóttur og Magnúsi Gíslasyni má ætla að myndræmur úr raðmyndakerfi lögreglu og jafnvel ljósmyndir af mönnum hafi að einhverju leyti verið lagðar til grundvallar við gerð teikninga af manninum í Hafnarbúðinni. Hins vegar þykir ljóst að Ríkey notaðist síðan við eigin teikningar þegar hún mótaði hið svokallaða leirhöfuð.

Það mun ekki vera óþekkt að vitni segi að hinn grunaði líkist einhverjum þekktum aðila og löggregla vinni síðan út frá þeirri hugmynd um útlit mannsins. Ekki er loka fyrir það skotið að slíkt hafi gerst þegar umræddar teikningar voru gerðar í manns-hvarfsrannsókninni, þ.e. ef tekið er mið að framburðum Magnúsar og Ríkeyjar hjá RLR í fyrri “leirhöfuðsrannsókninni”.

Í þessu sambandi má vísa til eftirfarandi hluta af framburði Ríkeyjar í skýrslutöku hjá RLR þann 29. nóvember 1979 þar sem hún greinir frá frekari vinnu fyrir löggregluna eftir að sjónarvottar höfðu valið eina teikningu af mörgum eftir hana sem talin var líkjast manninum sem kom í Hafnarbúðina til að hringja: “Skömmu síðar kveðst hún hafa fengið senda teikningu sem sjónarvottar höfðu valið úr á löggreglustöðinni og hafi hún verið ljósrituð bæði í dökum og ljósum lit. Við sama tækifæri hafi hún fengið sendar ljósmyndir af mönnum og ljósmyndir af andlitspörtum, þ.á.m. augum. Ljósmyndirnar hafi verið af ýmsum stærðum og hafi þar verið um margar myndir að ræða. Myndin af augunum hafi verið aflöng. Eftir þetta hafi sjónarvottarnir komið til

sín í nokkur skipti, sérstaklega sú yngri. Sjónarvottarnir hafi talið teikninguna sem hún gerði fyrst líkjast manninum sem þær voru að lýsa, en þó ekki að öllu leyti. Þá hafi ætlunin verið að gera betur. Sjónarvottarnir hafi bent sér á hvað þeim fannst ekki vera líkt á myndinni og í því sambandi bent á ákveðin atriði á ljósmyndunum sem þeim fannst líkjast manninum. Í þessu sambandi hafi sjónarvottarnir talað um að ljósmyndin af augunum væri lík augum mannsins sem þær voru að lýsa”.

Skjal II/1.7

Þess má geta að í skýrslutöku hjá undirritaðri þann 14. nóvember 2001 var Ríkey spurð að því hvort hún hafi fengið í hendur ljósmyndir af einhverjum manni eða mönnum frá löggreglunni í Keflavík eða einhver önnur gögn er hún átti að hafa til hliðsjónar við sín störf fyrir löggregluna. Ríkey kannaðist þá ekki við að hafa fengið slík gögn í hendur heldur hafi hún teiknað myndirnar frá grunni eftir fyrirsögn vitnanna, hún myndi ekki betur.

Þáverandi eiginmaður Ríkeyjar, Kjartan Sigtryggsson, þá aðstoðarvarðstjóri í löggreglunni í Keflavík, var einnig yfirheyrður af RLR í sömu rannsókn. Í yfirheyrslunni, sem átti sér stað þann 12. desember 1979, var hann m.a. spurður að því hvort hann viti hvað Ríkey hafi haft til leiðbeiningar við gerð leirmyndarinnar. Hann sagðist þá vita að “a.m.k. Ásta og vinkona hennar hafi leiðbeint Ríkeyju. Hún hafi einnig haft til hliðsjónar teikningu sem hún sjálf hafi teiknað og einnig teikningu sem Magnús gerði. Einnig hafi hún haft nokkrar ljósmyndir til hliðsjónar og hafi sjónarvottarnir bent á atriði í andlitssvip á ljósmyndunum sem líktust manninum. Hann segir að Haukur hafi látið sig fá þessar ljósmyndir sem hafi verið af ýmsum mönnum”.

Skjal II/1.12

Í sama framburði greinir Kjartan frá því að hann hafi verið sendur í nokkur skipti með ljósmyndir af mönnum til Guðlaugar Konráðs Jónasdóttur en hún hafi ekki þekkt manninn í Hafnarbúðinni aftur á neinni þessara mynda en þó talað um að ein eða tvær myndir líktust manninum að einhverju leyti. Aðspurður kvaðst Kjartan hins vegar ekki þekkja Magnús Leopoldsson í sjón og geta því ekki fullyrt hvort þarna á meðal hafi verið mynd af honum. Þess má geta að Kjartan gaf skýrslu hjá undirritaðri þann 16. nóvember 2001 en ekkert nýtt kom fram hjá honum varðandi notkun löggreglunnar í Keflavík á ljósmyndum við rannsókn á hvarfi Geirfinns.

Í framburði sínum hjá RLR þann 6. desember 1979 greinir Guðlaug Konráðs Jónasdóttir frá því hvers vegna hún hafi orðið reið þegar Haukur Guðmundsson, rannsóknarlöggreglumaður í Keflavík, hafði símasamband við hana og bað hana um að skoða leirmyndina með það fyrir augum hvort það þyrfti að laga hana eitthvað. Þá hafi hún verið búin að sjá ljósmynd af leirmyndinni í dagblaði. Ástæða þess að hún hafi verið reið er “vegna þess að hún hafi séð að myndin var búin til eftir mynd af Magnúsi Leopoldssyni, en áður hafi verið búið að elta sig og sýna sér mynd af Magnúsi Leopoldssyni og spyrja sig hvort hún væri ekki lík manninum sem kom inn í Hafnarbúðina til að hringja”.

Skjal II/1.8

Nánar um þetta segir Guðlaug að þeir Haukur Guðmundsson, Magnús Gíslason og Kjartan Sigtryggsson hafi verið að “elta sig með myndir til að sýna sér og spyrja sig hvort hún geti endurþekkt manninn sem komið hafði inn í Hafnarbúðina”. Þetta hafi staðið yfir í marga daga og þeir hafi komið margoft til hennar. Þarna hafi verið um að ræða myndir af mörgum mönnum af ýmsum stærðum og gerðum, þ.á.m. mynd af

Magnúsi Leopoldssyni en hún hafði kannast við þann mann og spurt hvað hann héti. Það hafi reyndar verið Haukur sem gerði meira af því að sýna henni myndir af Magnúsi og mundi hún eftir a.m.k. tveimur myndum af honum, önnur hafi verið í lit en hin verið svarthvítt.

Í skýrslutöku hjá undirritaðri þann 8. október 2001 voru Guðlaugu sýndar tvær ljósmyndir af Magnúsi Leópolddssyni sem er að finna meðal gagna Geirfinnsmálsins. Hún kvaðst ekki hafa séð þessar myndir áður og reyndar kvaðst hún ekki geta sagt til um það hvort þetta sé Magnús Leópolddsson á umræddum ljósmyndum. Jafnframt kvaðst Guðlaug ekki vera viss hvort hún myndi þekkja Magnús þótt hún sæi hann í dag og hún þekkti hann alls ekki á þeim tíma sem umræddir atburðir áttu sér stað.

Nánar um notkun ljósmynda sagði Guðlaug að fyrstu daga rannsóknarinnar hafi hún ítrekað skoðað ljósmyndir á löggreglustöðinni í Keflavík. Megnið af þessum ljósmyndum hafi verið ósköp venjulegar ljósmyndir eins og fyrir koma í fjölskylduálbumum. Einnig sá hún “passamyndir” eins og úr vegabréfum og ökuskríteinum og þar að auki var hún látin skoða ljósmyndir af sakamönnum en hún sá engan á þessum ljósmyndum sem gætu líkst þeim manni sem kom inn í Hafnarbúðina.

Valtý Sigurðssyni var bent á það í yfirheyrslu hjá undirritaðri að til séu frásagnir um að notast hafi verið við ljósmyndir við gerð teikninga af manninum sem kom í Hafnarbúðina. Taldi hann að það hafi legið fyrir einhverjar ljósmyndir á löggreglustöðinni í Keflavík úr sakamyndasafni rannsóknarlöggreglunnar í Reykjavík, hugsanlega eftir að vitnin fóru til Reykjavíkur til að taka þátt í gerð raðmyndar, en hann vissi ekki hvort stuðst var við þær við gerð teikninganna eða leirmyndarinnar.

Valtýr mun ekki hafa þekkt til Magnúsar Leópolddsonar og hafði ekki hugmynd um hver hann var á þessum tíma. Hann veit ekki heldur til þess að ljósmynd hafi verið til af Magnúsi á löggreglustöðinni í Keflavík þegar þessir atburðir áttu stað. Það er hins vegar hans mat að útilokað sé að löggreglan í Keflavík hafi verið komin með ljósmynd af Magnúsi áður en leirmyndin var birt, annars hefðu þeir ekki leitað síðar til Ásmundar Guðmundssonar hjá löggreglunni í Kópavogi til að fá ljósmyndir af honum.

Fram kom hjá Valtý að Magnús Gíslason hafi oft verið á löggreglustöðinni á þeim tíma enda var hann þá fréttaritari. Hann mun hafa teiknað einhverjar myndir fyrir löggregluna í þessu máli en hvenær nákvæmlega í rannsókninni man Valtýr ekki. Hins vegar taldi hann útilokað að ljósmyndir af Magnúsi Leópolddssyni hafi verið sendar til Magnúsar Gíslasonar áður en leirmyndin var birt í fjölmöðlunum. Hann vildi þó ekki vífengja framburð Magnúsar um að honum hafi verið send ljósmynd af Magnúsi Leópolddssyni en telur að það hljóti að hafa gerst síðar.

Að sögn Hauks Guðmundssonar var farið í það eftir birtingu leirmyndarinnar að afla ljósmynda af þeim sem ábendingar komu á. Við það var notið aðstoðar löggreglumannar hjá öðrum embættum, þ.á.m. Ásmundar Guðmundssonar í Kópavogi. Taldi hann fullvist að Ásmundur hafi m.a. útvegað honum ljósmyndir af Magnúsi Leópolddssyni og það hafi örugglega verið gert eftir að ábending barst á Magnús eftir birtingu leirmyndarinnar.

Haukur taldi hugsanlegt að á fyrstu dögum rannsóknarinnar hafi verið stuðst við einhverjar ljósmyndir úr sakamyndasafni rannsóknarlöggreglunnar í Reykjavík. Þar að

auki gæti verið að einhverjar myndir hafi verið sýndar vitnum úr samskonar ljós-myndasafni löggreglunnar í Keflavík. Hann minntist þess jafnframt að Guðlaug var látin fletta í gegnum ökusírteinasafn og / eða vegabréfasafn löggreglustjórans í Reykjavík þegar hann var með aðstöðuna á löggreglustöðinni við Hverfisgötu.

Haukur fullyrti að ljósmynd af Magnúsi hafi aldrei komið í hans hendur, fyrr en eftir birtingu leirmyndarinnar, og hann kvaðst ekki vita hvers vegna ljósmynd af honum hefði átt að vera hjá einhverjum öðrum í Keflavíkurrannsókninni. Haukur lagði áherslu á Magnús hafi ekki fengið neina sérstaka meðferð í rannsókn löggreglunnar í Keflavík á hvarfi Geirfinns og hann hafi aldrei verið grunaður um aðild að málínunum í þeiri rannsókn. Hann hafi reyndar ekki vitað hver hann var fyrir rannsóknina en þeir hafi hitst einu sinni, þ.e. í janúar 1975 á löggreglustöðinni við Hverfisgötu. Ekki var um formlega skýrslutöku að ræða, heldur einungis samtal um bifreiðaeign Magnúsar.

Haukur fullyrti að einungis einnar ljósmyndar hafi verið aflað af Magnúsi, þ.e. svart / hvítrar ljósmyndar. Honum voru sýndar 2 ljósmyndir af Magnúsi Leópolddssyni sem eru meðal 69 ljósmynda af mönnum í rannsóknargögnum Geirfinnsmálsins. Taldi hann að löggreglan í Keflavík hafi aflað þeirrar ljósmyndar þar sem Magnús er síð-hærður. Hins vegar þekkti hann ekki hina ljósmyndina af Magnúsi með styttra hár. Afganginn af þessum 69 ljósmyndum kvaðst hann ekki muna eftir en taldi þó að hluti þeirra væri ekki úr Keflavíkurrannsókninni.

Í skýrslutöku þann 20. nóvember 2001 var Ásmundur Steinar Guðmundsson, fyrrverandi yfirlöggregluþjónn í Kópavogi, spurður um sinn þátt í rannsókn löggreglunnar í Keflavík á hvarfi Geirfinns Einarssonar. Hann kvaðst ekki muna hvert einstakt tilvik sem hann kom nálægt í málínunum margar ábendingar bárust löggreglu eins og í öllum mannhvarfsmálum. Um var að ræða ábendingar varðandi menn og bifreiðar. Hann minntist þess að eitt verkefnanna hafi verið að afla ljósmynda úr vegabréfa- og ökusírteinaskrá fyrir rannsóknaraðila í Keflavík. Þetta hafi verið með samþykki bæjarfógetans. Um var að ræða munnlega beiðni og taldi Ásmundur því að hvergi séu til skráðar heimildir um þessa aðstoð, t.d. í dagbók löggreglunnar í Kópavogi. Hann minntist þess jafnframt að hafa útvegað rannsóknarlögeglunni í Reykjavík ljósmyndir í sama máli en hvort það var síðar man hann ekki. Ásmundur kveðst mest hafa haft samskipti við Hauk Guðmundsson, rannsóknarlögreglumann, þegar hann var að afla þessara ljósmynda fyrir löggregluna í Keflavík.

Ásmundur gat ekkert fullyrt um hvort hann hafi útvegað rannsóknaraðilum í Keflavík ljósmyndir af Magnúsi Leópolddssyni. Hann taldi það þó vel trúlegt að hann hafi gert slíkt þótt hann myndi ekki sérstaklega eftir því. Hann minntist þess ekki heldur að hafa fengið tækifærismyndir frá rannsóknaraðilum í Keflavík til að taka út úr þeim andlitsmyndir. Þar að auki mundi hann ekki eftir neinum tískuljósmyndum eða ljósmyndum af fólki í flugvél, sbr. framburði John Hill og Guðlaugar Konráðs Jónasdóttur. Hann hefði hins vegar látið löggregluna og rannsóknarlögregluna í Keflavík hafa ljósmyndir af mönnum í nokkur skipti.

1.7 Spírabáturinn og ýmislegt varðandi áfengi

Við lestar gagna í Geirfinnsmálinu og við athugun á ýmsum öðrum gögnum, kemur ítrekað fyrir ýmislegt varðandi áfengi og smygl á spíra til landsins og þá ekkert sérstaklega í tengslum við spírabáttinn. Sem dæmi má nefna dagbók löggreglunnar í Keflavík en hreppstjórinn í Vatnsleysustrandarhreppi mun þann 15. nóvember 1974

hafa tilkynnt lögreglunni í Keflavík um spíra í stórum brúsum sem rekið hafi á land við Kálfatjörn.

Skýrslu um þetta er að finna meðal gagna í "spírabættinum" svokallaða (bls. 3281 í málsskjöldum). Jafnframt var þetta atriði kannað nánar hjá lögreglunni í Keflavík en ekkert markvert kom út úr þeirri athugun nema skýrsla frá 20. nóvember 1975 þar sem kvartað er yfir orðrómi um að ákveðið sjóslys "hefði aldrei orðið ef þeir félagar hafi ekki verið að sækja smygláðan spíra út á sjó".

Skjal II/1.73.1

Eins og greint er frá hér að framan kvaðst John Hill hafa jafnvel verið búinn að heyra nafn Magnúsar Leópoldssonar nefnt fyrir hvarf Geirfinns í sambandi við Klúbbinn. Það var í umræðu innan lögreglunnar í Keflavík um smygl á spíra sem átti að tengjast þeim veitingastað. John greindi jafnframt frá því að þeir Haukur Guðmundsson og Kristján Pétursson hafi verið að vinna að einhverju smyglmáli vikurnar áður en Geirfinnur hvarf, sem er í sjálfu sér ekki ósennilegt miðað við áðurgreinda bókun í dagbók lögreglunnar í Keflavík um rek á spíra við Kálfatjörn.

John gat hins vegar ekki fullyrt hvort sú rannsókn tengdist með einhverjum hætti spíranum sem fannst sjórekinn við Kálfatjörn. Hins vegar voru á þeim tíma í gangi sögur innan lögreglunnar í Keflavík um smygl á spíra, þ.e. að honum væri hent í sjóinn frá fraktskipum og sóttur af minni bátum, og taldi hann að þeir Haukur og Kristján hafi verið að rannsaka þetta ætlaða smygl áður en Geirfinnur Einarsson hvarf.

Í skýrslutöku hjá undirritaðri greindi Magnús Gíslason einnig frá orðrómi um spírasmygl á þeim tíma þegar Geirfinnur hvarf og reyndar hafi spíra rekið á land, ekki einungis í Vogunum heldur einnig í Garðinum að sögn Magnúsar. Hins vegar minntist hann þess ekki að neinn sérstakur aðili eða veitingahús hafi verið tilgreint í þeim orðrómi.

Undirrituð benti Valtý Sigurðssyni á að eimengartæki hafi verið heima hjá Geirfinni þegar hann hvarf og smyglarar hafi verið búin að hafa samband við hann vegna eimengar á sjó úr spíra. Aðspurður um það hvort ekki hafi verið ástæða til að skoða þau mál betur sagði Valtýr að þessi mál hafi verið skoðuð ofan í kjölinn og ekkert hafi komið út úr því hvað varðaði hvarf Geirfinns. Jafnframt þessu mundi Valtýr eftir því að í hinni svokölluðu spírarannsókn hafi komið upp einhverjar kjaftasögur um það hvert allur spírinna fær sem verið var að smygla til landsins. Þá hafi Klúbburinn komið inn í þá umræðu en hvernig nákvæmlega man hann ekki enda var hann ekkert tengdur þeirri rannsókn.

Haukur Guðmundsson kvaðst hjá undirritaðri muna eftir þessum sjórekna spíra en þó ekkert sérstaklega í tengslum við Geirfinnsmálið og hann minntist ekki neinna sögusagna um spíra eða spírasmygl fyrir hvarf Geirfinns. Í því sambandi tók hann fram að eina tenging Geirfinns við spírabættinn svokallaða hafi verið beiðni um að hann eimaði sjó úr spíra, en sú beiðni var sett fram í símtali skömmu áður en hann hvarf. Hvaðan rannsóknaraðilar fengu þessa vitneskju mundi Haukur ekki en taldi þó að Guðný, ekkja Geirfinns, hafi greint frá þessu. Varðandi eimenguna hafi einhverjar leifar af óvönduðum eimengartækjum verið í bílskúr Geirfinns sem löggreglan fjarlægði. Hins vegar heyrði hann löngu síðar kjaftasögur um að Guðný sjálf hefði látið fjarlægja eimengataekin.

Þess má þó geta að væntanlega hefur einhver tenging verið talin vera á milli sjórekna spírans og spíraþáttar Geirfinnsmálsins, þó svo Haukur muni ekki eftir því í dag, því eftirfarandi hefur verið ritað á áðurgreinda lögregluskýrslu, í reit þar sem tilgreind er afgræiðsla málsins: "Frumrit, sameinað rannsókn á tollalagabrotum í Reykjavík". Undir þetta eru stafirnir HG.

Í dómsyfirheyrsli í maí 1977 greindi vinnuveitandi Geirfinns, Ellert Björn Skúlason, frá orðrómi um Geira nokkurn í Keflavík sem hafi stundað spíraviðskipti eða fengist við slíkt. Hann hafi gefið rannsóknarlöggreglu upp nafn í þessu sambandi en mundi það ekki lengur. Í skýrslutöku hjá undirritaðri þann 19. apríl sl. var Ellert spurður um sögusagnir um spírasmygl á Suðurnesjum, sérstaklega á þeim tíma sem Geirfinnur hvarf. Vitneskja hans um þessi mál reyndist fremur almenn og taldi Ellert útilokað að Geirfinnur hafi verið tengdur slíkum málum, hann hefði orðið var við slíkt hjá Geirfinni. Enn fremur kvaðst hann ekki minnast neinna sögusagna um spírabát sem átti á þeim tíma, sem Geirfinnur hvarf, að fara út á miðin fyrir utan Keflavík til að sækja smyglaðan spíra.

Í skýrslutöku hjá undirritaðri þann 16. nóvember 2001 minntist Kjartan Sigtryggsson, fyrrum aðstoðarvarðstjóri í lögreglunni í Keflavík, þess ekki að hafa heyrt nafn Magnúsar Leópoldssonar nefnt í tengslum við rannsókn lögreglunnar í Keflavík á hvarfi Geirfinns Einarssonar. Hann kvaðst ekki heldur hafa heyrt nafn Magnúsar eða nafn Klúbbsins tengt við spíra eða smygl á slíku fyrir en morðrannsóknin hófst í Reykjavík. Hins vegar greindi hann frá áðurgreindu útkalli vegna sjórekins spíra við Kálfatjörn á Vatnsleysuströnd um svipað leytti og Geirfinnur hvarf, væntanlega 15. nóvember 1974. Um var að ræða þó nokkuð marga stóra plastbrúsa sem voru pakkaðir inn í netatrossu og úr henni hékk band sem gat hafa verið bundið við bauju.

Kjartan sagði þetta ekki hafa komið lögreglumönnum í Keflavík á óvart. Það hafi verið í gangi sterkar sögusagnir um spírasmygl í Keflavík áður en þetta átti sér stað. Sagan var suð að spíranum væri hent útbýrðis og hann sóttur á bát frá Keflavík. Einn maður, "Siggi svarti", var sérstaklega nafngreindur í því sambandi en hann átti trillu en Kjartan kvaðst ekki muna fullt nafn þessa manns.

Þetta er athyglisvert í ljósi dagbókarfærslu hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík frá 4. febrúar 1976 (bls. 314). Þar er haft eftir Sævari Ciecielski að um jólin 1974 hafi hann og Erla Bolladóttir hitt að máli Elvar Ólafsson úr Keflavík þegar þau voru stödd í Kaupmannahöfn. Hann hafi rætt við þau um Geirfinnsmálið og "virst vita mikið um það og þar á meðal bátsferðina sjálfa".

Sævar greindi einnig rannsóknaraðilum frá því að maður að nafni Sigurður Þorláks-son, sem hann hitti í Kaupmannahöfn oftar en einu sinni á tímabilinu 1974 til 1975, hafi sagt sér frá því að hann hefði fyrir nokkrum árum stundað það nokkuð að fara að ná smygli sem aðrir hefðu átt. Hafði hann uppi njósnir um það þegar smygluðu áfengi var hent í sjóinn enhvers staðar út af Suðurnesjum. Þá varð hann á undan á staðinn og hirti smyglið frá smyglurunum sjálfum. Þess má geta að báða þessa aðila, Sigurð og Elvar, tengdi Sævar við Jósafat Arngrímsson og þetta er eitt af mörgum dænum þess þegar sakborningar, þ.e. Erla, Sævar og Kristján Viðar, nefndu ýmsa menn til sögunnar sem voru þrátt fyrir það ekki yfirheyroðir.

Ekki er hægt að finna nein ummerki um að rætt hafi verið við nefndan Sigurð vegna þessa af hálfu rannsóknaraðila. Hins vegar var Elvar spurður um þetta þann 17. febrúar 1976 samkvæmt dagbókarfærslu rannsóknarlöggreglunnar í Reykjavík. Elvar minntist þess að talað var um Geirfinnsmálið þegar hann hitti Sævar og Erlu í Kaupmannahöfn. Þar sem hann var þá nýkominn frá Íslandi hefði hann verið spurður nýjustu fréttu og hann þá aðeins sagt þær kjaftasögur sem hann hefði heyrt um málið og það sem hafði komið fram í fjöldum.

1.8 Klúbbferðin

Ljóst er að Klúbburinn tengdist snemma hvarfi Geirfinns í umfjöllun fjöldla um málið. Hvað þetta varðar segir Valtýr Sigurðsson að á fyrstu vikum rannsóknarinnar hafi hann tekið skýrslu af eiginkonu Geirfinns þar sem ýmis atriði einkalífs þeirra hjóna hafi verið könnuð. Virtist líf Geirfinns ósköp eðlilegt og ekkert óeðlilegt kom út úr þeirri athugun og ekkert gaf tilefni til að ætla að Geirfinnur hefði lent í einhverju misjöfnu. Það eina sem gaf tilefni til sérstakrar skoðunar var ferð Geirfinns í Klúbbinn þann 17. nóvember, þ.e. tveimur kvöldum fyrir hvarfið. Vegna þessa var lögð áhersla á að hafa uppi á þeim sem kynnu að hafa rætt við Geirfinn í Klúbbnum það kvöld.

Haukur Guðmundsson segir um þetta að fljótlega í rannsókninni hafi komið fram að Geirfinnur hafi farið í Klúbbinn þann 17. nóvember 1974 og hitt þar einhvern eða einhverja. Eðli mál samkvæmt var það atriði skoðað nánar og löggreglan í Keflavík auglýsti eftir þessum mönnum í fjöldum.

Þegar dagblöð eru skoðuð frá þessum tíma kemur í ljós að um viku eftir hvarf Geirfinns, eða miðvikudaginn 27. nóvember, er farið að tengja hvarf Geirfinns við Klúbbinn í opinberri umræðu en þann dag birtist frétt í Morgunblaðinu undir fyrirsögninni “Höfuðkapp lagt á að finna þann sem hringdi”. Svo virðist sem þarna sé að finna fyrstu tengingu málsins við Klúbbinn í opinberri umræðu en fjallað er um ferð Geirfinns í Klúbbinn þann 17. nóvember 1974 með eftirfarandi hætti: “Þá er vitað, að Geirfinnur fór á dansleik í Klúbbnum í Reykjavík á sunnudagskvöldið ásamt kunningjum sínum. Verður kannað hvort einhver hugsanleg tengsl geta verið á milli ferðarinnar þangað og hvarfsins”.

Tíminn fjallar m.a. um Klúbbferðina svokölluðu sama dag. Þar segir eftirfarandi: “Þegar dansleiknum var lokið, hitti Geirfinnur gamlan vinnufélaga sinn fyrir utan samkomuhúsið og ræddust þeir við nokkra stund. Eftir lýsingu sjónarvotta á þessum manni að dæma virðist hér ekki vera um sama mann að ræða, og nú er eftirlýstur af löggreglunni. Ekki er vitað hver þessi maður er og hefur hann því ekki verið yfirheyrður. Þó má telja, að þessi fundur Geirfinns og fyrrverandi vinnufélaga sé jafn líklegur og hvað annað, til að varpa nýju ljósi á málið – sérstaklega þegar tekið er tillit til þess að stefnumótið getur mjög hugsanlega verið undirbúið með meira en einu símtali, og sterkar sögusagnir eru á kreiki um, að Geirfinnur hafi verið flæktur í fjárhættu-spilamál og jafnframt í eiturlýfjamál”.

Undirrituð spurði Kjartan Sigtryggsson að því hvort vitneskja manna um að Geirfinnur hafði verið í veitingahúsinu Klúbbnum helgina áður hafi haft einhver áhrif á rannsóknina á hvarfi Geirfinns eða smyglámsins. Kvaðst hann ekki hafa orðið var við neina umræðu varðandi Klúbbinn en sagði að menn hafi rætt um spírann og hverjir kynnu að tengjast því máli. Taldi hann að löggreglumenn hafi hins vegar ekki

verið að velta fyrir sér sölu á spíranum, þ.e. hvert hann færi eftir að búið væri að smyglu honum til landsins.

Þegar fram liðu stundir lýsti lögreglan í Keflavík bæði eftir manninum í Hafnarbúðinni og manninum sem sást á tali við Geirfinn í Klúbbnum sunnudagskvöldið 17. nóvember 1974. Um þetta er fjallað nánar á bls. 40 (1.11 – Leit að eftirlýstum mönnum).

Þegar skýrslur eru skoðaðar er ekki hægt að átta sig á því hvenær lögreglunni var kunnugt um umrædda ferð Geirfinns í Klúbbinn ásamt félögum sínum. Í yfirlitsskýrslu Hauks Guðmundssonar, en ekki er ljóst hvenær hún er rituð, er haft eftir Guðnýju að “Geirfinnur hafi farið á dansleik síðastliðið sunnudagskvöld ásamt Þórði Ingimarssyni og Birni Marteinssyni, Klapparstíg í Njarðvík og þeir hafi þá farið í veitingarhúsið að Lækjarteigi 2. Segir mætta að Geirfinnur hafi komið af þessum dansleik um kl. 02:00, aðfararnótt mánudags, og hafi hann þá haft orð að dansleikurinn hafi verið skemmtilegur”.

Skjal II/1.39

Í skýrslutöku þann 22. nóvember er Þórður Ingimarsson hins vegar “spurður um atburði á dansleik sem hann fór á, ásamt Geirfinni og Birni Marteinssyni, Klapparstíg Njarðvík í Klúbbnum á sunnudagskvöld”. Þórður lýsir síðan ferð þeirra þriggja í nefnt veitingahús og manni sem Geirfinnur hitti þar inni. Vafi leikur á dagsetningu þessarar skýrslu þar sem 22. nóvember er ranglega sagður vera fimmtudagur. Sjálfur telur Þórður að hann hafi verið yfirheyrður á föstudeginum eftir að Geirfinnur hvarf. Hins vegar er ljóst að nafn Klúbbsins var komið inn í rannsóknina strax á fyrstu dögum hennar.

Skjal II/1.40

Minnst er á Klúbbinn í fleiri skýrslum frá fyrstu dögum rannsóknarinnar. Þar má t.d. nefna óundirritaða skýrslu Hauks Guðmundssonar um viðtal við Gunnar Svan Hafdal sem hitti Geirfinn í Klúbbnum sunnudaginn 17. nóvember. Einnig er minnst á sama veitingastað á a.m.k. tveimur stöðum í skýrslu af Guðnýju Sigurðardóttur frá 28. nóvember 1974 og í lista yfir ábendingar og í a.m.k. tveimur ábendingum. Þar að auki kemur nafn Klúbbsins fyrir í framburðum annarra þar á eftir en framburður kunningja Geirfinns, Georgs Valentínussonar, frá 18. desember 1974 vekur þó sérstaka athygli. Í niðurlagi þeirrar skýrslu má lesa eftirfarandi: “Aðspurður sérstaklega kveðst Georg enga hugmynd hafa um hvarf Geirfinns en telur þó hugsanlegt að hann hafi heyrt eitthvað eða séð í Klúbbnum sunnudaginn 17. nóvember s.l.”. Þess má geta að um er að ræða óundirritaða skýrslu sem Haukur virðist hafaritað um viðtal við Georg.

Skjöl II/1.42 til 1.45 ásamt II/1.50 og II/1.52 til 1.56

Í skýrslutöku hjá undirritaðri þann 20. nóvember 2001 var Georg sýnd áðurgreind skýrsla. Hann kannaðist við þennan framburð að mestu nema það sem er haft eftir honum um Klúbbinn hér að framan. Georg kannaðist ekki við að hafa sagt þetta og taldi að þessi orð væru lögð honum í munn. Ef hann hefur sagt þetta nákvæmlega með þessu hætti þá er hér um að ræða svar við spurningu frá Hauki Guðmundssyni, þ.e. hvort hann telji að Geirfinnur hafi heyrt eitthvað eða séð í Klúbbnum umrætt kvöld, hann vissi ekki hvers vegna hann hefði átt að segja þetta með þessum hætti nema þá sem svar við spurningu.

Georg mundi ekki neitt sérstaklega eftir því hvort ferð Geirfinns í Klúbbinn þann 17. nóvember 1974 hafi sérstaklega verið til skoðunar á þeim tíma þegar hann gaf þennan framburð. Hins vegar var frásögn hans um tildög þess að hann var kallaður til skýrslugjafar eftirtektarverð.

Fram kom hjá honum að nokkru eftir hvarf Geirfinns hafi Haukur Guðmundsson, rannsóknarlögreglumaður í Keflavík, haft símasamband við hann norður í Leirhöfn í Norður-Pingeyjarsýslu. Hvenær það var nákvæmlega gat hann ekki fullyrt en taldi að einhverjar vikur hafi verið liðnar frá hvarfinu. Haukur vildi fá hann suður til skýrslugjafar og gaf berlega í skyn að hann hefði einhverjar grunsemdir um aðild hans og Geirfinns að spírasmygli og fólust m.a. í því að Georg átti bát sem hann hafði reyndar flutt með sér norður. Hann síðan mun hafa komið suður þó nokkru eftir að Haukur hafði samband og hitt hann á löggreglustöðinni í Keflavík þar sem framburður hans var tekinn niður.

Aðspurður nánar um þennan orðróum um smygl á spíra og hvort Klúbburinn, eða einhverjir tengdir þeim veitingastað, hafi tengst þeim orðrómi sagði Georg að á þeim tíma hafi verið komin upp einhver umræða um smygl á spíra og um Klúbbinn, hann man það ekki betur og taldi hann sig hafa frétt þetta í gegnum Hauk Guðmundsson sjálfan. Hann kvaðst hins vegar ekki vita hvers vegna Klúbburinn var inni í þessari mynd, hann fékk aldrei botn í það dæmi. Þess má geta að Georg minntist þess ekki að hafa heyrt nafn Magnúsar Leópoldssonar nefnt í samskiptum við rannsóknaraðila í Keflavík.

1.9 Páttur Kristjáns Péturssonar, deildarstjóra í tollgæslunni

Þann 13. janúar 1975 sendi bæjarfógetaembættið í Keflavík frá sér fréttatilkynningu vegna blaðaskrifla að undanförnu um áfengis- og tollalagabrot er hafði verið til rannsóknar að undanförnu hjá embættinu. Fram kemur að við rannsókn á hvarfi Geirfinns þótti rétt að rannsaka ákveðnar ábendingar í þá átt, að tengsl væru hugsanlega á milli þessara tveggja mála. Af þeim sökum fól embættið þeim Hauki Guðmundssyni, rannsóknarlögreglumanni, Kristjáni Péturssyni, deildarstjóra tollgæslu, og Rúnari Sigurðssyni hjá löggreglunni í Reykjavík að rannsaka sérstaklega þennan þátt.

Skjal II/1.68

Að sögn Valtýs Sigurðssonar var leitað til Kristjáns Péturssonar til að fara með þann afmarkaða þátt við frumrannsóknina að kanna alla farþegalista til að útiloka að Geirfinnur hafi farið af landi brott. Út úr þessu kom einn aðili sem hafði ekki ferðast undir réttu nafni sem hafði í undirbúningi smygl á fíkniefnum til landsins. Kristjáni var jafnframt falið að kanna hvort hvarf Geirfinns tengdist fíkniefnum en um þá athugun var hins vegar ekki gerð nein sérstök skýrsla. Haukur Guðmundsson greinir svipað frá málsatvikum hvað þetta varðar.

Fyrir utan gögn spírabáttarins eru fá gögn í Geirfinnsmálínusum Kristján Pétursson kemur við sögu ~~beint eða óbeint~~. Þó má finna óbeina heimild um það í tölvuúþrentunum rannsóknarinnar að þann 27. nóvember 1974 hafi bæjarfógetinn í Keflavík óskað eftir því við flugfélög að Kristján fengi uppgefin nöfn á farþegum frá landinu og virðist það í samræmi við það sem fram kemur í áðurgreindri tilkynningu. Í þessu sambandi má einnig vísa til fréttar í Tímanum þriðjudaginn 26. nóvember en í fyrirsögn og niðurlagi hennar kemur fram að fylgst sé með öllum sem fari af landi brott.

Þetta virðist í samræmi við framburð Kristjáns en í skýrslutöku hjá undirritaðri þann 27. nóvember 2001 kvaðst hann ekki muná nákvæmlega hvenær hann hafi komið fyrst að rannsókn á hvarfi Geirfinns en það var þegar hann var beðinn um að kanna brottfararskrár og við það fékk hann uppgefnar bókanir flugfarþega. Nánar um þetta sagði Kristján að þetta hafi verið hans einu afskipti af rannsókninni á hvarfi Geirfinns. Siðan þróuðust mál þannig að hann var beðinn af bæjarfógetanum í Keflavík að taka þátt í rannsóknarhópi löggreglunnar í Keflavík, tollgæslunnar og löggreglunnar í Reykjavík að rannsaka hugsanleg tengsl Geirfinns við smygl á spíra og / eða fikni-efnum. Hann hafi síðan unnið að þeirri rannsókn undir stjórn setudómara, Ásgeirs Friðjónssonar, m.a. með Hauki Guðmundssyni, rannsóknarlöggreglumanni í Keflavík, og Rúnari Sigurðssyni, rannsóknarlöggreglumanni í Reykjavík. Sú rannsókn leiddi hins vegar ekki í ljós neitt nýtt varðandi hvarf Geirfinns en hins vegar upplýstist smygl á verulegu magni af spíra og öðrum vörutegundum.

Að sögn Kristjáns hætti Ásgeir Friðjónsson að stýra rannsókninni um tíma og málið var sett undir Sakadóm Reykjavíkur. Það var vegna tilmæla frá dómsmálaráðuneytinu og tengdist athugun þeirra á smygli út af varnarsvæðinu. Ástæðan fyrir þessu á að hafa verið sú að einhverjir töldu að rannsóknin væri komin út fyrir sín takmörk. Þá var bent á að hér væri um að ræða smyglmál á sama svæði og Geirfinnur hvarf. Af þeim sökum væri ekki minni ástæða til að skoða það mál ofan í kjölinn enda þótt það tengdist ekki smygli á skipum.

Fram kom hjá Kristjáni að hann hafi ekki vitað um gerð leirmyndarinnar fyrir en eftir á. Það sama gilti um ljósmyndir af mönnum sem löggreglan í Keflavík kynni að hafa notað við rannsóknina á hvarfi Geirfinns. Hann kvaðst ekkert vita um þær. Kristjáni var í því sambandi bent sérstaklega á blaðaskrif þar sem hann tjáir sig um ljósmyndir sem löggreglan í Keflavík á að hafa notað við rannsókn á hvarfi Geirfinns. Vísaði hann þá til leiðréttigar sem hafi birst í sama dagblaði og sagði að þarna hafi blaðamaðurinn ekki haft rétt eftir honum.

Skjöl II/1.30 og II/1.31

Borin voru undir Kristján gögn um ábendingar sem borist höfðu löggreglunni í Keflavík vegna leirhöfuðsins og þá sérstaklega ábending á Magnús Leópolddson. Einnig voru honum sýndar ljósmyndir af mönnum sem talið er að hafi verið notaðar við rannsókn Geirfinnsmálsins. Hann kvaðst hins vegar ekki hafa séð þessi gögn áður.

Skjöl II/1.50 og II/1.52

Kristjáni var þar að auki kynntur eftirfarandi hluti úr framburði Magnúsar Leópoldssonar frá 7. nóvember 2001: "Hann segir að Kristján Pétursson, þáverandi deildarstjóri í tollgæslunni á Keflavíkurflugvelli, hafi komið stundum í Klúbbinn. Hann hagaði sér eins og hver annar viðskiptavinur en Magnús telur nokkuð ljóst að raunverulegur tilgangur hans að heimsækja Klúbbinn hafi verið að snuðra, þ.e. kanna hvort eitthvað refsivert væri þar í gangi. Nánar um þetta greinir Magnús frá hinu svokallaða Klúbbmáli frá árinu 1972. Þar komst Kristján Pétursson á snoðir um sölu áfengi sem hafði verið keypt í ÁTVR án svokallaðra VH-merkinga. Upphaf þessarar rannsóknar var rannsókn á ætluðu smygli áfengi að því er Magnús komst næst. Þessi áfengissala sætti síðan rannsókn af hálfu rannsóknarlöggreglunnar í Reykjavík. Framkvæmd var húsleit í Klúbbnum og í framhaldi af því var staðnum lokað samkvæmt ákvörðun löggreglustjórans í Reykjavík. Dómsmálaráðherra felldi hins vegar þá ákvörðun úr gildi þar sem hún var talin andstæð lögum. Í ljósi þessa segir Magnús

það nokkuð ljóst að strax á árinu 1972 hafi menn, sem unnu að rannsókn á hvarfi Geirfinns í Keflavík, haft áhuga á þeim sem komu nálægt rekstri Klúbbsins.”

Kristján kvaðst hafa farið í Klúbbinn, sem og önnur veitingahús í borginni, til að kanna hugsanlega notkun gesta á fikniefnum. Hins vegar neitaði hann að hafa farið þangað til að fylgjast með meintum lögbrotum þeirra sem stóðu að þeim veitingarekstri. Nánar um þetta kvaðst Kristján ekki sjá samhengi á milli rannsóknar á stórfelldum brotum á söluskattslögum af hálfu stjórnenda Klúbbsins og frumrannsóknarinnar á hvarfi Geirfinns enda var fyrrgreinda sakamálið tveimur árum áður.

Aðspurður kvaðst Kristján ekki minnast þess að hafa komið í Síðumúlafangelsið eftir að rannsókn Geirfinnsmálsins hófst hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík og reyndar kvaðst hann ekki heldur hafa komið að rannsókn málsins eftir þann tíma. Hann vildi þó ekki útiloka að hann hafi komið í Síðumúlafangelsið í öðrum erindagjörðum alls óskyldum Geirfinnsmálinu.

Kristján kvaðst persónulega hafa verið ósáttur við gæsluvarðhald yfir Magnúsi Leópoldssyni, Sigurbirni Eiríkssyni, Valdimar Ólsen og Einari Bollasyni á grundvelli framburðar Sævars, Erlu og Kristjáns Viðars. Hann taldi sjálfur á þeim tíma að framburður þeirra þriggja kynni að vera ómarktækur vegna neyslu þeirra á sterkum skyn-villuefnum og vegna fyrri framburða þeirra almennt í sakamálum. Hann kvaðst hins vegar hafa bent á hugsanleg tengsl allt annarra aðila við Geirfinn og fund sem átti sér stað í Hafnarbúðinni nokkrum dögum fyrir hvarf hans og talið fulla ástæðu til að rannsaka þau mál frekar. Af þeim sökum hefði verið út í hött af hans hálfu að beina grunsemendum að Magnúsi Leópoldssyni.

Þess má geta að ábending sú, sem Kristján kveðst sjálfur hafa komið með, var um ætlaðan fund Geirfinns með mönnum frá KR-verktökum í Hafnarbúðinni nokkrum dögum fyrir hvarfið. Ábending þessi er í formi skýrslu, dags. 13. febrúar 1975. Fjallað er nánar um ætluð tengsl KR-verktaka við hvarf Geirfinns á bls. 58 hér á eftir.

Þess má geta að ýmsir aðilar, bæði þeir sem komu að rannsókninni í Keflavík og Reykjavík, hafa verið spurðir um aðkomu Kristjáns Péturssonar að rannsókninni. Ekkert í þeim framburðum bendir til þess að þáttur Kristjáns hafi verið meiri en hér hefur verið reifaður. Þó má geta þess að Eggert N. Bjarnason minntist þess að Kristján hafi rætt einu sinni við hann um rannsóknina. Þetta samtal átti sér stað á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar að Borgartúni 7, Reykjavík, að hann telur snemma í rannsókninni sem fór fram í Reykjavík. Kristján var í því samtali með almennar ráðleggingar um rannsóknir en þær félle ekki í frjóan jarðveg þar sem Eggert fannst þær fremur í anda þess sem tíðkast í bandarísku réttarfari en íslensku. Að öðru leyti vissi Eggert ekki hvort Kristján kom nokkuð að rannsókn Geirfinnsmálsins, hvorki í Reykjavík né í Keflavík.

Eggert var sýnd bls. 55 í dagbók (skjal merkt bls. 365 af rannsóknarnefnd Reykjavíkur). Þar kemur fram að Kristján hafi komið á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar þann 25. febrúar 1976 til að koma á framfæri ábendingum um hið svokallaða Klúbbmál á sínum tíma og spíramál. Eggert taldi að þessi bókun í dagbókinni fjalli um þetta samtal við Kristján. Hann taldi hins vegar að ekkert hafi komið frá Kristjáni skriflega þótt þess sé getið að Kristján muni gera það síðar.

Þegar umrædd bokun var borin undir Kristján kvaðst hann ekki muna eftir þessu samtali og vildi ekki tjá sig um sögusagnir, sem voru í gangi á þeim tíma, um hugsanlega aðild Klúbbmanna að spírasmygli, slíkt geti sært mannorð fólks sem jafnvel er nú látið. Þess má geta að samkvæmt dagbókinni kom Kristján einnig þann 27. febrúar 1976 í Sakadóm Reykjavíkur og ræddi við Örn Höskuldsson og Sigurbjörn Víði (bls. 81).

1.10 Leit að bifreiðum

Af blaðaumfjöllun og ýmsum gögnum má ráða að löggreglan í Keflavík hafi fljótlega tengt Fiat-bifreið við hvarf Geirfinns. Samkvæmt frétt í Morgunblaðinu þann 4. desember 1974 “óskar löggreglan eftir að hafa samband við mann þann, sem kom á smurstöð Þórshamars á Akureyri eftir lokun kl. 18:00 þriðjudaginn 26. nóv. s.l. en maður þessi ók rauðum Fiat 600 með G-númeri”. Um þetta er síðan fjallað í dagblöðum næstu daga og m.a. sagt frá grunsemdum um að G-bílinn sé að finna á Raufarhöfn. Svo virðist sem ökumaður þessarar bifreiðar hafi ekki gefið sig fram.

Þann 7. desember er síðan að finna aðra frétt þessu tengdu undir fyrirsögninni “Lýst eftir tveimur mönnum til viðbótar” en annar þeirra hafði verið á ljósum Mercedes Benz sendiferðabil með gluggum við Hafnarbúðina um kl. 18:30 þriðjudaginn. Svo virðist sem um sé að ræða mann sem Sigurbjörg Jóna Árnadóttir og sonur hennar, Jóhannes Helgi Einarsson, sáu á umræddri sendiferðabifreið fyrir utan Hafnarbúðina þetta kvöld.

Af þessu má ráða að Fiat-bifreið með G-númeri og Mercedes Benz sendiferðabifreið hafi komið tiltölulega snemma fyrir í rannsókninni. Jafnframt hafi almenningi verið kunnugt um þetta sbr. áðurgreindar fréttir. Reyndar er haldið áfram að fjalla um þessar bifreiðar og til hvaða rannsóknaraðgerða löggreglan hafi gripið vegna þeirra. Sem dæmi má nefna frétt í Þjóðviljanum þriðjudaginn 10. desember 1974 undir fyrirsögninni “Rauði fiatinn finnst ekki enn”. Þar er sagt að öll áhersla sé lögð á að finna rauða Fiatinn og farið hafi verið í gegnum númeraskrá bifreiðaeftirlitsins og komið hafi í ljós að bifreiðar með G-númeri af gerðinni Fiat 600 væru 20 og löggreglan hafi þegar náð í 18 en tvær vanti “og er þeirra nú ákaft leitað”.

Í frétt í Morgunblaðinu þann 11. desember er almenningi greint frá því að löggreglan í Keflavík hafi fengið nákvæmari upplýsingar um mann þann sem kom á ljósum sendiferðabil í Hafnarbúðina kvöldið sem Geirfinnur hvarf og hafi “sjónarvottar lýst manni þessum nákvæmlega eins og manni þeim sem kom í Hafnarbúðina kl. 22:30 sama kvöld”. Í sömu frétt gerir Haukur Guðmundsson síðan nákvæma grein fyrir því sem vitni höfðu tjáð löggreglu. Jafnframt getur hann þess að búið sé að athuga alla ljósrauða Fiat 660 bíla með G-númeri en því bætt við að maðurinn, sem sást á smurstöðinni, hafi væntanlega beðið um gistingu á tilteknun stað á Akureyri.

Meðal gagna Geirfinnsmálsins er að finna skýrslu löggreglunnar í Rangárvallasýslu um leit að Mercedes Benz sendiferðabifreið að Stóra Hofi mánudaginn 10. febrúar 1975 en Sigurbjörn Eiríksson var á þeim tíma þar með hrossarækt. Leit þessi var framkvæmd samkvæmt símtali frá Hauki Guðmundssyni sem sagði að orðrómur hefði borist þeim um að bifreiðin væri þar í geymslu. Um svipað leyti mun hafa farið fram leit

í nágrenni Hreðavatnsskála að sögn Magnúsar Leópoldssonar en faðir hans rak þann stað á þeim árum.

Valtýr var spurður um leit löggreglunnar að bifreið á Stóra Hofi og við Hreðavatnsskála. Fram kom hjá honum að strax í upphafi hafi verið leitað að bifreið sem hafði sést fyrir utan Hafnarbúðina umrætt kvöld. Löggreglan hafi fengið margar ábendingar og leit að þessari bifreið hafi verið mjög viðamikil en ekkert hafi komið út úr þeim athugunum. Hann vissi þó ekki hvers vegna leitað var að bifreiðinni á áðurgreindum stöðum.

Haukur var einnig spurður um leitirmar á áðurgreindum stöðum. Hann mundi lauslega eftir leitinni að Stóra Hofi en mundi ekki eftir leit við Hreðavatnsskála. Taldi hann að þarna hafi menn verið að leita frekar að sendibifreið heldur en Fiat-bifreið sem talin var tengjast málínu með einhverjum hætti.

Baldvin Einarsson, lögreglufulltrúi, hefur aflað gagna og upplýsinga hjá löggreglunni í Borgarnesi og á Hvolsvelli vegna þessa en ekkert nýtt hefur komið fram í þeim athugunum sem gæti varpað frekari ljósi á grundvöll og tilgang áðurgreindra aðgerða löggreglunnar í Keflavík.

1.11 Leit að “eftirlýstum” mönnum

Eins og áður hefur komið fram virðist hægt að átta sig þó nokkuð á gangi Keflavíkrannsóknarinnar með lestri dagblaða frá þeim tíma. Það vekur jafnframt athygli og jafnvel undrun hversu greiðan aðgang fjölmörlar virðast hafa að upplýsingum lögreglu og eru jafnvel dæmi um að rannsóknaraðilar greini dagblöðum frá vitnisburði í smáatriðum eins og áður hefur verið rakið.

Sérstakur kafli í þessum samskiptum við fjölmíðlana eru allir þeir menn sem eru “eftirlýstir”, jafnvel þótt þeir, sem komu að rannsókninni í Keflavík, hafi sagt að enginn hafi verið grunaður í mannshvarfsrannsókninni. Hins vegar má ætla að þetta orðalag hafi frekar verið notað af dagblöðunum sjálfum en að undirlagi rannsóknaraðila.

Laugardaginn 23. nóvember óskar löggreglan í Keflavík eftir því að ná tali af mannum sem kom í Hafnarbúðina til að hringja. Þetta er síðan ítrekað í dagblöðum næstu daga á eftir.

Miðvikudaginn 4. desember birtist síðan frétt í Morgunblaðinu undir fyrirsögninni “Lýst eftir bílstjóra og Klúbbgesti”. Svipaðar fréttir eru í öðrum dagblöðum á sama tíma. Þá voru hinir eftirlýstu orðnir tveir.

Miðvikudaginn 7. desember birtist síðan enn ein frétt í Morgunblaðinu undir fyrirsögninni “Lýst eftir tveimur mönnum til viðbótar”. Þar bætist við maðurinn á Mercedes Benz sendibifreiðinni og maður sem fór undir fölsku nafni til Kaupmannahafnar.

Þann 10. desember er síðan fjallað í Morgunblaðinu um fimm menn sem löggreglan í Keflavík hefur auglýst eftir en ekki gefið sig fram. Fimmti maðurinn er að öllum líkendum maðurinn á Fiat-bifreiðinni sem sást á smurstöðinni á Akureyri. Tekið skal

fram að svipaðar fréttir er að finna í öðrum dagblöðum þótt vitnað sé í fréttir í Morgunblaðið.

1.12 Viðtöl við vitni úr Keflavíkurannsókninni

Þann 17. janúar sl. hafði Baldvin Einarsson, löggreglfulltrúi símasamband við þrjú vitni úr Keflavíkurannsókninni en nöfn þeirra er að finna í fyrirliggjandi tölvugögnum Reykjavíkurannsóknarinnar.

Fyrstan má nefna Jón Guðmund Björnsson, en samkvæmt tölvuútskrift kemur hann fyrir á bls. 3003. Þar stendur orðrétt: "Dyravörður í Félagsheimilinu Festi, Grindavík, greinir frá því sem hann heyrði er tveir menn lento í deilum á dansleik í Festi 23. nóvember 1974". Svo virðist sem þetta sé haft eftir honum þann 24. nóvember 1974.

Aðspurður staðfesti Jón Guðmundur að hafa verið dyravörður í Festi á umræddum tíma. Hann minntist þess að löggreglumenn úr Keflavík komu og voru að kanna eitthvað hjá honum, en hann mundi hins vegar ekki hvort um var að ræða skýrslutöku á lögreglustöð eða samtal. Hann rámaði í að hafa greint þeim frá einhverju en mundi það ekki efnislega nágu vel til að geta greint frá því eftir öll þessi ár.

Næst má nefna Þórarin Öfjörð Sigurðsson en svo virðist sem rætt hafi verið við hann þann 24. nóvember 1974 þar sem hann var góður kunningi Geirfinns og lýsti hann kunningsskap þeirra. Þetta á að vera á bls. 3005 í gögnum málsins en sú blaðsíða er ekki til staðar í dag.

Þórarinn kvaðst hafa heimsótt Geirfinn ásamt Skúla Hróbjartssyni og Sveini Ármanni, bróður sínum, stuttu eftir að þeir unnu saman í Búrfelli. Hins vegar taldi Þórarinn að þeir hafi ekki unnið saman við Sigölduvirkjun. Þeir vissu ekki annað en allt væri í lagi í hjónabandi Geirfinns en fréttu síðar um framhjáhald Guðnýjar. Enn fremur vissu þeir að Geirfinnur átti eimingartæki en þeir drukku þó aldrei saman annað en áfengi úr "ríkinu" eins og Þórarinn orðaði það.

Sérstaklega aðspurður sagði Þórarinn að hvorki Klúbburinn né forráðamenn staðarins, þeir Magnús Leópoldsson og Sigurbjörn Eiríksson, hafi borið á góma í samskiptum hans við löggregluna í Keflavík.

Að endingu má nefna Einar Hauk Helgason en Vilhjálmur Svanberg Helgason nefnir hans nafn þann 25. nóvember 1974. Um þetta á að vera fjallað á bls. 3009 í gögnum málsins en sú blaðsíða finnst ekki heldur.

Einar Haukur kvaðst hafa þekkt lítið sem ekkert til Geirfinns, hann vissi hver hann var í gegnum frænku sína, Heiðrúnu Guðleifsdóttur, sem var vinkona Guðnýjar Sigurðardóttur, ekkju Geirfinns. Hann sagði að skýrslugjöf sín hjá löggreglunni í Keflavík hafi verið lítilfjörleg. Þetta hafi einkennst af "þreifingum í allar áttir", þ.e. löggreglan var að kanna tengsl fólks innbyrðis o.fl. Eftir að búið var að ræða stuttlega við hann var hann láttinn bíða til um kl. 23:00 um kvöldið, þ.e. á meðan verið var að sækja einhvern annan sem einnig þurfti að spyrja spurninga.

Sérstaklega aðspurður kvaðst Einar Haukur ekki minnast þess að hafa verið sýndar ljósmyndir hjá löggreglunni í Keflavík. Hins vegar var honum sýnt leirhöfuðið og hann spurður að því hvort það líktist einhverjum sem hann þekkti.

1.13 Fréttasflutningur af gangi rannsóknarinnar

Samkvæmt því sem komið hefur fram hér að framan virðast rannsóknaraðilar í Keflavík hafa upplýst fjölmöla jafnóðum um gang mála. Undirrituð ætlað ekki að fjalla neitt nánar um þetta atriði en vill þó taka fram að margt, sem hægt er að lesa um rannsóknina í dagblöðum frá þeim tíma, leiðir líkum að því að rannsóknaraðilar hafi misst tökin á samskiptum sínum við fjölmöla.

Svo virðist sem fjölmölamenn hafi einnig misst tökin á sinni umfjöllun um málið, þó sérstaklega á meðan Reykjavíkurrannsóknin stóð yfir. Á þeim tíma var svokölluð rannsóknarblaðamennska að ryðja sér til rúms hér á landi. Enn fremur varð mikil samkeppni meðal síðdegisblaðanna þegar Dagblaðið kom fram á sjónarsviðið. Fljótlega eftir að Reykjavíkurrannsóknin hófst fóru að koma fram ásakanir í garð þáverandi dómsmálaráðherra um að hafa reynt að hefta rannsóknina með því að senda bæjarfógetanum í Keflavík til umsagnar erindi Sigurbjarnar Eiríkssonar og Magnúsar Leópoldssonar, dags. 11. mars 1975, varðandi orðróðum um þá. **Jafnframt var honum gefið að sök að hafa ranglega látið opna Klúbbinn að nýju eftir að úppvist var um skattsvík rekstraraðila staðarins á árinu 1972.**

Skjal II/2.1.5.4

Þess má jafnframt geta að á meðal gagna Geirfinnsmálsins er m.a. að finna þó nokkrar ábendingar frá blaðamönnum. Þar má nefna Magnús Gíslason og Vilmund Gylfason auk fleiri fjölmölamanna. Magnús nýtur hins vegar þeirrar sérstöðum að hafa komið að upphafi rannsóknarinnar, jafnvel tekið þátt í henni að hluta og er þar að auki vitni í rannsókn á tildrögum þess að gerð var leirmynd af manninum í Hafnarbúðinni, þ.e. bæði í rannsókninni 1979 og í núverandi rannsókn. Þess má geta að sumar áðurgreindra ábendinga frá blaðamönnum eru það vafasamar að segja má að verið sé að viðhalda eða breiða út söguburð.

1.14 Gerð leirmyndarinnar

Ríkey Ingimundardóttir, listakona, sagði í skyrslutöku þann 14. nóvember 2001 að “skrifa” megi tilurð leirmyndarinnar algjörlega á hana. Það var hún ein sem átti hugmyndina að gerð hennar og virðist þetta í samræmi við framburð hennar í rannsókninni sem fór fram 1979 á tilurð leirmyndarinnar. Um aðdraganda þessa taldi hún að þáverandi eiginmaður hennar, Kjartan Sigtryggsson, þá löggreglumaður í Keflavík, hafi spurt hana að því hvort hún væri til í að teikna mynd af manninum sem kom í Hafnarbúðina til að hringja. Taldi hún að þá hafi löggreglan í Keflavík þegar verið búin að leita til Magnúsar Gíslasonar varðandi hið sama. Eitthvað voru stjórnendur rannsóknarinnar óánægðir með myndir hans og vildu því kanna þetta. Jafnframt þessu taldi Ríkey að hún hafi aðstoðað löggregluna í Keflavík í öðru máli, hvort það var fyrir eða eftir hvarf Geirfinns mundi hún hins vegar ekki.

Eftir að Ríkey hafði gert fjölda teikninga, sem sjónarvottar voru ekki nógur ánægðir með, ákvað hún að móta mynd af umræddum manni í leir en hún var betri í slíku en að teikna. Enn fremur fannst henni miklu þægilegra að breyta leirmynd eftir fyrirsögn

vitna heldur en teikningu. Við þessa vinnu, þ.e. bæði við gerð teikninganna og síðar við gerð leirhöfuðsins, ræddi hún við tvær konur sem höfðu séð umræddan mann og taldi Ríkey að önnur þeirra væri kölluð Laula. Hún mundi hins vegar ekki nafn hinnar konunnar en taldi að þær hefðu komið heim til hennar nokkrum sinnum í þeim erindagjörðum að líta á teikningar og síðar á leirmyndina en auk þeirra taldi Ríkey að þriðja konan hafi einnig verið sjónarvottur en vildi lítið koma nálægt gerð teikninganna og leirmyndarinnar. Taldi hún jafnframt að sú kona hafi borið við minnisleysi og því ekki viljað skipta sér af þessu.

Aðspurð kannaðist Ríkey ekki við að hafa fengið í hendur ljósmyndir af einhverjum manni eða mönnum frá löggreglunni í Keflavík eða einhver önnur gögn er hún átti að hafa til hliðsjónar við sín störf fyrir löggregluna. Í þess stað hafi hún teiknað myndirnar frá grunni eftir fyrirsögn vitnanna, hún myndi ekki getur. Þetta er hins vegar í ósamræmi við fyrri framburð hennar um sama efni en í skýrslutöku hjá RLR þann 29. nóvember 1979 kvaðst hún hafa “fengið sendar ljósmyndir af mönnum og ljósmyndir af andlitspörtum, þ.a.m. augum. Ljósmyndirnar hafi verið af ýmsum stærðum og hafi þar verið um margar myndir að ræða. Myndin af augunum hafi verið aflöng”. Nánar um notkun þessara ljósmynda sagði Ríkey þá að sjónarvottarnir hefðu m.a. “bent á ákveðin atriði á ljósmyndunum sem þeim fannst líkjast manninum”.

Skjal II/1.7

Nánar varðandi gerð leirmyndarinnar kvaðst Ríkey hafa unnið við hana í nokkra daga eða alveg þangað til hún gat ekki gert meira þar sem vitnin vildu ekki breyta meiru. Taldi Ríkey að vitnin hefðu ekki munað meira en hvort konurnar voru ánægðar með útkomuna vissi hún ekki. Hins vegar hefðu þær engu viljað breyta þar sem þær vissu ekki hverju þær áttu að breyta. Sjálf var hún reiðubúin til að breyta áfram leirmyndinni þangað til konurnar yrðu sáttar og þetta hafi komið fram þegar hún afhenti löggregluna hana.

Eftir að Ríkey lauk við leirmyndina, og hún var orðin þurr, var farið með hana í Gagnfræðaskólanum í Keflavík þar sem hún var brennd. Ríkey var hins vegar ekki viss hvort myndin hafi farið þangað beint eða hvort hún gæti hafa farið áður til löggreglunnar. Hins vegar minntist hún þess að löggreglumaður og blaðamaður hafi komið heim til hennar til að líta á styttuna. Það geti því verið að ljósmyndir hafi verið teknar af henni blautri. Hún minntist þess jafnframt að hún hafi verið undir mikilli pressu að ljúka við leirmyndina sem fyrst og hafi setið við þar til verkinu lauk.

Aðspurð segir Ríkey að hún hafi ekki fengið í hendur neinar myndir sem Magnús Gíslason kynni að hafa teiknað þar sem stjórnendur rannsóknarinnar vildu að hennar viðhorf endurspegluðust í hennar vinnu. Þau hafi ekki heldur haft nein samskipti á meðan á þessu stóð og reyndar hafi hún ekki þekkt Magnús. Hins vegar taldi Ríkey að Haukur Guðmundsson hafi komið heim til hennar vegna þessarar vinnu fyrir löggregluna en hvort það var fyrir eða eftir að hún byrjaði á leirmyndinni mundi hún ekki. Jafnframt taldi hún að Valtýr Sigurðsson, þáverandi fulltrúi bæjarfógeta, hafi einnig komið til hennar á meðan á þessu stóð en reyndar hafi enginn á vegum löggreglunnar verið viðstaddir þegar hún var að móta myndina. Einnig taldi hún að Kristján Pétursson hafi ekkert komið að gerð leirmyndarinnar.

Nánar um samskipti sín við vitnin sagði Ríkey að annað þeirra hafi komið með einhverjar athugasemdir í sambandi við munnvíkin auk einhverra athugasemda um hára-

lag að aftan. Hún hafi reynt að lagfæra þessi atriði eins vel og hún gat. Það er því nokkuð ljóst að hún hafi talið sig hafa lokið við gerð teikninganna og leirmyndarinnar eins vel og hún gat samkvæmt fyrirsögn sjónarvottanna og þeir hafi ekki tekið neitt sérstaklega fram að þeir væru ósáttir við einhver sérstök atriði. Hins vegar voru þeir fremur óvissir varðandi ýmis atriði og vissu ekki hvað var hægt að gera betur.

Ríkey taldi sig ekki hafa séð áður tvær ljósmyndir af Magnúsi Leópoldssyni sem voru meðal rannsóknargagna Geirfinnsmálsins. Hún kvaðst ekki heldur hafa heyrta minnst á Magnús eða nokkurn annan á þeim tíma sem hún var að þessu og reyndar taldi hún að hann líktist ekki leirmyndinni.

Borin var undir Ríkeyju samþrófun hennar við Guðlaugu Konráðs Jónasdóttur frá 3. mars 1980. Í henni kvaðst Guðlaug ekki hafa séð leirmyndina nema á mynd. Ríkeyju fannst skrýtið að hún skyldi ekki kannast við þetta og taldi nokkuð öruggt að Guðlaug hafi komið heim til hennar. Enn fremur var hún með einhverjar athugasemdir varðandi leirmyndina, hvað nákvæmlega mundi hún ekki.

Skjal II/1.16

Áðurgreindur framburður Guðlaugar um að hún hafi ekki séð leirmyndina á mynd er ekki í samræmi við það sem hún sagði í skýrslutöku hjá undirritaðri þann 8. október 2001. Þá kvaðst hún hafa séð umrædda leirmynd einu sinni, það var þegar Haukur Guðmundsson hringdi í hana og bað hana um að koma á lögreglustöðina. Þar var leirmyndin uppi á skáp í varðstofunni og sýndist Guðlaugu hún vera fullgerð. Hvenær þetta var mundi hún ekki en taldi trúlegt að þetta hafi verið áður en leirmyndin var birt í fjölmölum, reyndar var hún spurð aftur um þetta og taldi Guðlaug nokkuð öruggt að hún hafi ekki séð leirmyndina í neinum fjölmöli áður en hún sá hana hjá Hauki, hún hafi séð leirmyndina í fyrsta skipti þarna á lögreglustöðinni.

Aðspurð sagði Guðlaug að tilgangur þessa hafi verið sá að bera undir hana leirmyndina og kanna hvort henni fyndist leirmyndin líkjast umræddum manni í Hafnarbúðinni. Hún vissi hins vegar ekki til þess að það ætti að breyta leirmyndinni frekar eftir hennar fyrirsögn en við það tækifæri sagði hún að myndin líktist ekki manninum nema hárið væri svipað enda var slíkt háralag í tísku þá. Hins vegar hafi hún ekki komið nálægt gerð myndarinnar og reyndar tók Guðlaug fram að hún væri ekkert í líkingu við þann mann sem hún sá og gerð myndarinnar hafi spilt fyrir rannsókninni að hennar álti.

Fram kom hjá Guðlaugu að eitthvað hafi verið búið að minnast á það við hana að fara heim til Ríkeyjar til lýsa nánar manninum. Einhverra hluta vegna varð ekkert úr því. Nánar um það atriði sagði Guðlaug öruggt að hún hafi ekki farið heim til Ríkeyjar, hún myndi örugglega muna eftir því.

Það er ekki einungis Ríkey sem telur sig bera ábyrgð á gerð leirmyndarinnar því í skýrslutöku þann 10. desember 2001 kvaðst Valtýr Sigurðsson hafa gefið fyrirmæli um gerð hennar. Það var í kjölfar þess að leitað hafði verið til rannsóknarlöggreglunar í Reykjavík til að gera raðmynd samkvæmt fyrirsögn þeirra Guðlaugar og Ástu Elínar sem þær voru reyndar aldrei sáttar við frekar en teikningar sem gerðar voru í málínu. Í ljósi þess hversu ónánægðar þær voru með þetta þorðu þeir aldrei að birta þessar teikningar.

Það var síðan stuttu síðar að Haukur Guðmundsson færði Valtý þau boð að Ríkey hefði áhuga á að gera leirmynd og fannst honum þetta strax áhugavert þar sem þær Guðlaug og Ásta höfðu ekki komið sér saman um myndirnar. Hann gaf því þau fyrirmæli að við gerð leirmyndarinnar yrðu þær Ásta og Guðlaug kallaðar til og þær fengju að breyta útliti hennar á meðan leirinn væri mjúkur. Þannig væri hugsanlega hægt að samræma betur hugmyndir þeirra um útlit mannsins. Valtý brá hins vegar þegar hann frétti eftir á að Guðlaug teldi sig lítið hafa komið nálægt gerð leirmyndarinnar og væri ósátt við útlit hennar að hann minnir eftir að búið var að birta hana í fjöldum.

Varðandi birtingu leirmyndarinnar kvaðst Valtýr hafa óskað eftir fundi með sérfræðingum Sakadóms Reykjavíkur til að að gera þeim grein fyrir rannsókninni og til að bera undir þá hvort ætti að birta leirmyndina. Einnig átti að kanna möguleikana á því að færa rannsóknina til Reykjavíkur. Fundur þessi var 26. nóvember 1974 í húsnæði rannsóknarlöggreglunnar í Reykjavík og er m.a. fjallað um hann í Morgunblaðinu daginn eftir. Niðurstaðan var sú að rannsókninni yrði áfram stjórnað frá Keflavík en Nirði Snæhólm, aðalvarðstjóra hjá rannsóknarlöggreglunni í Reykjavík, var falið að aðstoða við yfirheyrlur eftir þörfum. Einnig var talið í lagi að birta leirmyndina enda talið að ekki yrði komist nær lýsingu á manninum en þó hafði komið fram á fundinum að leirmyndin þótti ólik þeim myndum sem fyrir lágu í málínu og gerðar höfðu verið eftir fyrirsögn vitna. Þegar leirmyndin var síðan birt í fjöldum hafi verið tekið fram að myndin væri talin líkjast manninum í Hafnarbúðinni samkvæmt lýsingu sjónarvotta.

Í tilefni af núverandi rannsókn benti Valtýr á að leirmyndin hafi verið birt í fjöldunum viku eftir að Geirfinnur hvarf og reyndar hafi verið byrjað á henni einhverjum dögum fyrr. Hann taldi því ásakanir um að rannsóknaraðilar hafi á þeim stutta tíma viljað bendla Magnús Leópoldsson við hvarf Geirfinns með þessum hætti alveg út í hött.

Haukur Guðmundsson taldi einnig að Ríkey hafi sjálf átt hugmyndina að gerð leirmyndarinnar og hún hafi hafist handa við verkið á fyrstu dögum rannsóknarinnar eða strax um helgina eftir að Geirfinnur hvarf þar sem löggreglan í Keflavík var búin að fá myndina í hendur þann 26. nóvember. Varðandi þátt Guðlaugar í gerð myndarinnar kvaðst Haukur hafa komið í nokkur skipti heim til Ríkeyjar á meðan hún vann að gerð hennar og man hann ekki annað en hann hafi séð Guðlaugu þar í eitt skiptanna.

Haukur minntist jafnframt fundar með Guðlaugu á löggreglustöðinni fyrir birtingu myndarinnar í fjöldum og þar hafi verið viðstaddir auk hans Valtýr og að hann telur Kjartan. Þar að auki var einhver kona með Guðlaugu. Það var ekki búið að brenna leirinn og bréfpoki var yfir leirhausnum til að hindra að hann þornaði. Fram kom hjá Guðlaugu að leirmyndin væri ekkert lík manninum sem kom í Hafnarbúðina og kvaðst hún helst vera ósátt við niðurandlitið. Var þá boðist til að breyta myndinni en Guðlaug vissi ekki hverju átti að breyta.

Í skýrslutöku vegna þessarar rannsóknar kvaðst Kjartan Sigtryggsson ekki muna hvernig það atvikaðist að þáverandi eiginkona hans, Ríkey Ingimundardóttir, var fengin til að reyna að teikna mynd af manninum í Hafnarbúðinni eftir fyrirsögn sjónarvotta. Hann taldi þó að þeir, sem önnuðust rannsókn mannshvarfsins, hafi beðið hann um að ámálga þetta við Ríkeyju, þáverandi eiginkonu hans. Varðandi

gerð leirmyndarinnar kveðst Kjartan hafa passað sig á því að skipta sér sem minnst af því sem Ríkey var að gera fyrir lögregluna. Hann taldi hins vegar að Ríkey hafi haft samband við Valtý Sigurðsson, fulltrúa bæjarfógetans, og Hauk Guðmundsson á meðan hún var að gera leirmyndina og minntist þess að þeir komu heim til hans. Jafnframt var yngri stúlkani í Hafnarbúðinni heima hjá þeim Ríkeyju vegna leirmyndarinnar og þar að auki taldi hann að Guðlaug hafi einnig komið heim til þeirra en vildi þó ekki fullyrða það.

Nánar um þátt Guðlaugar í gerð leirmyndarinnar er það mjög sterkt í vitund Kjartans að Guðlaug hafi komið að gerð hennar þótt hann muni ekki eftir því að hafa séð hana heima hjá þeim Ríkeyju. Taldi Kjartan fullvist að hann hafi heyrt það eða orðið þess áskynja með öðrum hætti, annars væri þetta ekki svona sterkt í hans minni. Jafnframt taldi hann að Guðlaug hafi séð leirmyndina áður en hún birtist í fjölmíðlum og minntist þess að hún hafi komið niður á lögreglustöð og þá séð leirmyndina þó hann hafi ekki verið viðstaddir.

Aðspurður kvaðst Ásmundur Guðmundsson, fyrrverandi yfirlöggregluþjónn í Kópavogi, ekkert vita um gerð umræddrar leirmyndar og reyndar hafi hann fyrst frétt af gerð hennar í fjölmíðlum. Hvað varðar leirmyndina og ljósmyndirnar, sem hann útvegaði lögreglunni í Keflavík, taldi Ásmundur nokkuð öruggt að hann hafi aflað ljósmyndanna eftir að búið var að birta leirmyndina í fjölmíðlum. Hann kvaðst þar að auki aðspurður ekki minnast þess að hafa heyrt nafn Magnúsar Leópolssonar nefnt varðandi hvarf Geirfinns Einarssonar þegar hann var að aðstoða lögregluna í Keflavík í mannhvarfsrannsókninni.

Það hefur vakið athygli hjá undirritaðri, og öðrum sem hafa komið að þessu máli, að háralag leirstyttunnar er öfugt miðað við skiptingu Magnúsar Leópolssonar og flestra annarra. Það sama gildir um teikningarnar tvær og raðmyndina sem eru fyrirliggjandi í málinu. Þetta samræmi milli teikninganna og leirmyndarinnar vekur athygli og erfitt er að trúa því að bæði Magnús og Ríkey hafi gert slík mistök ef þau hafa stuðst á annað borð við ljósmyndir af Magnúsi við gerð sinna teikninga af manninum í Hafnarbúðinni en ljóst þykir að Ríkey gerði leirmyndina eftir sínum teikningum.

Töluberð blaðaumfjöllun er um gerð leirmyndarinnar, bæði á meðan á henni stóð og ekki síður haustið 1976 er dagblööd fóru að draga í efa þær aðferðir sem notaðar voru við gerð hennar. Fyrstu umfjöllun dagblaða um gerð hennar er hins vegar að finna í Alþýðublaðinu frá þriðjudaginum 25. nóvember 1974 (sem er að vísu mánuðagur) og í Morgunblaðinu 26. nóvember og reyndar er sýnd ljósmynd af hnakkasvip hennar í þeirri frétt.

Í áðurgreindri frétt í Morgunblaðinu kemur m.a. fram að þeir Valtýr og Haukur ætli þann dag, þriðjudag, "til fundar við rannsóknarlögregluna í Reykjavík til að heyra þeirra hugmyndir um málið og skiptast á upplýsingum. Verður þá einnig tekin ákvörðun um hvort mynd af leirstyttunni verður afhent fjölmíðlum til birtingar, en er Morgunblaðsmenn fengu að sjá myndina, var hún langt komin í móton og feiknarlega vel gerð og á hún vafalaust eftir að aðstoða við lausn málsins". Jafnframt greinir Tíminn sama dag frá leirmyndinni en þar segir "að verið er að gera leirmynd af manninum, en að svo stöddu, er ekki hægt að segja neitt nánar um það verk, þar sem því er ekki lokið". Daginn eftir, þ.e. miðvikudaginn 27. nóvember 1974, birta öll dagblöðin síðan mynd af leirmyndinni, þ.e. sama dag og fram kemur í dagblöðum að Geirfinnur

hafi farið í Klúbbinn tveimur kvöldum áður en hann hvarf eins og áður hefur verið fjallað um. Eftir það virðist sem umrædd leirmynd hafi verið tengd Geirfinnsmálínu órjúfanlegum böndum jafnvel þótt ekkert hafi verið notast við hana í Reykjavíkur-rannsókninni.

Það er síðan í Dagblaðinu þann 27. október 1976 að leirmyndin er sögð vera skáldskapur frá upphafi í frétt undir fyrirsögninni "Sjónarvottar hafa ekki allir verið yfirheyrðir". Þar er m.a. að finna eftirfarandi: "Leirmyndin af manninum, sem sagt er að hafi hringt í Geirfinn Einarsson kvöldið, sem hann hvarf, þ.e. 19. nóvember 1974, er ekki gerð eftir fyrirsögn sjónarvottanna tveggja. Til þriðja sjónarvottsins var aldrei leitað af hálfu rannsóknarmanna um leiðsögn við gerð myndarinnar".

Skjal II/1.23

Í kjölfar þessarar fréttar, eða þann 1. nóvember 1976 er að finna í Dagblaðinu bréf Hauks Guðmundssonar, rannsóknarlöggreglumanns í Keflavík, dags. 29. október 1974, þar sem hann mótmælir þeim staðhæfingum sem er að finna í áðurgreindri frétt frá 27. október. Með bréfinu fylgir yfirlýsing Kjartans Sigtryggssonar um gerð leirmyndarinnar og vettvangsteikning af Hafnarbúðinni, væntanlega úr rannsóknargögnum, hversu ótrúlegt sem það virðist vera. Við þetta má bæta að Kjartan var í skýrslutöku hjá undirritaðri spurður um þessa yfirlýsingu. Hann kvaðst lítið muna eftir henni en Haukur ritaði hana og hann síðan undirritaði án mikillar umhugsunar.

Skjal II/1.24 til 1.26

Seinna í sama mánuði, eða laugardaginn 20. nóvember 1976, birtist grein í DV eftir Magnús Gíslason undir fyrirsögninni "Leirfinnur: Myndin var óraunhæf og því gagnslaus". Í henni fjallar Magnús um tilraun hans til að draga upp mynd af "ókunna" manninum. Jafnframt andmælir hans ýmsu sem er að finna í áðurgreindu bréfi Hauks til DV og í yfirlýsingu Kjartans auk þess sem hann dregur í efa trúverðugleika þeirra vinnubragða sem voru ástunduð við gerð leirmyndarinnar. Það sem vekur hins vegar mesta athygli við þessa grein er eftirfarandi frásögn Magnúsar af því þegar Kjartan Sigtryggsson, löggreglumaður í Keflavík, kom heim til hans á laugardeginum eftir hvarf Geirfinns: "Gögnin sem hann hafði meðferðis voru tvær ljósmyndir af ungum mönnum úr safni löggreglunnar og hin þriðja, mynd af mjög dökkum augabréfum, sem óskað var eftir að felld yrði inn í myndina. Útlínurnar á hári piltsins og andliti kvað Kjartan sjónarvottana telja svipaðar og á "óþekkta" manninum en andlitsfallið ekki. Samansettum myndina frá tæknideildinni fékk ég hins vegar ekki að sjá".

Þessi framburður virðist í samræmi við þann framburð sem Magnús gaf í fyrra leirhöfuðrannsókninni sem hófst í nóvember 1979. Hann er einnig keimlíkur þeirri frásögn Magnúsar um að Skarphéðinn Njálsson hafi komið með ljósmynd og beðið hann um að teikna inn á hana. Hins vegar var sú ljósmynd af Magnúsi Leópoldssyni en ekki tvær ljósmyndir af ungum mönnum úr safni löggreglunnar. Í ljósi þessa hlýtur að vakna sú spurning hvort um sé að ræða einn og sama atburðinn sem Magnús er að lýsa í þessum mismunandi framburðum.

Skjal II/1.27

1.15 Ábendingar

Fram kemur í dagblöðum frá þessum tíma að löggreglunni hafi borist fjöldi ábendinga um það hverjum leirmyndin líktist eða um 70 til 100 talsins. Í lausblaðamöppu, sem virðist innihalda vinnuskjöl löggreglunnar í Keflavík úr mannhvarfsrannsókninni og fannst í geymslu á vegum Sýslumannsins í Keflavík nýverið, er m.a. að finna lista

með a.m.k. 73 nöfnum. Athygli vekur að Magnús Leópoldsson er annar á honum og strikað hefur verið undir nafn hans og tveggja annarra einstaklinga. Einnig vekur það athygli að svo virðist sem einungis ein ábending hafi borist löggreglu varðandi Magnús en fram hefur komið í opinberri umræðu af hálfu rannsóknaraðila í Keflavík að fjöldi ábendinga hafi borist varðandi hann. Umrædd ábending, sem kemur frá Herði Barðdal, er dagsett 27. nóvember 1974.

Skjöl II/1.44 og II/1.50

Ekkert bendir til annars en að það sé tilviljun að Hörður benti á Magnús. Þetta símtal hafi átt sér stað í framhaldi af umræðu á vinnustað Harðar um hverjum leirmyndin líktist helst. Hins vegar vekur það athygli að á skjali, dags. 30. nóvember 1974, og er merkt Magnúsi Leopoldssyni, er einungis getið þessarar einu ábendingar frá Herði Barðdal.

Skjal II/1.52

Fram hefur komið við rannsókn málsins að hér er væntanlega um að ræða eitt af mörgum yfirlitum sem löggreglan í Keflavík sendi rannsóknarlöggreglunni í Reykjavík yfir þá sem búið var að benda á. Það er því ekki útilokað að fleiri en ein ábending hafi komið á Magnús en því hefur verið haldið fram í opinberri umræðu um málið að um hafi verið að ræða fjölda ábendinga á hann.

Ekkert í fyrirliggjandi gögnum rennir hins vegar stoðum undir þetta heldur þvert á móti. Því til stuðnings má benda á að þann 30. nóvember virðist einungis ein ábending komin á Magnús eins og áður hefur komið fram. Jafnframt má benda á þá staðreynd að í ádurgreindri lausblaðamöppu er að finna 50 ábendingar en samkvæmt blaðafregnum hafa um 150 manns hringt inn ábendingar föstudaginn 29. nóvember. Þegar þessi gögn eru skoðuð kemur í ljós að það vantar ábendingar inn í röðina ef miðað er við númer ábendinganna en yfirleitt er tilgreint númer bókar, sem ábendingin er tekin upp úr og númer ábendingarinnar sjálfrar. Af þessu má álykta að sumar ábendinganna hafi verið þannig að það tók því ekki að vélrita þær upp úr bókunum sem þær höfðu verið skráðar í. Hins vegar er ekkert hægt að fullyrða í þeim efnum.

Nánar þessu til stuðnings má benda á að ítrekaðar ábendingar á suma einstaklinga skiluðu sér inn í umrædd gögn. Sem dæmi má nefna Baldvins Baldvinssonar, þekkts knattspyrnumanns á þeim tíma, en hann er beinlínis nefndur á nafn í sex ábendingum og þar að auki virðist lýsing í einni til viðbótar geta átt við hann. Einnig má nefna nafn Egils Ólafssonar. Það sama á við þar. Hann er nefndur á nafn í sex ábendingum og ein ábendingin til viðbótar gæti átt við hann. Þetta eru einungis tvö dæmi um nöfn sem koma ítrekað fyrir. Þess má geta að Baldwin Einarsson, löggreglfulltrúi, útbjó yfirlit yfir nöfn í ábendingum sem fundust í umræddri lausblaðamöppu hjá löggreglunni í Keflavík.

Skjal nr. 1.77.3 til 1.77.5

Við nánari skoðun á umræddum gögnum í lausblaðamöppunni kom í ljós að maður að nafni Guðmundur Agnarsson, sími 26317, mun hafa hringt til löggreglu með ábendingu. Taldi hann lýsinguna passa við Pálma Friðriksson, Sæviðarsundi 82, Reykjavík, og væri hann í svipuðum fötum og grófur í andliti. Um er að ræða upplýsingar sem sendar voru rannsóknarlöggreglunni í Reykjavík þann 27. nóvember 1974 (úr bók nr. III, upplýsing nr. 23). Svo virðist sem um sé að ræða sama Guðmund Agnarsson og hélt því fram síðar við fjölskyldu sína að hann hefði verið viðstaddir þegar Geirfinnur

drukknaði við að sækja spíra út á sjó (sama símanúmer). Um þetta er fjallað nánar á bls. 63 (2.1 – Frásögn Guðmundar Agnarssonar).

Einnig er að finna í umræddum gögnum tvær ábendingar á Kristófer Reykdal, þ.e. annars vegar frá starfsmanni KRON í Kópavogi og hins vegar frá ónefndum löggreglumann i Reykjavík. Þann 13. febrúar 1975 ritaði Kristján Pétursson, deildarstjóri í tollgæslunni, upplýsingaskýrslu þar sem hann gerði grein fyrir upplýsingum sem honum höfðu borist um fund nokkurra manna í Hafnarbúðinni á tímabilinu 11. til 19. nóvember 1974. Taldi sjónarvotturinn að einn þessara manna hafi verið Geirfinnur og fyrir utan hafi staðið bifreið merkt K.R. vélaleigunni. Um Kristófer er fjallað nánar á bls. 58 (1.19 – KR-vinnuvélar).

Að sögn Hauks Guðmundssonar fékk lögreglan fjölda ábendinga um menn sem taldir voru líkjast manninum í Hafnarbúðinni og kvaðst hann viss um að fleiri en ein ábending hafi borist varðandi Magnús Leópoldsson. Hann vissi þó ekki hversu margar þær voru og mundi ekki eftir þeim sérstaklega til að geta greint frá þeim. Hins vegar voru flestar ábendingarnar á þekktan knattspyrnumann, Baldwin Baldvinsson, og einhverjar sögusagnir fóru af stað um hann. Haukur kvaðst jafnframt hafa staðið í þeirri trú í lok nóvember 1974 að rannsóknarlöggreglan í Reykjavík myndi vinna úr þeim ábendingum sem lutu að mönnum búsettu þar. Hins vegar var lítið gert af þeirra hálfu í þeim efnunum sem m.a. leiddi til þess að Haukur fékk umrædda aðstöðu á lögreglustöðinni í Reykjavík.

Þess má geta að í tölvuútprentunum frá Reykjavíkurraðnossókninni er eftirfarandi athugasemd undir nafni Magnúsar Leópoldssonar: "5.03.75 María Friðbergsdóttir er talin geta veitt upplýsingar um Magnús. Reyndist vera rangt". Ekki liggur fyrir hvað fólst í þessari ábendingu eða frá hverjum hún er komin. Blaðsíða 3152, sem hún á að hafa verið, er ein þeirra blaðsíðna sem vantar úr Keflavíkurraðnossókninni.

1.16 Unnið úr ábendingum

Þar sem megnið vantar af gögnum Keflavíkurraðnossóknarinnar hefur það reynst erfið-leikum bundið að kanna hversu mikið rannsóknaraðilar unnu úr ábendingunum. Hins vegar er á nokkrum stöðum hægt að finna bein og óbein ummerki þess að þeir hafi rætt við ýmsa þá sem er að finna á umræddum lista yfir ábendingar, þó einna helst í tölvugögnum málsins. Með aðstoð þeirra hefur verið unnt að raða saman ófullkominni mynd af fyrstu dögum rannsóknarinnar í Keflavík og hvað er að finna á þeim gögnum sem vantar úr þeirri rannsókn.

Hér mætti hins vegar vísa til fréttar Mbl. frá 28. nóvember 1974. Þar kemur m.a. fram eftirfarandi um gang rannsóknarinnar en lögreglan hafði þá þegar fengið nöfn 70 manna af öllu landinu í um 100 símtölum frá almenningi: "Aðalstöð löggreglunnar í Reykjavík hefur að sögn varðstjóra fengið feiknin öll af ábendingum og úthverfa-stöðvar hafa einnig fengið tilkynningar sama eðlis. Allar upplýsingar málinu viðkomandi eru sendar til Keflavíkur, en enn fremur rannsakar rannsóknarlöggregla á hverjum stað tilkynningarnar. Að sögn Magnúsar Eggertssonar yfirrannsóknarlöggregluþjóns í Reykjavík, hefur stofnun hans fengið til athugunar nöfn mjög margra. Sagði hann, að úrvinnsla gagna væri á frumstigi".

Í sömu frétt er greint frá ábendingum, sem lögreglan á Akranesi hafði fengið, en þær þóttu sérstakar að því leyti að þær voru allmargar en bentu allar á sama aðilann. Á

Akureyri hafði löggreglan fengið margar ábendingar, m.a. um mann sem kom á smurstöð með bifreið á G-númeri. Enn fremur hafði rannsóknarlöggreglan í Hafnarfirði tal af manni samkvæmt sömu frétt.

Í Vísi sama dag birtist frétt undir fyrirsögninni “Margir líkjast eftirlýsta manninum – nokkrir þegar yfirheyrðir vegna þess að þeir líkjast leirmyndinni – höfðu allir fjarvistarsönnun – yfir hundrað ábendingar komnar”. Í henni kemur fram að nokkrir menn hafi verið yfirheyrðir og þeir hafi margir verið ansi líkir leirstyttni. Hins vegar hafi böndin ekki enn borist að neinum ákveðnum manni. Jafnframt kemur fram að flestar ábendingar, sem borist hafa, eigi við menn búsetta á Reykjavíkursvæðinu.

Í Alþýðublaðinu þennan sama fimmtudag er að finna frétt undir fyrirsögninni “Rannsóknin nær nú yfir allt landið”. Þar er greint frá að í nokkrum tilvikum hafi borist fleiri en ein ábending um sama einstakling og muni löggregla í Keflavík nú senda nöfn þeirra manna til löggregluyfirvalda í viðkomandi umdæmum. Þau muni síðan kalla menn þessa á sinn fund og láta þá gera grein fyrir sér og sínum ferðum. Í sömu frétt er einnig fjallað um skotvopnaeign og skotvopnaleyfi Geirfinns.

Í Tímanum þann 28. nóvember 1974 segir að þrír lögreglumenn hafi einvörðungu haft þann starfa að taka á móti upplýsingum frá fólk og skrá þær niður í bækur. Jafnframt er haft eftir Hauki Guðmundssyni að þótt fleiri en ein ábending hafi borist á nokkra menn legðu þeir ríka áherslu á að enn væri enginn grunaður þar sem rannsóknin væri það skammt á veg komin. Jafnframt kemur fram í sömu frétt að “enginn hafi verið leiddur fyrir stúlkurnar í Hafnarbúðinni” og er þar væntanlega átt við að engin sakbending hafi farið fram.

Fram kemur í frétt í Morgunblaðinu þann 1. desember 1974 að daginn áður hafi þeir Haukur Guðmundsson og Valtýr Sigurðsson farið til Reykjavíkur til “að athuga með nokkra menn, sem t.d. hafa unnið með Geirfinni og vitað er að þekktu hann og bera einhvern svip af styttunni”.

Þann 14. desember 1974 kemur fram í frétt í Alþýðublaðinu að einungis tíu manns séu enn eftir í þeim hópi sem lögreglunni í Keflavík hefur verið bent á að svipaði til leirmyndarinnar en um sjötíu hafi verið útilokaðir. Í sömu frétt kemur fram að löggreglan í Keflavík sé byrjuð að vinna með 16000 nafna úrtak úr þjóðskránni sem nær til allra íslenskra karlmannna á aldrinum 25 til 35 ára. Í frétt Vísins þann 17. desember er einnig fjallað um þetta úrtak.

Ljóst þykir, þegar þessar blaðagreinar eru bornar saman við fyrirliggjandi gögn eins og t.d. tölvuútskriftir í málinu, að þó nokkur vinna hefur verið lögð í það af hálfu rannsóknaraðila í Keflavík að vinna úr þessum ábendingum. Einnig ber listi með 74 nöfnum, dags. 29. nóvember 1974, þess merki að þó nokkuð hafi verið unnið úr þessum lista. Þar að auki benda önnur gögn, sem nýlega fundust í skjalageymslum lögreglunnar í Keflavík, til þess að tölverð vinna hafi farið í að kanna hverjir væru eigendur eða umráðamenn Mercedes Benz sendibfreiða, sbr. umfjöllunina á bls. 16 hér að framan (4 – Viðbótargögn úr Keflavík).

Í skýrslu Hauks Guðmundssonar, rannsóknarlöggreglumanns, um rannsókn á hvarfi Geirfinns Einarssonar, dags. 14. desember 1974 (bls. 3142), kemur fram að hún hafi “að miklu leyti verið í formi athugana og upplýsingaöflunar um Geirfinn Einarsson,

heimili hans, vinnufélaga og annað fólk sem talið er að hann hafi umgengist". Í sömu skýrslu kemur fram að úttekt hafi verið gerð hjá Skýrr um allar Fiat bifreiðar á landinu af tiltekinni gerð og það sama hafi verið gert varðandi Mercedes Benz sendi- og hópferðabifreiðar af tiltekinni gerð, og skyldar tegundir í sama þyngdarflokki, en rannsókn málsins beindist á því augnabliki að þessum bifreiðategundum eins og reyndar kemur fram í fjölmöldum um svipað leyti.

Einnig segir Haukur í sömu skýrslu að könnun á ferðum fólks til og frá landinu með farþegaflugi frá og með 20. nóvember sé á lokastigi en fram kemur í gögnum málsins og í skýrslutökum að bæjarfógetinn í Keflavík hafi falið **Kristjáni Péturssyni**, deildarstjóra í tollgæslunni að sjá um þann þátt rannsóknarinnar eins og áður hefur komið fram. Haukur greinir einnig frá úttekt hjá Skýrr úr þjóðskrá um alla þá karlmenn sem eru 25 til 35 ára að báðum árum meðtoldum. Fram kemur að úrvinnsla þessara gagna sé á frumstigi en þó hafi verið útilokaðir um 70 karlmenn, sem ábendingar hafi borist lögreglunni um að líkir séu leirmyndinni af þeim eftirlýsta.

Við skoðun máлsskjala, tölvuútprentana og gagna, sem fundust nýverið í Keflavík, þykir nokkuð ljóst að lögreglan í Keflavík hefur rannsakað jöfnum höndum flestar ábendingar sem henni bárust. Einn viðamesti þátturinn í tengslum við einstakling er án efa rannsókn á ferðum og högum Sveins nokkurs Þórðarsonar. Svo virðist sem töliverð vinna hafi verið lögð í þessa athugun sem fór fram fyrstu dagana í desembermánuði 1974 en það má ráða af tölvuútprentunum Reykjavíkurannsóknarinnar að Sveins sé getið á þó nokkrum blaðsíðum Keflavíkurannsóknarinnar. Hins vegar er ekki hægt að finna neins staðar ummerki þess að Sveinn hafi sjálfur verið yfirheyrður. Hann er nr. 68 á lista yfir ábendingar er bárust lögreglunni í Keflavík vegna leirmyndarinnar.

Sem dæmi um skýrslutökur af mönnum á listanum má nefna framburð Sigurbjarnar Ingólfssonar frá 1. desember 1974 (bls. 3044) en hann er nr. 31 á lista yfir ábendingar. Athygli vekur hversu nákvæmlega starfsferill hans í tengslum við sjómennsku og útgerð er rakinn í skýrslunni áður en farið er út í að spyrja hann um ferðir hans þann 19. nóvember. Um kvöldið sama dag var síðan tekin skýrsla af Magnúsi Þór Einarsyni, leigubifreiðastjóra (bls. 3045), en hann var talinn líkjast lýsingu á þeim manni sem lýst er eftir í sambandi við hvarf Geirfinns Einarssonar. Það vekur einnig athygli að svo virðist sem Magnús hafi verið spurður að því hvort hann hafi verið til sjós en hann greindi frá því að hann hafi verið á handfæraveiðum sl. sumar á bát sem hann átti ásamt öðrum manni. Það vekur jafnframt athygli að nafn Magnúsar er ekki að finna á umræddum lista yfir ábendingar og þó er tekið fram að myndir af honum séu nr. 3., 4, 5 og 6.

Athyglisvert er að tveir menn, sem heita Sigurbjörn og Magnús, voru yfirheyrðir sama dag, þ.e. þann 1. desember 1974, og báðir spurðir um sjómennsku sem og hvað þeir voru að gera það kvöld sem Geirfinnur hvarf. **Hvort þetta er tilviljun ein eða hvort þetta tengist með einhverjum hætti þeim sögusögnum, sem síðar fóru af stað, skal ekkert fullyrt um.** Einhverra hluta vegna hafa þó skýrslurnar af þeim verið látnar standa áfram í gögnum málsins þótt aðrar svipaðar skýrslur af öðrum aðilum hafi verið felldar út úr endanlegri uppröðun gagna.

Þegar tölvuútprentanir Reykjavíkurraðsnóknarinnar eru skoðaðar er hins vegar ekki hægt að sjá annað en rætt hafi verið við þó nokkra sem eru á umræddum lista yfir ábendingar á menn sem taldir eru líkjast leirmyndinni.

Fyrstan má þar nefna Ólaf Jón Árnason en hann virðist hafa verið yfirheyrður þann 26. nóvember og láttinn gera grein fyrir ferðum sínum þann 19. nóvember. Nafn Ólafs er ekki að finna á umræddum lista yfir ábendingar enda virðist Ólafur hafa verið yfirheyrður sama dag og leirmyndin birtist í sjónvarpi.

Annar maður, Einar Möller, er nr. 53 á listanum yfir ábendingar. Samkvæmt fyrirliggjandi tölvugönum var hann yfirheyrður 27. nóvember 1974 um ferðir hans þann 19. nóvember 1974 (bls. 3143) og jafnframt pantað sakavottorð fyrir hann.

Þriðji er Halldór Hjartarson sem er nr. 56 (bls. 3189). Hins vegar er ekki hægt að sjá hvort eða hvenær hann var yfirheyrður en nafn hans kemur að öllum líkindum fyrir í einhvers konar skýrslu eða skjali.

Sá fjórði í þessari upptalningu er Sigurður Örn Kristjánsson (bls. 3191). Hann er hins vegar ekki á lista yfir ábendingar en svo virðist miðað við töluútprentanir að rætt hafi verið við hann þar sem hann líktist leirmyndinni en hvenær er erfitt að átta sig á.

Björn Helgason er sá fimmti í röðinni sem taka má sem dæmi (bls. 3192). Hann er nr. 9 á ábendingarlistanum úr Keflavík. Ekki er hægt að sjá hvort eða hvenær rætt var við Björn en hans nafn virðist koma fyrir í skýrslu eða á skjali í Keflavíkurraðsnókninni þannig að ætla má að hann hafi verið kannaður nánar. Reyndar kemur hann fyrir á a.m.k. einum öðrum stað í mannshvarfsrannsókninni.

Sjötti er Arnar Hákon Guðjónsson en af tölvugönum má ráða að hann hafi verið yfirheyrður eða rætt við hann þann 11.02.1975 (bls. 3193) vegna þess að hann er talinn líkjast leirmyndinni. Hann er hins vegar ekki að finna á listanum yfir ábendingar.

Sjöunda dæmið er Björn Þór Gunnlaugsson en það virðist einnig vera að skýrsla hafi verið tekin af honum (bls. 3196). Hann er nr. 3 á lista yfir ábendingar.

Baldvin Baldvinsson, þá landsfrægur knattspyrnumaður, er áttunda dæmið (bls. 3200). Hins vegar er ekki hægt að átta sig á því nákvæmlega hvenær hann var yfirheyrður. Þess má geta að nafn Baldvins kom það oft fyrir í sögusögnum í tengslum við Geirfinnsmálið að ástæða þótti til að vara almenning við þeim í fjölmöldum. Hann er nr. 8 á lista yfir ábendingar sem bárust lögreglunni í Keflavík.

Ekki er hægt að átta sig á því með góðu móti hvort fleiri á listanum yfir ábendingar hafi verið yfirheyrðir af lögreglunni í Keflavík. Hins vegar má gera ráð fyrir að sumir á listanum hafi sjálfkrafa verið útilokaðir af einhverjum ástæðum. Þar að auki getur hugsast að rætt hafi verið við suma af viðkomandi staðarlöggreglu. Svo virðist sem lögreglan á Kópavogi, Akranesi, Ísafirði, Akureyri og Egilsstöðum hafi aðstoðað lögregluna í Keflavík við gagna- og upplýsingaöflun og í einhverjum tilvikum rætt við menn sem voru taldir líkjast leirmyndinni.

Það hefur einnig komið fram í skýrslutökum að lögreglan í Keflavík sendi rannsóknarlögreglunni í Reykjavík ábendingar til að vinna úr. Hins vegar er ekki vitað hvort

eða hversu mikið var unnið úr þeim. Þó hefur komið fram að tilgangurinn með aðstöðunni sem löggreglan í Keflavík fékk á löggreglustöðinni í Reykjavík hafi verið tvíþættur, þ.e. annars vegar til að rannsaka spírapáttinn og hins vegar til að ræða við þá sem ekki var búið að ræða við á ábendingarlistanum, sbr. lið 1.4 hér fyrir neðan. Í því sambandi má benda á að rætt var við Magnús Leopoldsson á löggreglustöðinni í Reykjavík um bílæign hans. Svo virðist þó sem ekki hafi verið tekin formleg skýrsla af honum og ekki finnast nein ummerki um þetta viðtal í umræddum tölvugönum.

Við nánari skoðun á gögnunum, sem fundust nýverið í Keflavík, er margt annað sem rennir stoðum undir að löggreglan í Keflavík hafi lagt umtalsverða vinnu í að rannsaka jafnt allar ábendingar. Sem dæmi má nefna áðurgreindan lista yfir ábendingar en inn á hann hefur alls kyns athugasemdum og viðbótum verið bætt. Einnig má finna ýmsa aðra lista og gögn í tengslum við Mercedes Benz sendibifreiðar auk gagna út af tiltekinni bifreið. Ekki er annað að sjá en unnið hafi verið eftir þessum gögnum. Auk þessa eru í möppunni handskrifaðir nafnalistar yfir fólk á Hótel Esju í tengslum við árshátið 15. október 1974 og yfir fólk í gistingu á Hótel Loftleiðum. Einnig er þar að finna vélritaðan lista sem virðist vera yfir starfsmenn. Af athugasemdum, sem hafa verið ritaðar inn á listana, má ráða að unnið hafi verið að einhverju leyti eftir þeim en erfitt er þó að fullyrða hversu mikið.

Í skýrslutöku hjá undirritaðri kom fram hjá Valtý Sigurðssyni að þær ábendingar, sem löggreglunni bárust eftir birtingu leirmyndarinnar, hafi verið sendar daglega til rannsóknarlöggreglunnar í Reykjavík. Hann hafi síðan farið inn til Reykjavíkur ásamt Hauki Guðmundssyni stuttu eftir birtingu leirmyndarinnar í fjölmöldum. Tilefnið var að kanna hvernig staða mála væri hjá rannsóknarlöggreglunni. Þar hittu þeir að máli Njörð Snæhólm og virtist þeim sem lítið hefði gerst í málinu. **Eftir það samtal við Njörð hafi Valtýr áttað sig á því að rannsóknarlöggreglan í Reykjavík hafði engan áhuga á málinu og ætlaði lítið að aðhafast í því.**

Valtýr mun í ljósi þessa hafa óskað eftir fundi með ríkissaksóknara til að freista þess að fá hann til að kveða á um rannsókn málsins. Aldrei varð af þeim fundi og einhvern veginn skynjaði Valtýr að mönnum hafi staðið beygur af þessari rannsókn þar sem hún var fremur óhefðbundin á þeim tíma og olli miklu fjölmölfafári. Hins vegar hafi hann með þessum fundi ætlað að tryggja að rannsóknin yrði með faglegum hætti. Nokkrum vikum síðar barst Valtýr hins vegar boð frá dómsmálaráðuneytinu um að þeir hættu rannsókninni og færðu að sinna sínum daglegu störfum. Síðar var þessi ákvörðun ranglega tengd við stjórmál að hans sögn. Sjálfur hætti Valtýr daglegum afskiptum af rannsókninni í desember 1974 og fór skömmu síðar til útlanda í einkaerindum. Haukur fékk hins vegar að halda áfram rannsókn á svokölluðum spírapætti sem fór að mestu fram í Reykjavík sem hann vann með Kristjáni Péturssyni.

Hvað varðar þá staðreynd að einungis ein ábending á Magnús Leópoldsson hafi komið fram í gögnunum, sem fundust í skjalageymslum löggreglunnar í Keflavík nýverið, sagði Valtýr að hann hafi kynnt sér þessi gögn. Að hans sögn er hér einungis um að ræða sundurleit afrit sem hann telur að séu vinnugögn löggreglumanns. Í þessari möppu er ekki að finna afrit fleiri slíkra bréfa, en bréf sem þessi voru send daglega til rannsóknarlöggreglunnar í Reykjavík eftir birtingu leirmyndarinnar. Af þeim sökum taldi Valtýr að þessi gögn í lausblaðamöppunni útiloki ekki að fleiri ábendingar hafi borist á Magnús, reyndar minnir hann að svo hafi verið.

Þess má geta að Baldvin Einarsson, löggreglufulltrúi, hefur yfirlarið þær ábendingar sem er að finna í lausblaðamöppunni en þær eru 55 talsins. Svo virðist sem fjallað sé um a.m.k. 28 einstaklinga sem má finna á umræddum lista yfir þá sem bent hefur verið á en fleiri en ein ábending hefur borist á nokkra en þó ekki á Magnús.

1.17 Rannsókn á lögreglustöðinni við Hverfisgötu (Spírapátturinn)

Í frétt í Morgunblaðinu 5. desember 1974 undir fyrirsögninni "Hinir eftirlýstu gáfu sig ekki fram" kemur fram að stöðugt sé unnið að könnun á háttum þeirra manna, sem fólk hefur bent á, í sambandi við símhringinguna úr Hafnarbúðinni kvöldið sem Geirfinnur hvarf. Enn fremur kemur fram í sömu frétt að Keflavíkurlöggreglan hafi fengið sérstaka aðstöðu á lögreglustöðinni í Reykjavík og þar hafi fjórir menn unnið að rannsókn málssins í gær, þrír úr Keflavík² og einn úr Reykjavík.

Við rannsókn Geirfinnsmálsins kom fljótlega í ljós að tengiliður við farmenn, er stunduðu töluvert smygl á fengi með því að henda því fyrir borð og láta smærri báta sækja það, **virðist** hafa sett sig í samband við Geirfinn **kvöldið** áður en hann hvarf. Tilefnið var að kanna hvort hann gæti eimað sjómengaðan spíra en talsmanninum, sem var kunningi Geirfinns, var kunnugt um eimingatæki á heimili hans. Þetta leiddi til sérstakrar athugunar á því hvort hvarf Geirfinns væri tengt smygli á fengi eða fikniefnum. Sá rannsóknarþáttur, sem síðar var klofinn frá mannshvarfsrannsókninni með skipun **sérstaks setudómara**, hefur oft verið kallaður **spírapátturinn**.

Rannsókn þessi fór að verulegu leyti fram á lögreglustöðinni við Hverfisgötu að því er virðist samhliða rannsókninni á hvarfi Geirfinns. Auk Hauks Guðmundssonar, sem hafði fengið lánaða aðstöðu þar til að ræða við vitni varðandi mannshvarfið, vann Kristján Pétursson, yfirtollvörður á Keflavíkurflugvelli, að rannsókn spírapáttarins. – 2 Þeim til aðstoðar var Rúnar Sigurðsson, löggreglumaður í Reykjavík. Rannsóknin – 4 virðist síðan hafa staðið frá byrjun desembermáðar 1974 og fram á vor 1975. Það var hins vegar 4. júní það ár að ákveðið var af dómsmálaráðuneytinu að Haukur Guðmundsson skyldi hverfa aftur til fyrri starfa en fljótlega eftir hvarf Geirfinns hafði hann verið leystur frá sínum daglegu störfum til að geta sinnt eingöngu mannshvarfsrannsókninni.

Það mun hafa verið á þessu tímabili sem Magnús Leópoldsson var kallaður til viðtals eða skýrslugjafar á lögreglustöðinni varðandi bílaeign hans. Ekkert nýtt hefur komið fram í þessari rannsókn varðandi þetta atriði. Hins vegar er ljóst að rannsóknaraðilar sáu þann 10. febrúar 1975 ástæðu til að kanna hvort Mercedes Benz sendibfreið væri geymd að Stóra Hofi í Rangárvallasýlu sem var í eigu Sigurbjörns Eiríkssonar. Enn fremur var leitað að sömu bifreið í og við Hreðavatnsskála í Mýrarsýlu en faðir Magnúsar Leópoldssonar rak þar veitingasölu á þessum tíma eins og fjallað hefur verið um á bls. 39 hér að framan.

Vegna þessa hefur Baldvin Einarsson, löggreglufulltrúi, leitað fulltingis löggreglunnar á Hvolsvelli og í Borgarnesi við að kanna hvort einhver gögn séu fyrilliggjandi varðandi þessar leitir sem ekki hafa fram í dagsljósið fyrr. Ekkert í þeirri athugun hefur varpað frekara ljósi á málssatvik.

Aðspurður um hinn svokallaða spírapátt segir Valþýr Sigurðsson að hann hafi verið honum óviðkomandi og sú löggreglurannsókn sem fór fram í kjölfarið. Honum var

bent á að eimingatæki hafi verið heima hjá Geirfinni þegar hann hvarf og smyglarar hafi verið búnir að hafa samband við hann vegna eimingar á sjó úr spíra. Nánar um þetta sagði hann að þessi mál hafi verið skoðuð ofan í kjölinn og ekkert hafi komið út úr því hvað varðaði hvarf Geirfinns. Jafnframt þessu mundi **Valtýr** eftir því að í hinni svokölluðu spírarannsókn hafi komið upp einhverjar kjaftasögur um það hvort allur spírinn færi sem verið var að smygla til landsins. Þá hafi Klúbburinn komið inn í þá umræðu en hvernig nákvæmlega man hann ekki **enda** var hann **ekkert** tengdur þeirri rannsókn.

Í skýrslutöku þann 20. nóvember 2001 kvaðst **Sigurbjörn Víðir Eggertsson** lítið vita um smyglmálið, sem rannsakað var af lögreglunni í Keflavík samhliða hvarfinu á Geirfinni, **umfram þau** gögn sem er að finna í Geirfinnsmálinu og reyndar mundi hann ekki eftir að Haukur hefði verið með aðstöðu á lögreglustöðinni við Hverfisgötu í byrjun árs 1975. Hann kveðst ekki heldur vita hvort Magnús Leópoldsson, eða aðrir tengdir Klúbbnum, hafi verið nefndir varðandi umrætt spírasmygl. **Hvað þetta varðar tók Sigurbjörn** það skýrt fram að hann og aðrir, sem rannsókuðu málið hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík og síðar í rannsóknarnefnd Reykjavíkur, hafi lítið sem ekkert stuðst við rannsóknina í Keflavík. **Í þess stað** var stuðst við **fyrirliggjandi framburði** og aðrar upplýsingar sem komu fram eftir að rannsóknin hófst í Reykjavík. Um þetta er fjallað nánar á bls. 75 hér á eftir.

Eggert N. Bjarnason, fyrrverandi rannsóknarlögreglumaður, var spurður um spíraþátt Geirfinnsmálsins í skýrslutöku hjá undirritaðri þann 30. nóvember 2001. **Virtist hann lítið sem ekkert** vita um þetta spíramál sem kom upp svo stuttu eftir hvarf Geirfinns og reyndar kvaðst hann **ekki heldur vita neitt** um hið svokallaða Klúbbmál og hann hafi **ekkert komið** nálægt rannsóknum þessara mála.

Rúnar Sigurðsson, rannsóknarlögreglumaður, kvaðst í skýrslutöku þann 14. nóvember 2001 hafa **aðstoðað** Hauk í einhverja mánuði, væntanlega frá ársbyrjun 1975 og fram á haust það sama ár. Á þeim tíma hafi hann **aldrei farið** með Hauki til Keflavíkur og **ræddi aldrei** á þeim tíma við nokkurn í Keflavík. Hann **vissi ekki heldur neitt** um tilurð leirmyndarinnar. Um svipað leyti hafi honum síðan einnig verið falið að **aðstoða** Kristján Pétursson og Hauk Guðmundsson við svokallað spíramál. Nánar um það mál segir Rúnar að á þeim tíma hafi menn verið að reyna að finna einhverja ástæðu fyrir því að Geirfinnur hafi verið láttinn hverfa, en menn töldu að svo hafði verið miðað við staðreyndir málsins. Þá var ljóst að að Geirfinnur hafði verið beðinn um að eima sjó úr spíra. Enn fremur var reynt að finna út úr því hvort Geirfinnur hafði verið að hitta einhverja í Klúbbnum sunnudagskvöldið áður en hann hvarf. Hins vegar fannst Rúnari aðspurðum að rannsóknaraðilar hafi ekki verið að bendla Magnús Leópoldsson við hvarf Geirfinns á þeim tíma, enda voru þá engar sérstakar vísbindingar um slíkt.

Fram kom hjá Rúnari að það, sem þeir voru einnig að gera í þessari rannsókn, var að vinna í ábendingum varðandi sendibifreið og vörubifreið sem sást við kaffistofu í Keflavík. Taldi hann að um þetta hafi yfirleitt verið ritaðar skýrslur venju samkvæmt, bæði í formi framburða og eigin skýrslna. Þeir munu einnig hafa haft samband við ýmsa menn sem áttu að líkjast umræddri leirmynd samkvæmt ábendingum frá almenningi og minntist Rúnar þess að þeir hafi boðað nokkra aðila á stöðina í því sambandi, s.s. Magnús Leópoldsson, Baldvin Baldvinsson og Eðvarð nokkurn sem keyrði þá Gufunesrútuna. Jafnframt rámaði Rúnar í að hafa verið viðstaddur þegar

Haukur ræddi við Magnús Leópoldsson á lögreglustöðinni. Hvort um var að ræða formlega skýrslutöku eða viðtal mundi hann hins vegar ekki en taldi að tilefnið hafi verið einhverjar ábendingar. Hins vegar minntist hann þess ekki að rætt hafi verið við Magnús um bifreiðaeign hans.

Aðspurður kvaðst Rúnar ekki vita hvernig nákvæmlega Kristján Pétursson tengdist þessu máli en þekkti sjálfur Kristján vegna vinnu í tengslum við fikniefnamál. Nánar um þetta segir Rúnar að hann og Kristján hafi verið saman í vinnuhópi löggreglu og tollgæslu sem var stofnaður 1971, væntanlega á vegum dómsmálaráðuneytisins, til aðrita skýrslu um ástand í fikniefnamálum hérlandis.

Í skýrslutöku þann 17. apríl sl. var Valdimar Olsen spurður um vitneskju hans um rannsókn á spírasmygli í tengslum við rannsókn á hvarfi Geirfinns Einarssonar. Hann kvaðst ekki minnast þess að sú rannsókn hafi beinst að veitingahúsum, reyndar taldi hann útilokað að veitingahús hafi getað tekið þátt í síku. Sem rök benti hann á að ef veitingahús myndi selja töluvert magn af spíra eða öðru smygli myndi tvennt gerast. Annars vegar myndu allir starfsmenn vita það, þeir þyrftu að vera með í ráðum, og hins vegar myndu vodkakaup viðkomandi veitingahúss hjá ÁTVR detta niður. Það væri því mjög auðvelt fyrir yfirvöld að komast að síku almennt. Valdimar kveðst þekkja vel til þessara mála og segir að þegar hann gerði upp barina í Þórskaffi sá hann greinilega að sala á vodka var tvöföld á við aðrar tegundir.

Varðandi umraðda rannsókn spírapáttarins má líta til áðurgreindrar tilkynningar bæjarfógetans í Keflavík frá 13. janúar 1975. Eins og áður hefur verið rakið er það beinlínis sagt í tilkynningunni að við “rannsókn vegna hvarfs Geirfinns Einarssonar, Brekkubraut 15, Keflavík, þótti rétt að rannsaka ákveðnar ábendingar í þá átt, að tengsl væru hugsanlega á milli þessara tveggja mála”.

Í tilkynningunni er síðan greint frá því að nokkrir skipverjar á fimm millilandaskipum séu viðriðnir smygl á áfengi, vindlingum og matvöru og þegar hafi verið upplýst um innflutning á rúmlega 3200 lítrum af 96% spíra. Einnig segir í tilkynningunni að “mestum hluta þessa spiritus, var varpað frá borði skipa skömmu áður en komið var til hafnar í Reykjavík og síðan var hann sóttur á litlum bátum, en í öðrum tilvikum hafi varningurinn rekið á land, þar sem eigendur hafi fundið hann”. Þar að auki hafi komið í ljós “að rannsókn vegna hvarfs Geirfinns Einarssonar tengdist þessu smygl-máli lítillega og hefur nú fengist á þeim þætti fullnægjandi skýring”.

Skjal II/1.68

Svo virðist sem ný rannsókn, þ.e. á ætluðu smygli á áfengi og tóbaki af Keflavíkur-flugvelli, hafi farið að stað á lögreglustöðinni við Hverfisgötu í byrjun maí 1976 af hálfu sömu aðila og komu að rannsókninni á spírapættinum. Er hér væntanlega um að ræða þá rannsókn sem Ásgeir Friðjónsson hætti að stýra um tíma og málid sett undir Sakadóm Reykjavíkur. Um þetta hefur þegar verið fjallað á bls. 36 og 37 hér að framan.

1.18 Jón Grímsson og tilkall hans til að vera Leirfinnur

Um jólín 2001 kom út bók þar sem fjallað var um ævi nokkurra Íslendinga sem hafa sest að erlendis. Í henni var m.a. rætt við Jón Grímsson athafnamann í Seattle í Bandaríkjunum. Þar kemur m.a. fram að hann hafði dregist inn í rannsóknina á hvarfi Geirfinns Einarssonar þar sem hann hafði verið í Keflavík þann 19. nóvember 1974.

Tilefnið var að sækja bifreið í eigu vinnufélaga Geirfinns, Jóns Símonar Kristjáns-sonar. Vegna ókunnugleika á staðháttum þurfti hann að hringja þegar hann kom til Keflavíkur og spryra til vegar. Þessi frásögn lyakti tölverða athygli í fjölmíðum eftir að bókin kom út enda var rannsókn sú, sem undirrituð hefur stýrt, nýhafin.

~~og þurfti að hringja~~ auk óstaðar settri

Í ódagsettri skýrslu Hauks Guðmundssonar, rannsóknarlögreglumanns, í manns-hvarfsrannsókninni (bls. 3043) kvaðst Jón hafa tekið leigubifreið frá Reykjavík til Keflavíkur um kl. 20:00 þriðjudagskvöldið 19. nóvember 1974. Þar hafi hann fyrst farið á Aðalstöðina til að hringja og þaðan hafi hann gengið að því húsi þar sem bifreiðin var geymd. Hann taldi að hann hafi síðan verið kominn aftur til Reykjavíkur um kl. 21:00. Skýrla þessi er ódagsett en samtal Hauks við Jón er talið hafa átt sér stað á tímabilinu 28. nóvember til 1. desember 1974.

Í dag telur Jón Grímsson alveg eins víst að hann hafi fengið að hringja í Hafnarbúðinni umrætt kvöld. Jafnframt telur hann lýsinguna á manninum, sem kom inn í Hafnarbúðina til að hringja, líkjast sér og það sama sé að segja um leirhöfuðið. Vegna þessa þótti ástæða til að taka af Jóni skýrslu og var hún tekin þann 30. nóvember 2002 þegar hann var staddur hér á landi.

Fram kom hjá Jóni að Jón Símon hafi á umræddum tíma verið við áfengisdrykkju í nokkrar vikur. Til að fyrirbyggja slys eða óhöpp ákváðu einhverjur honum velviljaðir að koma bifreið hans í örugga geymslu. Af þeim sökum hafði hún verið geymd í fjórar vikur í Keflavík hjá kunningja. Sjálfur kvaðst Jón Grímsson hafa verið sendur af verkstjóra þeirra Jóns Símonar í Sigöldu til Reykjavíkur til að reyna að fá hann til að hætta drykkjunni og mæta aftur til starfa.

Einnig kom fram hjá Jóni að hann hafði aldrei komið til Keflavíkur þannig að hann þekkti sig ekki í bænum. Hann minntist þess að leigubílstjórinn nam staðar við söluturn, þ.e. sjóppu með síma en ekki bensínstöð. Hann mundi hins vegar ekki hvar í Keflavík þetta var en þetta var þó skömmu eftir að ekið var inn í bæinn. Jón gat ekki heldur lýst umræddri sjóppu eða starfsfólk betur eða sagt til um það hvort fólk sat þar við borð í veitingasal. Þar að auki mundi hann ekki hvort þessi söluturn var nálægt höfn eða sjónum. (Bútað á líka langt frá)

~~Jón varki sjálfur athygli á ferðinni~~ oc ~~valkanaum~~
Aðspurður um ~~þyrri~~ framburð sinn hjá lögreglu kvaðst Jón hafa verið við störf á virkjanasvæðinu í Sigöldu þegar lögreglan þar hafði tal af honum vegna umræddrar ferðar til Keflavíkur. Þá var hann búinn að heyra um hvarf Geirfinns í fjölmíðunum. Jafnframt minntist hann þess að þetta hafi verið þó nokkru áður en lögreglumaður kom sérstaka ferð upp í Sigöldu vegna Geirfinnsmálsins. Umrædd skýrslutaka hjá ~~staðarlögreglu~~ fór síðan fram á lögreglustöð sem var á þeim tíma í Sigöldu. Reyndar hafi skýrslutakan verið honum minnisstæð vegna slyss sem átti sér stað á steypustöðinni í Sigöldu á sama tíma og hann og lögreglumaðurinn þurftu að fara á slysstað til að taka þátt í björgunarstörfum. Þetta kemur heim og saman við frétt í Morgunblaðinu fimmudaginn 28. nóvember 1974 undir fyrirsögninni: "Tveir Júgóslavar hætt komnir við Sigöldu" en lýsing á því slysi er svipuð og Jón Grímsson lýsti í skýrslutöku.

Jón kvaðst einnig muna eftir því þegar ~~Njörður Snæhólsm~~, ~~firlögregluþjónn~~ í rannsóknarlögreglunni í Reykjavík, ~~kom heim til hans~~, Með Nirði var einhver annar karlmaður sem hann taldi vera lögreglumann. Taldi hann þetta hafa verið einhverjum

dögum eða vikum eftir skýrslutökuna í Sigöldu en þá hafi málið verið mjög til umfjöllunar í fjlmiðlum. Undirrituð telur líklegt að maðurinn, sem þar var á ferð með Nirði, hafi verið Haukur Guðmundsson, rannsóknarlöggreglumaður í Keflavík, sbr. áðurgreinda ódagsetta og óundirritaða skýrslu Hauks. Sjálfur minnist Haukur ekki þessarar skýrslutöku þó svo honum rámi í nafn Jóns Grímssonar.

Jón mun hafa verið í brúnum hálfssíðum leðurjakka með lausu belti umrætt kvöld, hnepptum að framan og renndum fyrir innan. Hann gat hins vegar ekki fullyrt hvort hann hafi verið ljós- eða dökkbrúnn. Enn fremur kvaðst Jón hafa notað gleraugu allt frá 7 ára aldi. Um það leyti sem Geirfinnur hvarf gekk hann yfirleitt með gleraugu. Hins vegar kom fyrir að hann tók gleraugun niður, t.d. ef móða kom á þau vegna veðurs. Hvort hann hafi verið gleraugu umrætt kvöld kvaðst hann ekki muna en telur það þó líklegt. — *VITLEYSA - JÓN SAGA: NS let mig fara i vatnans miði innan sagði síðan "Nei þetta er ekki velli vorum tilbúnum."*

Ekkert í núverandi rannsókn styður þessa breyttu frásögn Jóns, þ.e. að hann hafi farið í Hafnarbúðina til að hringja en ekki á Aðalstöðina. Hins vegar styðja gömul og ný gögn frásögn hans um aðra þætti málsins að öðru leyti. Það skal hins vegar tekið fram að ekkert bendir til þess að Jón Grímsson sé bendlaður við hvarf Geirfinns með einum eða öðrum hætti.

1.19 KR-vinnuvélar ?

Snemma í núverandi rannsókn, eða í nóvember 2001 setti Ómar Sigtryggsson sig í samband við rannsóknaraðila. Kvaðst hann í kjölfar nýrra blaðaskrifa um Keflavíkur-rannsóknina og leirhöfuðið í dagblöðum telja sér skylt að hringja og láta vita hvaða upplýsingar hann kynni að ráða yfir varðandi Geirfinnsmálið. Fram kom að hann væri mágur Kristófers Reykdal sem átti og rak KR-vinnuvélar þegar Geirfinnur hvarf en það fyrirtæki var þá með talsverð umsvif í kringum hitaveituframkvæmdir í Kópavogi. Annar mágur Ómars var Pálmi Steingrímsson heitinn sem var verkstjóri hjá KR-vinnuvélum á umræddum tíma.

Að sögn Ómars mun Pálmi hafa greint honum frá ýmsu varðandi ætluð tengsl Kristófers og þriggja annarra starfsmanna KR-verktaka við hvarf Geirfinns. Auk Kristófers er um að ræða Guðmund Jónsson, Ragnar Valdimarsson og einn mann til viðbótar sem bjó á þeim tíma í Vesturbergi. Ómar mundi hins vegar ekki nafn hans. Hins vegar mun Pálmi heitinn hafa talið að áðurgreindir fjórmenningar hjá KR-verktökum hafi hitt Geirfinn í Dráttarbrautinni í Keflavík þann 19. nóvember 1974. Eitthvað mun það hafa verið í sambandi við spíra sem var verið að smygla með farskipum til landsins. Geirfinnur lést í átökum við mennina og þeir komu líkinu fyrir við Djúpavatn og notuðu við það sprengiefni. Þegar björgunarsveitir fóru síðan að leita á þeim stað að Geirfinni voru þeir stöðvaðir þar sem þeir voru orðnir “of heitir”. Samkvæmt þessari kenningu Pálma, hafi rannsóknin á hvarfi Geirfinns verið afvegaleidd viljandi af Hauki Guðmundssyni sem var umbunað með grófu hjá Kristófer rétt áður en KR-verktakar urðu gjaldþrota.

Þess má geta að til er í Geirfinnsmálinu skýrsla frá rannsóknarlöggreglunni í Keflavík, dags. 4. apríl 1976 (bls. 1232) þar sem þrír björgunarsveitarmenn kvarta yfir því að jarðrask og ummerki eftir sprengingu, sem þeir fundu við Djúpavatnsleið hafi ekki verið kannað nægilega. Komið hefur í ljós að Pálmi heitinn Steingrímsson greindi aðstandendum sjónvarpsþáttarins “Aðför að lögum” frá grunsemendum sínum um að Geirfinnur hafi verið grafinn þarna og stóðu þeir fyrir uppgreftri þarna án þess að nokkuð markvert kæmi í ljós.

Þess má geta að Ómar kvaðst sjálfur hafa þekkt Geirfinn síðan þeir unnu saman í Búrfelli. Þar að auki þekkti hann til þeirra Magnúsar Leópoldssonar og Sigurbjarnar Eiríkssonar og taldi útilokað að þeir tengdust þeim Kristófer og félögum. Þar að auki vissi Ómar ekki til þess að Kristófer tengdist sakborningunum í Geirfinnsmálinu, þeim Sævari, Erlu, Kristjáni Viðari og Guðjóni. Hins vegar kom fram hjá Ómari að Kristófer Reykdal átti á þeim tíma jörðina Gljúfurárholt í Ölfusi. Á jörðinni voru tvö íbúðarhús, annars vegar húsið sem fjölskylda Kristófers bjó í og hins vegar hús sem “hippar” bjuggu í og gekk undir nafninu “Skunkaríki”. Hér er að öllum líkindum um að ræða sama hús og kemur fyrir á nokkrum stöðum í Geirfinnsmálinu en Benony Ægisson og fleiri bjuggu þar. Þess má geta að Sævar Ciesielski hefur einnig haldið því fram í endurupptökubeiðni sinni að hann hafi haldið til á þessum stað þegar Guðmundur Einarsson hvarf í janúar 1974.

Að sögn Ómars mun Ragnar Valdimarsson hafa verið sjómaður á kaupskipum skömmu áður en hann hóf störf hjá KR-vinnuvélum. Kristófer er þar að auki reyndurafari. Ómar kvaðst sjálfur kunna köfun og sagði ekki mikið mál fyrir vanan mann að kafa úti á Faxaflóa um miðja nótta. Hann sagði jafnframt að á þessum tíma hafi Kristófer verið með bílskúrinn að Langholtsvegi 37, Reykjavík, á leigu. Hann málaði fyrir alla glugga þannig að ekki var hægt að sjá inn og telur Ómar að þar hafi Kristófer jafnvel verið með einhverja ólöglega starfsemi. Enn fremur áttu að vera til einhverjar sögur um flutning Kristófers og félaga á svörtum plastpoka sem í gæti hafa verið lík en Pálmi mun hafa sett þessar upplýsingar eða hugmyndir sínar á blaði. Undirritaðri hefur borist ljósrit af þeim. Um er að ræða einhvers konar sögu undir heitinu “Íslenskt sakamál”. Virðist sem nöfnum hafi verið breytt en auðvelt er að ráða í rétt nöfn viðkomandi fyrir þann sem þekkir til.

Leitað var til lögreglunnar á Selfossi varðandi gagna- og upplýsingaöflun í tengslum við búsetu eða eignarhald Kristófers Reykdal á jörðinni Gljúfurárholti í Ölfusi. Samkvæmt gögnum frá sýslumanninum á Selfossi munu þeir Kristófer Reykdal, Ástvaldur Eiríksson og Magnús Ástvaldsson hafa gert með sér samning þann 13. júní 1976 um félagsbúskap á jörðinni. Annar vitunarvottanna er Dagbjartur Hannesson, fyrrverandi bóndi á Gljúfurárholti og vitni í Geirfinnsmálinu. Samkvæmt áritun fulltrúa sýslumanns fékkst samningurinn hins vegar ekki þinglýstur þar sem Dagbjartur er þinglýstur eigandi jarðarinnar og ekki verður séð að Kristófer hafi ráðstöfunarrétt yfir henni.

Við athugun á lista yfir ábendingar, sem lögreglunni í Keflavík barst, dags. 29. nóvember 1974, kom í ljós að Kristófer Reykdal er þar 22. í röðinni. Samkvæmt upplýsingum sem sendar voru til rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík þann 28. nóvember 1974, mun starfsmaður í verslun Kron í Kópavogi hafa greint frá manni sem kom í versluna þann dag “sem allt starfsfólkio hafi tekið sérstaklega eftir, sem líkan myndinni. Maðurinn greiddi með ávísun sem hann gaf út og undirritaði Kristófer Reykdal. Ávísunin var frá Búnaðarbánkum í Mosfellssveit. Maður þessi var ca 30 ára og með ca vikugamalt alskegg” (upplýsing 41).

Á öðru slíku bréfi til rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík, einnig sent þann 28. nóvember 1974, mun ónafngreindur lögreglumaður í Reykjavík hafa bent á Kristófer Reykdal. Tekið er fram að lýsing á klæðnaði passi alveg, hann er nýbúinn að láta

klippa sig og fór að láta sér vaxa alskegg fyrir fjórum dögum. Hann hefur jafnframt haldið sig mikið heima undanfarin kvöld.

Undirrituð telur að hér séu komin hugsanleg tengsl á milli Keflavíkurraðuneytisins til bæjarfógetans í Keflavík, dags. 4. júní 1975, en henni lauk í raun án þess að nokkur aðili hafi verið yfirheyrður grunaður um aðild að hvarfi Geirfinns. Hins vegar voru nokkrir menn yfirheyrðir vegna þess að þeir voru grunaðir um að vera maðurinn sem hringdi í Hafnarbúðinni og Magnús Leópoldsson hafi ekki verið meðal þeirra.

1.20 Lok Keflavíkurraðuneytisins

Að sögn Valtýs lauk rannsókninni í Keflavík formlega með bréfi dómsmálaráðuneytisins til bæjarfógetans í Keflavík, dags. 4. júní 1975, en henni lauk í raun án þess að nokkur aðili hafi verið yfirheyrður grunaður um aðild að hvarfi Geirfinns. Hins vegar voru nokkrir menn yfirheyrðir vegna þess að þeir voru grunaðir um að vera maðurinn sem hringdi í Hafnarbúðinni og Magnús Leópoldsson hafi ekki verið meðal þeirra.

Um þetta er Haukur Guðmundsson sammála en hann fullyrðir að Magnús hafi aldrei verið grunaður í Keflavíkurraðuneytisinni. Hann kveðst ekki hafa þekkt Magnús og vissi ekki hver hann var. Enn fremur hefur komið fram að Haukur hitti Magnús einu sinni, þ.e. í janúar 1975 á löggreglустöðinni við Hverfisgötu vegna bifreiðareignar hans. Ekki var um formlega skýrslutöku að ræða heldur einungis samtal sem hafi staðið í stutta stund.

Fram hefur komið hjá Valtý að hann fór með öll rannsóknargögn málsins í ferðatösku til ríkissaksóknara í janúar 1976. Um var að ræða öll formleg gögn málsins, öll óformleg vinnuskjöl og upplýsingabækur sem ábendingar voru færðar í. Valtýr taldi sig sjá að ýmislegt af þessum gögnum hafi síðar verið notað í Reykjavíkurraðuneytisinni. Hann fullyrти hins vegar að þessi afhending gagnanna hjá ríkissaksóknara hafi með engum hætti tengst upphafi Reykjavíkurraðuneytisinnar og gæsluvarðhaldsúrskurðar Sakadóms Reykjavíkur yfir Magnúsi Leópoldssyni frá 26. janúar 1976.

Enginn rannsóknaraðili mun hafa kallað eftir þessum gögnum enda hefðu þau þá farið beint til rannsóknarlöggreglunnar í Reykjavík. Í þessu sambandi benti Valtýr á að þegar Magnús lenti í gæsluvarðhaldi hafi rannsóknarlöggreglan í Reykjavík að öllum líkindum ekki notast við gögnum úr Keflavík, enda var Magnús úrskurðaður í gæsluvarðhald á grundvelli framburða Sævars Ciesielski og Erlu Bolladóttur. Um afhendingu gagnanna er fjallað í bréfi Valtýs Sigurðssonar til ríkissaksóknara frá 8. janúar 1976. Þar kemur fram að bæði skýrslur og ýmisleg rannsóknargögn hafi verið afhent á skrifstofu ríkissaksóknara þann 5. janúar.

Skjal II/1.72.3

Varðandi formleg lok rannsóknarinnar segir Haukur Guðmundsson að hann hafi verið beðinn um að ganga frá málínu með skömmum fyrirvara um áramótin 1975 / 1976 en það var þegar embætti ríkissaksóknara kallaði eftir gögnunum. Við það hafi hann flokkað gögnum niður í einhverja flokka en útbjó enga skrá. Síðan voru þau sett í tösku. Þá hafði rannsóknin, sem fór fram á löggreglустöðinni í Reykjavík, staðið fram á vor 1975 þegar sérstakur setudómari tók við dómsrannsókn þess máls. Við það logn-aðist mannhvarfsrannsóknin út af og lauk henni formlega í júní 1975.

1.21 Niðurstöður rannsóknartilviks 1

Við yfirlestur þeirra gagna Keflavíkurraðuneytisinnar, sem enn eru til staðar, virðist sem hraði hafi einkennt alla málsmeðferð. Farið hefur verið þá leið ýmist að ræða við vitni, og gera um þá rannsóknaraðgerð skýrslu, eða yfirheyra vitni með formlegum hætti. Þegar rætt var við vitni var notast við hljóðupptökutæki og skýrslur síðan

gerðar eftir þeim upptökum sem hefur eflaust ekki verið hefðbundin rannsóknaraðferð á þeim tíma. Einhverra hluta vegna hafa sumar þessar skýrslur hins vegar ekki verið undirritaðar og það atriði því vakið óþarfa tortryggji í opinberri umræðu um málið.

Ljóst er að lögreglan í Keflavík aflaði ljósmynda af ýmsum aðilum strax á fyrstu dögum mannshvarfsrannsóknarinnar. Það hefur t.d. komið fram bæði hjá Ríkeyju Ingimundardóttur og Magnúsi Gíslasyni að þau hafi m.a. notast við ljósmyndir við gerð teikninga. Þar að auki hefur Magnús Gíslason haldið því fram nú síðari árin að lögreglan í Keflavík hafi látið hann notast við ljósmynd af Magnúsi Leópolddssyni, þrátt fyrir framburð hans frá 1979 þar sem hann gat ekkert fullyrt um þetta. Auk þessa hefur Guðlaug Konráðs Jónasdóttir greint frá því að lögreglan í Keflavík hafi sýnt henni ljósmyndir af Magnúsi Leópolddssyni en þær tilheyri ekki núverandi gögnum málsins en í þess stað sé hugsanlegt að þetta hafi verið ljósmynd af manni í flugvél. John Hill hefur hins vegar greint frá því að hafa séð ljósmyndir af ýmsum mönnum á borði Hauks Guðmundssonar, að hann telur áður en leirmyndin var gerð, og ein þessara mynda hafi verið af Magnúsi Leópolddssyni.

Fram hefur komið að skammur tími leið frá því að tilkynnt var um hvarfið á Geirfinni og þangað til leirmyndin var fullgerð og sýnd í fjölmöldum, fyrst í sjónvarpi um kvöldið þann 26. nóvember 1974. Þar á undan var farið með sjónarvotta til Reykjavíkur til gerðar raðmyndar og síðar reyndu bæði Magnús Gíslason og Ríkey Ingimundardóttir að teikna myndir af hinum eftirlýsta. Þær teikningar voru hins vegar ekki sýndar opinberlega þótt svo virðist sem lögregla hafi notast við teikningu frá Ríkeyju.

Eins og áður hefur komið fram er einungis ein ábending á Magnús Leópolddsson í þeim gögnum sem fundust í skjalageymslum löggreglunnar í Keflavík nýverið. Ekkert í þeim bendir til fleiri ábendinga á Magnús og reyndar má segja að frágangur þeirrar ábendingar í tilkynningu til rannsóknarlöggreglunnar í Reykjavík, dags. 30. nóvember 1974, bendi frekar til þess að einungis ein ábending hafi borist á Magnús.

Við samanburð á þessum nýju gögnum og tölvugögnum frá Rannsóknarnefnd Reykjavíkur bendir hins vegar ýmislegt til þess að lögreglan í Keflavík hafi kannað jöfnum höndum flestar ábendingar sem bárust. Þar má jafnvel finna vísbendingar um að skýrslur hafi verið teknar af grunsamlegum mönnum þótt þær finnist ekki í dag. Jafnframt hefur lögregla víða um land aðstoðað lögregluna í Keflavík við úrvinnslu ábendinga.

Hins vegar virðist sem rannsóknaraðilar hafi á sama tíma einungis látið sér nægja samtal við Magnús Leópolddsson einan "Klúbbmanna". Ef dagblöð eru skoðuð frá sama tíma er augljóst að lögreglan í Keflavík hafði í nógu að snúast, bæði við að vinna úr ábendingum leirmyndarinnar sem og úr öðrum ábendingum, s.s. varðandi bifreiðar. Einhverra hluta vegna er þó leitað að annarri bifreiðinni á Stóra Hofi, sem var í eigu Sigurbjarnar Eiríkssonar, og hjá Hreðavatnsskála sem faðir Magnúsar rak á þeim tíma.

Ef horft er til þessa getur undirrituð ekki fallist á að Magnús Leópolddsson og aðrir "Klúbbmenn" hafi verið einir til skoðunar af rannsóknaraðilum í Keflavík. Hins vegar er ljóst að nafn Klúbbssins kemur inn í umræðu um málið strax á fyrstu dögum rannsóknarinnar, þ.e. í framburðum vitna um ferð Geirfinns í Klúbbinn sunnudags-

kvöldið 17. nóvember 1974, tveimur kvöldum fyrir hvarf hans, þar sem hann hitti mann og umfjöllun fjölmiðla um þetta atriði. Um svipað leyti var spíri að reka á land á Suðurnesjum. Ekki er óvarlegt að álykta að einhverjar hugmyndir kynnu að hafa kvíknað varðandi tengsl þar á milli sem hafi síðan leitt af sér sögusagnir sem mögнуðust með tímanum og náðu hámarki fljótlegra eftir handtöku Magnúsar.

Það er ekki sennilegt að lögreglan hefði lagt út í alla þá vinnu sem tengdist gerð teikninga og mótnum umræddrar leirmyndar ef hún hefði verið sannfærð um sekt Magnúsar. Þá hefði verið fljótlegra, öruggara, árangursríkara og þægilegra að notast við hefðbundnar aðferðir við uppljóstran brota.

Rannsóknartilvik 2 – Tildög þess að nafn Magnúsar Leópoldssonar kom fram í rannsókn á Guðmundar- og Geirfinnsmálum sem leiddi til handtöku hans í janúar 1976.

2.1 Frásogn Guðmundar Agnarssonar

Fyrstu skráðu heimildir Geirfinnsmálsins um meinta aðild Sigurbjörns Eiríkssonar og Magnúsar Leópoldssonar að hvarfi Geirfinns Einarssonar er að finna í framburðarskýrslu af Árna Sigurði Guðmundssyni frá 22. október 1975. Í henni segir hann frá því hvernig faðir hans, Guðmundur Agnarsson, vélstjóri og vaktmaður á Landspítalnum, hafi greint ættingjum frá aðild hans að hvarfi Geirfinns Einarssonar.

Skjöl II/3.1.2 til 3.1.10

Guðmundur, sem var þá í óreglu og átti vingott við Gróu Bæringsdóttur, fyrrverandi sambýliskonu Sigurbjörns Eiríkssonar, mun hafa greint ættingjum sínum frá því að hann væri viðriðinn Geirfinnsmálið og hann hafi verið með Geirfinni þegar hann týndist. Það hafi verið þegar hann fór ásamt Sigurbirni, Magnúsi Leópoldssyni og fleirum að sækja smygl á bát frænda síns í Keflavík. Þegar komið var til Keflavíkur hafi Geirfinnur verið farinn þaðan sem þeir ætluðu að hitta hann. Þá fór Magnús inn í Hafnarbúðina til að hringja. Þeir tóku síðan bát frændans traustataki og fóru þrjár ferðir út til að sækja smyglvarning. Geirfinnur kafaði nokkrum sinnum niður eftir smyglinu en í síðustu ferðinni kom hann ekki upp aftur.

Guðmundur neitaði í yfirheyrslum allri aðild að hvarfi Geirfinns. Hann staðfesti hins vegar að hafa greint ættingjum sínum frá hinu gagnstæða þegar hann var undir áhrifum áfengis eða lyfja. Ástæðan mun hafa verið sú að hann vildi spila sig stærri mann. Í yfirheyrslu þann 17. febrúar 1976 kvaðst hann hafa reiðst út í Gróu og hafi ætlað að ná sér niðri á henni með þessum hætti. Jafnframt greindi hann frá því að hann hefði byggt upp sögu sína algjörlega á þeim sögusögnum, sem á þeim tíma og áður, höfðu gengið manna í millum um hvarf Geirfinns. ** yfirh. 22.11.75 af m.a. nr 5
— af ENB*

Við nánari skoðun á umræddum gögnum í lausblaðamöppunni, sem fannst í skjala-geymslum löggreglunnar í Keflavík, hefur komið í ljós að maður að nafni Guðmundur Agnarsson, sími 26317, mun hafa hringt til löggreglu með ábendingu. Taldi hann lýsinguna af manninum í Hafnarbúðinni vera af Pálma Friðrikssyni, Sæviðarsundi 82, Reykjavík, og er hann í svipuðum fótum og grófur í andliti. Um er að ræða upplýsingar sem sendar voru rannsóknarlöggreglunni í Reykjavík þann 27. nóvember 1974 (úr bók nr. III, upplýsing nr. 23). Svo virðist sem hér sé um sama Guðmund Agnarsson að ræða ef litið er til símanúmersins (sjá skýrslu af eiginkonu Guðmundar).

Ekki reyndist unnt að takा nýja skýrslu af Guðmundi í þessari rannsókn þar sem hann neitaði að mæta til skýrlutöku fyrst þegar eftir því var leitað. Guðmundur lést síðan þann 2. júlí 2002 eins og áður hefur komið fram.

2.2 Sögusagnir fram að handtöku Magnúsar

Fljótlega eftir hvarf Geirfinns fóru af stað lífseigar sögusagnir og var m.a. varað við þeim í fjölmíðlunum af hálfu rannsóknaraðila í Keflavík. Þetta má t.d. sjá í frétt í Morgunblaðinu þann 26. nóvember 1974. Þar segir m.a. eftirfarandi: "Það er óhákvæmilegt að ýmsar sögusagnir komist á kreik í sambandi við svona mál og er vart hægt að segja að síminn hafi þagnað hjá löggreglumönnum í Keflavík frá því að rannsókn málsins hófst". Síðan er reifuð saga um að afgreiðslustulkum í Hafnarbúðinni

hafi verið ógnað og greint frá símtali til lögreglu frá ölvuðum manni sem var með ýmsar staðhæfingar um málið.

Í frétt í Tímanum sama dag er einnig að finna svipað. Þar segir eftirfarandi: "Pess skal getið, að sögusagnir ýmsar hafa komið á kreik vegna hvarfsins, og í Keflavík gekk sú saga í fyrradag, að Geirfinnur hafi verið skuldum vafinn vegna fjárhættuspils". Í sömu frétt staðfestir Haukur Guðmundsson að hafa heyrta þessa sögu og margar aðrar. Hann sagði jafnframt að mjög margir hringdu til löggreglunnar varðandi hvarf mannsins; sumir með sögusagnir, aðrir með drauma og ýmislegt annað mætti nefna.

Þann 27. nóvember 1974 virðist nafn Klúbbsins fyrst koma fram í opinberri umfjöllun um málið. Í frétt Morganblaðsins þann dag er m.a. að finna eftirfarandi: "Þá er vitað, að Geirfinnur fór á dansleik í Klúbbnum í Reykjavík á sunnudagskvöldið ásamt kunningjum sínum. Verður kannað hvort einhver hugsanleg tengsl geta verið milli ferðarinnar þangað og hvarfsins. Mynd var tekin af Geirfinni í Klúbbnum, og var athugað hvort hún væri nægilega góð til birtingar í fjölmöldum en svo reyndist ekki vera".

Enn meiri tengingu er að finna á milli Klúbbsins og sögusagnanna í Tímanum frá 27. nóvember 1974. Þar er greint frá Klúbbferðinni svokölluðu og samtali Geirfinns og óþekkts aðila eins og áður hefur komið fram. Jafnframt er sagt í sömu frétt "að sterkar sögusagnir eru á kreiki um, að Geirfinnur hafi verið flæktur í fjárhættuspilamál og jafnframt í eiturlýfjamál".

Í frétt í Morganblaðinu frá 5. desember 1974 undir fyrirsögninni "Hinir eftirlýstu gáfu sig ekki fram" er m.a. fjallað um sögusagnir í tengslum við mannshvarfsmálið með eftirfarandi hætti: "Eins og gjarna vill verða í sambandi við svona mál, hafa margs konar kjaftasögur komið á kreik. Venjulega hafa slíkar sögur reynzt uppspuni einn, og svo mun vera í þessu tilfelli. Löggreglan vill sérstaklega vara fólk við að leggja trúnað á allan söguburð í sambandi við þetta mál".

Daginn eftir er að finna frétt í Vísi undir fyrirsögninni "Koma ekki í leitirnar". Þar er m.a. fjallað um frétt í Morganblaðinu fyrr um morganinn um að eftirlýsti maðurinn úr Hafnarbúðinni kynni að vera á Raufarhöfn. Haukur segir í sömu frétt "að það væri fjarstæða að taka eitt atriði út úr og slá einhverju föstu um, að þar kunni að vera að finna eftirlýsta manninn, þegar löggreglan hefur ekki einu sinni sannanir í þá átt. Hann sagði að fréttirnar í blöðunum í morgun væru aðeins um atriði rannsóknarinnar, ein af hundruðum".

"Órókstuddur söguburður" er fyrirsögn stuttrar fréttar í Morganblaðinu þann 31. desember 1974. Orðrétt hljóðar hún svo: "Undanfarna daga hafa ýmsar sögusagnir um Geirfinnsmálið gengið fjöllunum hærra. Hefur þessi söguburður verið svo magnadur, að ástæða er til að vekja á því sérstaka athygli, að engin þessara sagna á við rök að styðjast. Að sögn löggreglunnar í Keflavík hefur ekkert það komið fram í rannsókn málsins á síðustu dögum, sem teljast má stefnumarkandi".

"Áttu átöppunarstöð?" og "Sendibílinn fundinn?" eru fyrirsagnir tveggja fréttar í Alþýðublaðinu 14. janúar 1975. Athygli vekur að þessum fréttum er stillt upp hlið við hlið og eru saman í svörtum ramma. Í fyrri fréttinni er gerð grein fyrir þeirri tilgátu að rekin hafi verið blöndunar- og átöppunarstöð í tengslum við smygl á spíra og gífurlegt

magn af því hafi verið selt sem vodka. Fram kemur að unnið sé jöfnum höndum að rannsókn þeirrar tilgátu og frekari uppljóstrana varðandi smyglið sjálft og dreifingu þess. Í seinni fréttinni er greint frá sterkum orðrómi um að bifreiðin, sem mikil leit var gerð að í Geirfinnsmálínu, sé fundin. Þar eru vangaveltur um breytingar á últiti hennar og það sé ljóst “að þá eru hér fengnar upplýsingar, sem gætu haft úrslitabýðingu fyrir lausn þessa óhugnalega máls”.

Það er síðan 3. febrúar 1975 að þeir Sigurbjörn Eiríksson og Magnús Leópoldsson sáu sig knúna til að rita dómsmálaráðuneytinu bréf vegna þess að síðan í desember hafi “gengið þrálátur orðrómur hér í Reykjavík og viðar um að veitingastaðurinn Klúbburinn og við undirritaðir, Sigurbjörn Eiríksson, eigandi Borgartúns 32 og Magnús Leopoldsson, framkvæmdastjóri Klúbbsins, séum viðriðnir hvarf Geirfinns Einarssonar úr Keflavík og um leið hið mikla smyglmál, sem nýlega hefur komist upp um”.

Í bréfinu er síðan gerð grein fyrir þessum orðrómi sem hefur birst í mörgum myndum. Þeir hafi hingað til “beðið og vonast til að mál þessi upplýstust, þannig að sannleikurinn kæmi opinberlega fram, en eftir því sem lengra líður og ekkert kemur fram af hálfu opinberra aðila, sem varpað getur ljósi á staðreyndir þessara mála, magnast fremur framangreindur orðrómur, m.a. af frásögnum blaða og löggæslumanna, sem komið hafa fram í fjölmöldum”. Í niðurlagi bréfsins óska þeir Sigurbjörn og Magnús eftir því að ráðuneytið gefi út yfirlýsingu sem eyði þessum sögusögnum eða láti fara fram rannsókn á sannleiksgildi þeirra og uppruna.

Stuttu síðar, eða þann 18. febrúar 1975, er þetta bréf síðan ítrekað með ítarlegu bréfi lögmanns þeirra Sigurbjörns og Magnúsar, Inga Ingimundarsonar, hrl. Þar krefst hann þess “að fyrirskipuð verði opinber rannsókn í þeim tilgangi að leiða í ljós uppruna og orsakir þess söguburðar, sem upp hefur komið og er mjög magnaður” að umbjóðendur hans séu viðriðnir eða valdir að hvarfi Geirfinns Einarssonar. Lögmaðurinn nefnir síðan 9 dæmi um slíkan söguburð og fjallar m.a. um það atvik þegar Magnús var kvaddur á löggreglustöðina við Hverfisgötu til að gera grein fyrir bílaeign. Ænn fremur greinir hann frá leit löggreglu að Mercedes Benz bifreið að Stóra Hofi og við Hreðavatnsskála eins og áður hefur verið fjallað um.

Skjöl II/2.1.5.2 og II/2.1.5.2

Í þessu sambandi spurði undirrituð Hauk Guðmundsson um bréf, sem Baldur Möller, þáverandi ráðuneytisstjóri í dómsmálaráðuneytinu ritaði bæjarfógetanum í Keflavík vegna áðurgreindra bréfa Magnúsar og Sigurbjörns og þeirra lögmanns. Sagði hann að umrætt bréf ráðuneytisins hafi engu breytt um það hvað þeir voru að gera. Sögu-sagnir, sem fóru síðar á kreik, um að Ólafur Jóhannesson hafi stöðvað rannsóknina eru því úr lausu lofti gripnar að sögn Hauks. Nánar um þetta sagði Haukur að mannhvarfsrannsóknin hafi lognast út af eftir að rannsókninni á smyglmálínu lauk.

Í skýrslu Rúnars Sigurðssonar, dags. 5. mars 1975, er fjallað um viðtal við Maríu Friðbertsdóttur á löggreglustöðinni við Hverfisgötu sem átti sér stað nokkru áður. María mun hafa greint frá samtali við Gísla Sigurbjörnsson þar sem hann hafi greint henri frá því að hann hefði verið að mála sendiferðabifreið með föður sínum fyrir um mánuði síðan. Í niðurlagi skýrslunnar segir að María hafi “engar frekari upplýsingar geta gefið um þetta, eða hegðan Magnúsar Leopoldssonar”. Þess má geta að hér er um að ræða bls. 3152 í gögnum Geirfinnsmálsins en hana var ekki að finna í þeim

gögnum er fóru fyrir dóm. Þetta ljósrit var hins vegar í möppu með afritum merkt “Bílar” og er ein þeirra blaðsíðna sem hefur vantað í gögn rannsóknarinnar í Keflavík.
Skjal II/2.9.1

Samkvæmt skýrslu löggreglunnar í Reykjavík frá 31. mars 1975, gerðist það síðan að ölvaður maður veittist að Sigurbirni Eiríkssyni þar sem hann var staddur á veitingahúsinu Naustinu og brigslaði hann um aðild að Geirfinnsmálínunum o.fl. Þessu lauk með ryskingum og afskiptum löggreglu af þeim. Sigurbjörn fór sjálviljugur á löggreglustöð og gerði grein fyrir máli sínu en hinn maðurinn var láttinn gista fangageymslur vegna ölvunarástands.

Skjal II/2.9.2.

Í sambandi við sögusagnir er rétt að geta fréttar í Þjóðviljanum þótt hún birtist eftir handtöku Magnúsar Leópoldssonar. Umrædd frétt, sem birtist þriðjudaginn 29. janúar 1976, er með fyrirsögnina “Stöðugar yfirheyrlur – en rannsóknarlöggreglan verst allra fréttar”. Í fréttinni er að finna eftirfarandi: “Margar sögusagnir eru í gangi um málið svo og um mál fjórmenningana sem játuðu á sig drápið á Guðmundi Einarssyni. Eru mörg mannshvörf sem ekki hafa verið upplýst tengd þessum tveim málum, þótt ekki sé í beinu sambandi”.

2.3 Upphaf Reykjavíkur rannsóknarinnar

Meðal gagna Geirfinnsmálsins hefur fundist vélritað minnisblað, dags. 6. janúar 1976. Þar er fjallað um könnun á ábendingu, sem rannsóknaraðilar höfðu fengið, varðandi stúlkum sem hafði “verið í gleðskap í húsi í Kópavogi og þar hefði fólkid talað um hvarf Geirfinns og þá hefði henni og fleirum verið hotað lífláti, ef það segði frá því sem það hefði heyrt”.

Fyrstu játningar sakborninga í Geirfinnsmálínunum aðild að hvarfi Geirfinns er hins vegar að finna í framburðarskýrslum Sævars Marinós Ciesielski frá 22. janúar og Erlu Bolladóttur og Kristjáns Viðars Viðarssonar frá 23. janúar. Þar nafngreindi Sævar strax þá Magnús Leópoldsson, Einar Bollason og Valdimar Olsen og kvaðst hann hafa farið með þeim til Keflavíkur til að hitta Geirfinn í tengslum við smygl. Þá greindi hann frá því að Geirfinnur hafi fallið útþyrðis úr bát, sem notaður var til að sækja smyglið, og drukknað. Við nánari skoðun á umræddum gögnum í lausblaðamöppunni kom í ljós að maður að nafni Guðmundur Agnarsson, sími 26317, mun hafa hringt til löggreglu með ábendingu. Taldi hann lýsinguna vera af Pálma Friðriksyni, Sæviðarsundi 82, Reykjavík, og er hann í svipuðum fötum og grófur í andliti. Um er að ræða upplýsingar sem sendar voru rannsóknarlöggreglunni í Reykjavík þann 27. nóvember 1974 (úr bók nr. III, upplýsing nr. 23). Svo virðist sem um sé að ræða sama Guðmund Agnarsson og hélt því fram við fjölskyldu sína að hann hefði verið viðstaddir þegar Geirfinnur drukknaði við að sækja spíra út á sjó (sama símanúmer).

Guðmundur var yfirheyrður um þetta þann 22. október 1975 hjá rannsóknarlöggreglunni í Reykjavík, þ.e. þremur mánuðum áður en Erla, Sævar og Kristján komu með svipaða frásögn af hvarfi Geirfinns. Í þeirri yfirheyrlu neitaði hann að hafa farið í sjóferð með Geirfinni og sagði að þetta hefði verið hugarburður hjá sér, þá væntanlega vegna langvarandi ölvunar. Sjá nánar lið 2.1 í kafla IV. hér á eftir.

Njólfur

Erla Bolladóttir nafngreindir einnig Magnús Leópoldsson og Einar bróður sinn í sinni fyrstu formlegu vitnaskýrslu í málínunum. Var það í tengslum við ferð hennar til Kefla-

víkur ásamt Sævari og Magnúsi. Hins vegar minntist hún ekki á Valdimar Olsen. Kristján Viðar var með mjög óljósa frásögn um svipaða ferð en bar einungis kennsl á einn mann í ferðinni fyrir utan Sævar, þ.e. Einar Bollason.

Við könnun á handrituðum minnisblöðum sem eru meðal rannsóknargagna Geirfinnsmálsins, fundust handskrifuð blöð er virðast innihalda minnispunkta frá fyrstu yfirheyrlum Geirfinnsmálsins þann 21. janúar 1976. Ekki er annað að sjá en þessir minnispunktar eða frásagnir hafi verið ritaðar jafnóðum eftir fólk sem er að segja frá tilteknum atburði.

Slík blöð, sem talið er að Örn Höskuldsson, fulltrúi yfirsakadómara hafi ritað, virðast innihalda fyrstu frásögn Erlu Bolladóttur af hvarfi Geirfinns. Athygli vekur að auk Sævars, Kristjáns Viðars Viðarssonar, Magnúsar Leópolddssonar og Einars Bollasonar telur hún sig hafa séð Jón Ragnarsson (eða Magnússon, föðurnafn illlæsilegt) og Sigurbjörn í Klúbbnum á vettvangi. Þar að auki nefnir hún Guðjón Skarphéðinsson og Megas á nafn varðandi hvað hafi gerst næstu daga á eftir. Í skýrslu, sem er tekin af Erlu þann 23. janúar 1976 nefnir hún hins vegar ekki þessa einstaklinga, þ.e. Jón, Sigurbjörn, Guðjón eða Megas.

Skjal II/2.3.1

Minnisblöð, sem talið er að Eggert N. Bjarnason rannsóknarlöggreglumaður hafi ritað, virðast innihalda fyrstu frásögn Sævars Marinós Ciesielski. Þarna koma fyrir nöfn Magnúsar Leópolddssonar og Einars Bollasonar. Þar að auki er nefndur Valdimar Valtýsson (ekki Olsen) og upphafsstafirnir V.V. notaðir á öðrum stöðum. Einnig kemur fram að Sævar hafi farið á fund “Sig. Hákon” eftir að komið var til borgarinnar. Þarna er hugsanlega um að ræða Sigurð Hákonarson sem kemur fyrir í spíráþætti Geirfinnsmálsins. Þegar framburður Sævars frá 22. janúar er borinn saman við þessa minnispunkta er Valdimar orðinn Olsen en ekki Valtýsson.

Skjal II/2.4.1

Annað minnisblað dagsett 21. janúar 1976, einnig talið ritað af Eggert, virðist innihalda minnispunkta um fimm atriði. Þar koma fyrir nöfn á nokkrum mönnum til viðbótar, þ.e. Elvar í Keflavík (Elvar Ólafsson), Jón R. (Ragnarsson), Ingimar Jóhannsson, Jósafat (Arngrímsson), Albert (Klahn Skaftason). Jón Ragnarsson er nefndur í skýrslunni þann 22. janúar en hins vegar er ekki minnst á Ingimar, Jósafat eða Albert. Tveir áðurgreindra minnispunkta vekja athygli, þ.e. annars vegar setningin “Einar B., Jón R. og Magnús L. eru sennilega þeir, sem Erla er hrædd við (í sambandi við Geirfinn)” og hins vegar “Valdimar (Valtýsson) Framnesvegi 71. Hefur verið hótelstjóri í Valhöll og unnið í Klúbbnum. Var ef til vill með í ferðinni til Keflavíkur. Sævar hefur heyrt þetta og finnst hann líkjast Geirfinni”. Það rétta mun vera að Valdimar Olsen og systir hans, Hulda Margrét Waddel, vinkona Erlu, bjuggu á þeim tíma að Framnesvegi 61 en ekki Framnesvegi 71.

Skjal II/2.4.2

Í skýrslutöku hjá undirritaðri þann 26. nóvember 2001 sagði Örn Höskuldsson, fyrrverandi fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík, að rannsókn rannsóknarlöggreglunnar í Reykjavík á Geirfinnsmálínunum hafi byrjað í tengslum við rannsókn á ætluðum fjárvíkum Erlu Bolladóttur og Sævars Cielsielski. Hins vegar mundi hann ekki nákvæmlega hvernig þetta kom upp við þá rannsókn.

Aðspurður mundi Örn ekki hvort Erla hafi komið að máli við hann eða einhverja lögreglumenn, sem hafi leitt til þess að Geirfinnsmálið fór af stað í Reykjavík. Hann minnist þess að hafa fengið löggregluskyrslur á borðið til sín. Hann minnist þess jafnframt að hafa lagt þessar skýrslur, að hann minnir af Erlu og Sævari, fyrir yfirsakadómarann og Magnús Eggertsson, yfirlöggregluþjón, á fundi. Þetta er það sem hann minnir varðandi upphaf rannsóknarinnar. Hins vegar kvaðst hann aðspurður ekki muna hvenær hann heyrði fyrst minnst á nafn Magnúsar Leópolssonar í tengslum við Geirfinnsmálið.

Í skýrslutöku þann 20. nóvember 2001 sagði Sigurbjörn Víðir Eggertsson, annar tveggja rannsóknarlöggreglumanna sem hófu rannsókn Geirfinnsmálsins, að allar ásakanir um meint brot hans við rannsókn þess væru með öllu rangar. Sem dæmi um staðhæfulausar ásakanir í sinn garð benti hann á að að þegar Erla Bolladóttir og Sævar Marinó Ciesielski bendluðu Magnús Leópolsson og fleiri við hvarf Geirfinns höfðu rannsóknaraðilar ekki yfir að ráða þeim upplýsingar sem fram koma í fyrstu játningunum. Þar má nefna tengsl aðila innbyrðis og bílaeign, enda kvaðst Sigurbjörn ekki hafa þekkt þessa aðila neitt nema hvað hann þekkti til Magnúsar frá því hann rak verslunina Esju á Kjalarnesi.

Sigurbjörn mundi ekki nákvæmlega hvernig það atvikaðist að Erla og Sævar fóru að greina frá aðild sinni að hvarfi Geirfinns. Hins vegar hafi þau játað aðild sína í sitt hvoru lagi á svipuðum tíma, hann muni þetta þannig en ekki hvort þeirra greindi frá þessu fyrst. Fram kom að Sigurbjörn vissi lítið um smyglmálið, sem rannsakað var af löggreglunni í Keflavík samhliða hvarfinu á Geirfinni, umfram þau gögn sem er að finna í Geirfinnsmálinu. Hann vissi ekki heldur hvort Magnús Leópolsson, eða aðrir tengdir Klúbbnum, hafi verið nefndir varðandi umrætt spírasmygl. Í tengslum við þetta tók Sigurbjörn það skýrt fram að þeir, sem rannsokuðu málið hjá rannsóknarlöggreglunni í Reykjavík og síðar í rannsóknarnefnd Reykjavíkur, studdust lítið sem ekkert við rannsóknina í Keflavík. Í þess stað var stuðst við fyrirliggjandi framburði og aðrar upplýsingar sem komu fram eftir að rannsóknin hófst í Reykjavík.

Eggert N. Bjarnason kvaðst hjá undirritaðri ekki muna nákvæmlega hvernig rannsókn Geirfinnsmálsins hófst hjá rannsóknarlöggreglunni í Reykjavík. Hann minntist þess þó að á þeim tíma stóð yfir rannsókn á ætluðum fjárvíkum Sævars Marinós Ciesielski og Erlu Bolladóttur í tengslum við póstávísanir en hvernig sú rannsókn leiddi til þess að þau voru grunuð um aðild að hvarfi Geirfinns Einarssonar mundi hann ekki.

Rannsóknin fór að mestu fram í Síðumúlafangelsi, bæði hvað varðar skýrslutökur af sakborningum og vitnum og rámaði Eggert í að Erla hafi komið að máli við rannsóknaraðila í póstsvikamálinu og greint frá hugsanlegri aðild hennar og Sævars að hvarfi Geirfinns Einarssonar. Hins vegar mundi hann ekki hvort hann hafi verið viðstaddir þegar þetta gerðist. Eggert mundi ekki heldur hvenær hann heyrði fyrst nafn Magnúsar eða annarra "Klúbbmanna" nefnt varðandi hvarf Geirfinns. Hann mundi ekki sérstaklega eftir slíkum orðrómi en minntist þó umræðu um knattspyrnumann stuttu eftir að leirmyndin var birt í fjlömiðum. Eggert taldi hins vegar útilokað að einhver orðrómur um Magnús hafi verið inni í myndinni hjá rannsóknarlöggreglunni í Reykjavík fyrir skýrslugjöf Erlu og Sævars um ætlaðan þátt Magnúsar og annarra að hvarfi Geirfinns.

Í skýrslutöku hjá undirritaðri var Valdimar Olsen spurður um tengsl hans við málið eða málsaðila, áður en hann var handtekinn og færður í gæsluvarðhald. Taldi hann einu tengslin vera atvik sem átti sér stað á þáverandi heimili þeirra systkina. Það var þegar hann kom þar að þeim Sævari og Erlu í heimildarleysi og rak þau á dyr. Hann telur hugsanlegt að Erla og Sævar hafi haldið að hann ynni hjá Klúbbnum og þau hafi viljað hefna sín á honum með því að flækja honum inn í Geirfinnsmálið. Hann tók hins vegar fram að þetta væri hrein ágiskun, hann hafi ekkert sérstakt fyrir sér í þeim efnum.

Aðspurður af undirritaðri kvaðst Einar Gunnar Bollason ekki muna hvenær honum var það ljóst að Erla hafi bent á hann í þessu sambandi. Hins vegar stóð hann í þeirri trú fyrstu 20 árin að Erla hafi viljandi bendlað hann við málið. Síðar hafi farið að renna á hann tvær grímur þegar ýmislegt kom í ljós síðustu árin varðandi upphaf rannsóknarinnar á hvarfi Geirfinns. Prátt fyrir það getur hann ekki séð neina ástæðu fyrir því að rannsóknaraðilar hefðu farið að bendla hann við málið gegn betri vitund.

Þess má geta að Einar taldi að Erla hafi ítrekað ásakanir sínar, um að Einar væri viðriðinn hvarf Geirfinns, við eiginkonu hans, Sigrúnu Ingólfssdóttur, eða réttargæslumann hans. Það var fljótlega eftir að hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald. Hann kvaðst einnig minnast atviks í Síðumúlafangelsi að hann taldi að viðstöddum Erni Höskuldssyni og einhverjum löggreglumanni. Þar fékk hann að hitta Erlu að máli, væntanlega með óformlegum haetti frekar en að um samþrófun hafi verið að ræða, og þá hugsanlega að beiðni lögmanns hans. Minntist hann þess sérstaklega að Erla hafi þá sagt alveg ískalt við hann: "Elsku Einar minn, er ekki betra að játa". Hann telur að hún hafi sagt eitthvað svipað við hann í Sakadómi Reykjavíkur þegar dómsyfirheyrsla átti sér stað.

Meðal gagna Geirfinnsmálsins fannst handskrifað minnisblað með rithönd Eggerts N. Bjarnasonar með dagsetningunum 15. og 16. janúar 1976. Undir dagsetningunni 15. janúar eru minnispunktar sem virðast tengjast veskjaþjófnuðum við Klúbbinn og Silfurtunglið á árunum 1972 og 1973. Enn fremur er fjallað um ónafngreindan mann, sem "losnaði 16. júní '72" og var mikið utan við og inni á veitingastaði, þ.á.m. Klúbbinn. Á hinni hlið blaðsins, undir dagsetningunni 16. janúar 1976 segir m.a. "Eiríkur spurði um Tryggva á Hrauninu í des. Var með Filadelfiu" og "Kristján, Sævar og Tryggvi og Albert koma oft til Sig. Hákonars. Aðallega Kristján og Albert". Talið er að þarna sé átt við Sigurð Hákonarson en hann kemur bæði fyrir í spíraþættinum og í yfirheyrlum yfir sakborningum í Geirfinnsmálinu. Þess má geta að Eggert var spurður um þetta blað og taldi hann að þarna væri um að ræða minnispunkta úr Guðmundarmálinu og benti í því sambandi á nöfn Tryggva Rúnars Leifssonar og Alberts Klahn Skaftasonar en þeir koma fyrir í Guðmundarmálinu.

Skjal II/3.3.2

Þess má geta að fjallað er um upphaf Reykjavíkurannsóknarinnar í yfirlitsskýrslu Eggerts N. Bjarnasonar, rannsóknarlöggreglumanns, frá 10. mars 1976. Þar segir Eggert m.a. eftirfarandi: "Nú um miðjan janúar tjáði Erla Bolladóttir okkur, það er mér undirrituðum, Sigurbirni Víði Eggertssyni rannsóknarlöggreglumanni og Erni Höskuldssyni fulltrúa yfirsakadómara, að hún yrði fyrir ónæði af símahringingum, og hún væri hrædd. Af því tilefni mætti Erla Bolladóttir til viðtals við þá Örn Höskulds-son og Sigurbjörn Víði Eggertsson að kvöldi þess 21. janúar í fangelsinu við Síðumúla". Síðan er fjallað um það hvernig Erla nefnir nöfn þriggja manna, þeirra Einars

Bollasonar, Sigurbjörns Eiríkssonar og Jóns Ragnarssonar og kvaðst vera hrædd við þá í sambandi við hið svokallaða Geirfinnsmál. Einnig gerir Eggert grein fyrir því hvernig staðið var að því að greina Sævari frá þessu.

Skjal II/3.3.22

2.4 Rannsóknarnefnd Reykjavíkur

Ekkert er að finna í gögnum Geirfinnsmálsins varðandi stofnun Rannsóknarnefndar Reykjavíkur. Hins vegar er fjallað um þetta í blöðum í júlí 1976. Í Dagblaðinu 12. júlí birtist t.d. frétt undir fyrirsögninni “Dómsmálaráðherra kippir í spottann: Einn færasti sérfræðingur V-Þjóðverja vinnur að rannsókn Geirfinnsmálsins”. Í fréttinni er sagt frá því að einn frægasti sérfræðingur V-Þjóðverja í rannsóknum glæpamála hafi tekið að sér rannsókn Geirfinnsmálsins og hann hafi komið til landsins fyrir rúmri viku til þess að viða að sér gögnum. Enn fremur er sagt að “mikil og óskiljanleg leynd hefur hvílt yfir ráðingu þessa manns, sem heitir Chutz, en Dagblaðið hefur eftir áreiðanlegum heimildum, að Ólafur Jóhannesson dómsmálaráðherra hafi persónulega gengist fyrir því að hann yrði ráðinn til starfsins og að hann hafi komið hingað flestum að óvörum. Mun málið hafa verið í athugun allt frá því fyrir jól”. Síðar í fréttinni kemur fram að gætt hefur “töluverðrar tregðu hjá þeim, sem unnið hafa að rannsókn Geirfinnsmálsins, að fá fleiri menn til starfa, þrátt fyrir ítrekuð tilmaeli dómsmálaráðherra”.

Svo virðist samkvæmt áðurgreindri frétt að þýski rannsóknarlöggreglumaðurinn Karl Schütz virðist bæði hafa stjórnað rannsókninni og yfirheyrt eða stjórnað yfirheyrslum yfir sakborningum og vitnum, þótt hann hafi verið titlaður opinberlega sem ráðgjafi. Við skoðun málsskjala er ekki að sjá annað en það eigi við rök að styðjast og eru t.d. mörg dæmi þess að hann hafi stjórnað yfirheyrslum og jafnvel yfirheyrt sjálfur. Slíkt á sér tæpast stoð í lögum, hvorki í dag né á þeim tíma sem Geirfinnsmálið var til rannsóknar.

Í skýrslutöku hjá undirritaðri þann 26. nóvember 2001 kvaðst Örn Höskuldsson, fyrrverandi fulltrúi yfirsakadómara, hafa hætt daglegum afskiptum af rannsókn Geirfinnsmálsins eftir að Karl Schütz kom að málín. Þá hafi löggreglumönum fjölgæð veruða við rannsókn málsins og hann varð nokkurs konar framkvæmdastjóri hennar. Örn hafi því setið daglega fundi rannsóknarnefndarinnar svokölluðu en var ekki viðstaddir yfirheyrslur.

Meðal gagna málsins eru vikuskýrslur sem gerðar voru eftir að Schütz tók við stjórn rannsóknarinnar. Svo virðist sem þáverandi dómsmálaráðherra hafi fengið afrit af þessum skýrslum og þannig fylgst með stöðu rannsóknarinnar hverju sinni. Í því sambandi er vísað til afrits af bréfi Sakadóms Reykjavíkur til dómsmálaráðherra, dags. 10. janúar 1977, sem er að finna meðal gagna Karls Schütz, en samkvæmt því er verið að senda ráðherra sjöundu skýrslu Karls um rannsókn út af hvarfi Geirfinns Einarssonar.

2.5 Fjölmíðlaumfjöllun

Eins og flestum er ljóst hafa fjölmíðlar fjallað mikið um Geirfinnsmálið allt til dagsins í dag og er það álit margra að sú umfjöllun hafi með einum eða öðrum hætti haft áhrif á gang mála. Þess má geta að Halldór Reynisson gerði á þessu sérstaka könnun og kom hún út í formi M.A.-ritgerðar í fjölmíðlun við Háskólan í Indiana á árinu 1986. Við það voru allar greinar um Geirfinnsmálið á fyrri hluta árs 1976 skoðaðar, þ.e. á

þeim tíma sem Magnús, Einar, Valdimar og Sigurbjörn sættu gæsluvarðhaldi. Um var að ræða 357 greinar og reyndust 51% greinanna vera hlutlausar í garð þeirra, 33% voru neikvæðar og 16% jákvæðar.

Undirrituð getur tekið undir þá skoðun Halldórs að tæpast er hægt að álykta að blaðaumfjöllun hafi haft einhver áhrif á að þeir Magnús, Valdimar og Einar voru handteknir þar sem engin skrif finnast um málið vikurnar á undan. Enn fremur að “ekki er hægt að útiloka að hin áköfu og neikvæðu skrif í garð hinna svokölluðu Klúbbmanna hafi leitt til þess að Sigurbjörn Eiríksson var settur í gæsluvarðhald í febrúarbyrjun”. Þessi fjölmiðlaumfjöllun kann hins vegar að hafa haft meðvituð eða ómeðvituð áhrif á þá sem fóru með rannsókn málssins og sömu áhrif hljóta að hafa náð til þeirra sem úrskurðuðu um nauðsyn þess að nefndir einstaklingar sættu gæsluvarðhaldi, þó sérstaklega þegar varðhaldið var framlengt.

Þegar gerð er grein fyrir fjölmiðlaumfjöllun um Geirfinnsmálið er ein grein sem vekur sérstaka athygli þar sem hún virðist hvorki tengjast Keflavíkurannsókninni né Reykjavíkurannsókninni en gæti þó tengst þeim orðrómi, sem var í gangi á árinu 1975 og fram eftir ári 1976. Um er að ræða grein Vilmundar Gylfasonar í **Vísi á föstudagi þann 10. október 1975**. Fyrirsögn greinarinnar er “Ráðherrann og veitingahúsið” og víesar til afskipta Ólafs Jóhannessonar, dómsmálaráðherra, af Klúbbmálinu svokallaða og meintra tengsla Framsóknarflokksins og þeirra sem eiga og reka Klúbbinn.

Tilefni þessara skrifa Vilmundar virðist vera afgreiðsla Klúbbmálssins en hann segir eftirfarandi um það atriði: “Örlög þessa kannski stærsta afbrotamáls sinnar tegundar urðu síðan þau að það hefur verið að paufast í dómskerfinu allar götur síðan en skattrannsóknarstjóri vann sitt verk vel og eins og að framan sagði, og ríkisskattstjóri lagði á hvorki meira né minna en 16 milljónir til viðbótar. Mér vitanlega hefur það ekki verið greitt enn. Aðrir þættir málssins eru órannsakaðir”.

Fljótlega eftir að Reykjavíkurannsóknin hófst fóru fjölmiðlar að kvarta yfir því hversu litlar upplýsingar kæmu frá þeim sem stæðu að rannsókninni. Sem dæmi má nefna frétt í Alþýðublaðinu þann 5. febrúar 1976 undir fyrirsögninni “Geirfinnsmálið: Lögreglan þegir enn þunnu hljóði”. Þar er greint frá því að engar fréttir hafi borist frá því að þrír menn voru handteknir í síðustu viku og “fólk er nú farið að velta vöngum yfir þessari þögn löggreglunnar, veit hún minna en talið var og er rannsóknin komin í strand? eða er ætlunin að vinna málið algjörlega í kyrrhei og ekki uppljóstra neinu, fyrr en rannsókn málssins er algjörlega lokið. Það er skiljanlegt, að lögreglan dreifi ekki upplýsingum á báða bóga þegar rannsókn jafn viðamikilla og alvarlegra mála er á mjög viðkvæmu stigi, en er ekki nokkuð langt gengið að reyna að þegja mál sem þetta í hel?” sprýr blaðamaðurinn.

Slíkar kvartanir má sjá oftar í dagblöðum frá þeim tíma sem rannsóknin stóð yfir en hins vegar voru ekki allir sammála þeim skrifum. “Stórhættulegur fréttatflutningur” er fyrirsögn við Örn Höskuldsson í Dagblaðinu þann 3. febrúar 1977. Þar segir hann að “stöðugar fréttir í blöðum af gangi rannsóknarinnar voru mjög til trafala og raunar stórhættulegar”. Í fréttinni er m.a. vísað til fréttatflutnings af Keflavíkurannsókninni og hvernig hann hafi auðveldað sakborningunum að dyljast. Enn fremur fjallaði Örn um upplýsingaleka til fjölmiðla á meðan á Reykjavíkurannsókninni stóð og kallaði það spillingu.

2.6 Umfjöllun á Alþingi

Föstudaginn 30. janúar 1976 birtist grein eftir Vilmund Gylfason í *Vísi* undir fyrirsögninni "Er hægt að þegja öllu lengur". Virðist sem um sé að ræða framhald af greininni frá 10. október 1975 enda er mynd af þeirri grein notuð til myndskreytingar. Í henni fer Vilmundur þungum orðum um þáverandi dómsmálaráðherra, Ólaf Jóhannesson, og rifjar enn aftur upp afskipti Ólafs að lokun Klúbbsins í tengslum við hið svokallaða Klúbbmál og hvernig hann átti að hafa komið í veg fyrir rannsókn þess máls.

Síðar í greininni segir Vilmundur eftirfarandi um Magnús Leópolddsson: "Þegar rannsókn stóð sem hæst vegna hvarfs Geirfinns Einarssonar síðast liðinn veturnar, var maður nokkur yfirheyrður af löggreglumönum og ýmsar athuganir gerðar á högum hans. Þar var á vettvangi sami maðurinn og nú hefur aftur og vegna annarra upplýsinga verið hnepptur í gæsluvarðhald. Um það leyti sem löggreglumenn voru að yfirheyra manninn barst bréf frá dómsmálaráðuneyti. Þar var, efnislega, löggreglumönnunum sagt að hætta að áreita þennan mann. Sá var alla vega skilningur þeirra löggreglumanna, sem um málið fjölluðu. Rannsókn féll nú mikil til niður – og var svo þar til fyrir nokkrum dögum".

Þessi grein Vilmundar leiddi af sér töluverða umræðu um meint óeðlileg afskipti dómsmálaráðherra af þessum málum. Þrátt fyrir ítarlega greinargerð ráðherra, dags. 31. janúar, stigmagnaðist þessi umræða og fór að lokum inn í sali Alþingis þann 2. febrúar þegar Sighvatur Björgvinsson, alþingismaður, krafðist birtingar sem flestra bréfa dómsmálaráðuneytisins um rannsókn Klúbbmálsins og Geirfinnsmálsins.

Ýmis þung orð voru látin falla í þessari umræðu utan dagskrár á Alþingi og ætlar undrrituð ekki að fjalla um þetta atriði nánar. Í þess stað er vísað til allrar þeirrar umfjöllunar sem er að finna í dagblöðum og öðrum fjölmölum frá þeim tíma. Þetta atriði er nefnt hér og nú sem eitt af mörgum dænum um þann þrýsting sem rannsóknaraðilar urðu að sæta.

2.7 Yfirheyrslur fangavarða

Þegar farið var yfir gögn, sem virðast hafa verið notuð sem vinnueintök við rannsóknina, rákust rannsóknaraðilar á handskrifuð bréf frá Erlu og vélritaðar yfirlýsingar undirritaðar af sama sakborningi. Tvennt varðandi þessi gögn vakti sérstaka athygli. Annars vegar voru þessi gögn með blaðsíðutali en virðast ekki vera í þeim gögnum sem lögð voru fyrir dóm. Hins vegar virðist sem fangaverðir í Síðumúlafangelsi hafi vélritað þessar yfirlýsingar fyrir Erlu. Umrædd bréf og yfirlýsingar eru sem hér segir:

- | | |
|--|-------------------|
| 1. Handskrifuð frásögn, dags. 14. 08.1976, bls. 508 og 509 | - skjal II/2.3.7 |
| 2. Vélrituð yfirlýsing, dags. 15.08.1976, bls. 513 | - skjal II/2.3.8 |
| 3. Vélrituð yfirlýsing, dags. 16.08.1976, bls. 514 og 515 | - skjal II/2.3.9 |
| 4. Vélrituð yfirlýsing, dags. 16.08.1976, bls. 516 | - skjal II/2.3.10 |
| 5. Skýrsla fangavarðar, dags. 16.08.1976, ekkert blaðsíðatal | - skjal II/2.3.11 |
| 6. Handskrifuð frásögn, dags. 14.10.1976, bls. 581 til 583 | - skjal II/2.3.12 |
| 7. Handskrifuð frásögn, dags. 15.19.1976, bls. 584 | - skjal II/2.3.13 |
| 8. Handskrifuð frásögn, dags. 15.10.1976, bls. 585 | - skjal II/2.3.14 |
| 9. Handskrifuð frásögn, ódags., bls. 586 | - skjal II/2.3.15 |
| 10. Handskrifuð yfirlýsing, dags. 19.10.1976, bls. 657 til 658 | - skjal II/2.3.18 |

Þegar ódagsett yfirlit Arnar Höskuldssonar yfir blaðsíður sem vantar í rannsókn Geirfinnsmálsins (Reykjavíkurraðnarsóknina) er skoðað kemur í ljós að þessar blaðsíður eru þar á meðal. Í yfirlýsingunum, sem fylgir nefndu yfirliti, nefnir Örn nokkrar ástæður fyrir því að einstakar blaðsíður kunni að vanta inn í rannsóknina en ekki er að sjá að nein þeirra eigi við í þessu tilviki og reyndar hefur komið í ljós að svipað virðist gilda um þó nokkrar blaðsíður til viðbótar sem vantar í Reykjavíkurraðnarsóknina. Um þetta er fjallað sérstaklega á bls 76 (2.9 – Gögn sem ekki voru lögð fyrir dóm).

Skjal I/23.9 og 23.10.

Við lestur vélrituðu yfirlýsinganna vaknar sú spurning hvort fangaverðir hafi verið að yfirheyra Erlu. Á yfirlýsingunni frá 15. ágúst 1976 votta þeir Hlynur Þór Magnússon og Gunnar Guðmundsson rétta dagsetningu og undirskrift Erlu. Hlynur ritar síðan einn undir yfirlýsingarnar frá 16. ágúst og vottar að um sé að ræða endurritt eftir handriti. Einnig ritar hann undir skýrsluna, sem er dagsett sama dag, þar sem hann gerir grein fyrir svörum Erlu við spurningum um bíla og báta.

Auk þessa má nefna að meðal gagna Geirfinnsmálsins er að finna tvö handskrifuð blöð sem benda til þess að Högni Einarsson, fangavörður, hafi verið að afla upplýsinga hjá tveimur sakborningum Guðmundar- og Geirfinnsmála, þ.e. hjá Alberti Klahn Skaftasyni þann 21. janúar 1976 (kl. 00:30) vegna ferðar að Sædýrasafninu með hvítan poka og hjá Sævari Marinó Ciesielski þann 2. febrúar 2. febrúar 1976 vegna "Sig. Hákonarsonar spíra dreifara" og um sendingu sem verið var að sækja þegar Sævar "fór með bátnum í marg umtalaðan túr". Þess er einnig getið í dagbókarfærslu hjá rannsóknarlöggreglumönum þann 3. ágúst 1976 (bls. 472) að "Högni Einarsson, fangavörður í Síðumúlafangelsi, hefur undanfarin dægur, rætt nokkuð við Sævar Marinó Ciesielski að beiðni Sævars sjálfs".

Skjal II/2.4.10

Undirritaðri er kunnugt um að Hlynur Þór Magnússon, fyrrverandi fangavörður í Síðumúlafangelsi, hafi halddið ýmsu fram varðandi framkvæmd gæsluvarðhalds sakborninganna í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum og hugsanlega renna þessi gögn stoðum undir þær ásakanir. Undirritað telur hins vegar að þetta liggi utan þeirrar rannsóknar, sem henni var falið að framkvæma, en telur þó rétt að vekja sérstaka athygli á þessu.

2.8 Samskipti og samskiptaleysi rannsóknaraðila í Reykjavík og Keflavík
Svo virðist sem lítil sem engin samvinna hafi verið á milli rannsóknaraðila Keflavíkurraðnarsóknarinnar og þeirra sem stóðu að rannsókninni í Reykjavík. Það mætti jafnvel segja að um samskiptaleysi hafi verið að ræða sem er einkennilegt miðað við alvarleika málsins og umfang. Að vísu voru Hauki Guðmundssyni, rannsóknarlöggreglumanninn í Keflavík, falin afmörkuð verkefni í tengslum við Reykjavíkurraðnarsóknina, s.s. að kanna með báta suður með sjó en hann virðist hafa dregið sig út úr henni fljótlega.

Um þetta er m.a. fjallað í yfirlitsskýrslu Eggerts N. Bjarnasonar frá 10. mars 1976, sem þegar hefur verið vísað til varðandi könnun rannsóknaraðila á fjarvistarsönnunum. Þar stendur eftirfarandi: "Fljótlega eftir að rannsóknarlöggreglan í Rvk. fór nú að rannsaka hvarf Geirfinns Einarssonar og áfengissmygl í því sambandi, var Haukur Guðmundsson rannsóknarlöggreglumaður í Keflavík tilkvaddur, þar sem hann hafði aðallega unnið að rannsókn hvarfs Geirfinns á sínum tíma. Honum var falið að kanna

hvort mögulegt væri að hafa upp á ökumönum bifreiða þeirra, sem Erla Bolladóttir segist hafa farið með hingað til borgarinnar frá Keflavík. Eins var Hauki falið að reyna á Suðurnesjum að finna bát þann, sem hugsanlega hefði verið notaður til að flytja smygl með að landi. Hauki tókst ekki að hafa upp á öðrum eða báðum þessum ökumönum, eða hvaða bát kynni að hafa verið um að ræða. Þá tók Haukur ljós-myndir af aðstæðum í og við Dráttarbraut Keflavíkur. Eins kannaði Haukur Guðmundsson hvaða hús hugsanlega gæti verið það sem Erla Bolladóttir kvaðst hafa falið sig í um nöttina. Haukur upplýsti, að sennilega væri þar um að ræða húsið rauðu Mylluna, sem stendur við Duusgötu skammt frá dráttarbrautinni”.

Skjal II/3.3.22

Þess má geta að enginn hefur viljað tjá sig um hið meinta samskiptaleysi rannsóknar- aðila með formlegum hætti. Hins vegar hafa sumir greint óbeint frá þessu í samtölum við undirritaða og Baldvin Einarsson, löggreglufulltrúa. Um svipað er hins vegar fjall- að í frétt í Alþýðublaðinu þann 28. janúar 1976 undir fyrirsögninni “Rannsókn morð- mala – en löggreglan talast ekki við”. Þar er greint frá hugsanlegum tengslum milli hvarfs Guðmundar Einarssonar og Geirfinns Einarssonar. Í tilefni af þessu var haft samband við Hauk Guðmundsson, rannsóknarlöggreglumann í Keflavík, sem sagðist ekki vita neitt um nýjustu atburði í málinu og hann hvorki vissi hvað nýtt hefði komið í ljós né hverjir sættu gæsluvarðhaldi og “hefðu löggregluyfirvöld í Reykjavík ekki enn talið sig þurfa að hafa samband við löggregluna í Keflavík út af hvarfi Geirfinns” eins og haft er orðrétt eftir Hauki. Blaðamanni finnst það reyndar “furðulegt að fyrrum stjórnendum rannsóknarinnar á Geirfinnsmálinu sé ekki skýrt frá nýjustu viðburðum í því máli, og virðist sambandsleysi milli löggregluyfirvalda á hinum ýmsu stöðum landsins algert í þeim efnum”.

Í þessu sambandi má benda á að Örn Höskuldsson, fyrrverandi fulltrúi yfirsakadóma- ara, kveðst ekki hafa þekkt Hauk Guðmundsson, rannsóknarlöggreglumann í Keflavík, og veit ekki til þess að hann hafi komið að rannsókn rannsóknarlöggreglunnar í Reykjavík á Geirfinnsmálinu, allavega ekki á hans vegum. Þó rámaði hann í að hafa rætt eitthvað við Hauk og taldi hugsanlegt að hann hafi verið með Kristjáni Péturs- syni, deildarstjóra í tollgæslunni, þegar Kristján kom til hans. Hins vegar taldi Örn að hann hafi ekki rætt við Valty Sigurðsson, fulltrúa bæjarfógetans í Keflavík, varðandi rannsókn Geirfinnsmálsins.

Í skýrslutöku þann 20. nóvember 2001 benti Sigurbjörn Víðir Eggertsson á að þeir, sem rannsokuðu Geirfinnsmálið hjá rannsóknarlöggreglunni í Reykjavík, fengu ekki gögn Keflavíkurannsóknarinnar fyrr en þó nokkru eftir að rannsóknin hófst og taldi hann að þeim gögnum hafi verið bætt við fyrir aftan gögn rannsóknarnefndarinnar þegar rannsókn hennar lauk. Hann gat hins vegar ekki áttáð sig á því nákvæmlega hvenær þeir fengu umrædd gögn úr Keflavík en taldi hugsanlegt að það geti hafa verið í febrúar eða mars 1996. Sigurbjörn kvaðst reyndar ekki muna neitt sérstaklega eftir þessum gögnum en man þó eftir einni lausblaðamöppu sem kölluð var “Draumar og dulspeki” og innihélt gögn varðandi drauma fólks og samskipti við miðla. Varðandi aðkomu Hauks Guðmundssonar að rannsókn málsins eftir að hún hófst að nýju hjá rannsóknarlöggreglunni í Reykjavík sagði Sigurbjörn að það geti hafa atvikast að Haukur hafi komið að einhverjum afmörkuðum þáttum rannsóknarinnar eftir þetta en þá hafi það verið án hans vitundar.

Það sama gilti um Eggert N. Bjarnason. Hann minntist þess ekki að Haukur Guðmundsson, rannsóknarlöggreglumaður í Keflavík, hafi komið að rannsókn Geirfinnsmálsins eftir að rannsókn hófst á málínu hjá rannsóknarlöggreglunni í Reykjavík. Hann mundi hins vegar eftir því að hafa heimsótt Hauk á heimili hans í Njarðvík vegna málsins. Hann minntist þess jafnframt að Haukur hafi verið með aðstöðu á lögreglustöðinni við Hverfisgötu. Eggert telur að þetta hafi verið í tengslum við rannsóknina á hvarfi Geirfinns og Haukur hafi fengið einhverja löggreglumenn úr löggreglunni í Reykjavík sér til aðstoðar. Þessa vitneskju telur Eggert að hann hafi fengið úr fjöldum.

Varðandi samskipti sín við rannsóknaraðila Reykjavíkurraðsóknarinnar minnist Valtýr Sigurðsson þess að Örn Höskuldsson hringdi í hann til að kanna hvort þeir hefðu yfirheyrt vitni varðandi stúlkuna sem fékk far úr Keflavík nóttnina sem Geirfinnur hvarf. Ekki mundi hann hvenær þetta símtal átti sér stað en þetta séu einu beinu tengsl hans við Reykjavíkurraðsóknina þangað til Karl Schütz kom til sögunnar og rannsóknarnefnd Reykjavíkur var stofnuð.

Haukur Guðmundsson var spurður um þessi mál og sagði hann að einhver skoðanmunur hafi verið á milli þeirra hjá rannsóknarlöggreglunni í Reykjavík og þeirra í Keflavík hvaða leið skyldi vera farin í rannsókninni á meðan hún var í höndum löggreglunnar í Keflavík.

Hallvarði Einvarðssyni rámaði óljóst í hið svokallaða Klúbbmál. Hann mundi hins vegar ekki hvort það hafi orðið að dómsmáli en taldi að það hafi snúist um VH-merkingar á áfengi og mundi ekki heldur hvort Magnús Leópoldsson hafi tengst því mali. Hann minnist þess hins vegar að þetta mál kom til kasta sérstakrar nefndar á grundvelli starfsmannalaga og átti hann einhver bréfasamskipti við dómsmálaráðuneytið vegna þessa. Hallvarði var jafnframt kynnt að Kristján Pétursson hafi komið á skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar þann 25. febrúar 1976 til að koma á framfæri ábendingum varðandi hið svokallaða Klúbbmál á sínum tíma og spíramál. Hann kvaðst ekkert vita um þessa heimsókn og vissi ekki til þess að hið svokallaða Klúbbmál hafi komið inn í rannsókn Geirfinnsmálsins.

Aðspurður kvaðst Hallvarður ekki minnast þess að hafa komið að Keflavíkurraðsókninni svokölluðu og minntist þess ekki heldur að hafa komið nálægt fundi um birtingu á hinu svokallaða leirhöfði í fjöldum og reyndar kvaðst hann ekkert vita um gerð leirhöfuðsins. Hann kvaðst ekki heldur vita neitt um ábendingar um menn sem taldir voru líkjast manninum sem kom í Hafnarbúðina til að hringja.

Við athugun á fyrirliggjandi tölvuútprentunum í Reykjavíkurraðsókninni var rekist á eftirfarandi bókun undir nafni Edvards Skúlasonar, löggreglumanns: "030575 Gerir húsleit að Grettisgötu 42b, ásamt "Super-Star" bls. 3207". Þar er um að ræða húsleit sem Edvard framkvæmir ásamt Hauki Guðmundssyni.

2.9 Ekki stuðst við gögnin úr Keflavík

Þegar blaðsíðutal rannsóknargagna Geirfinnsmálsins er skoðað kemur í ljós að gögn mannhvarfsrannsóknarinnar voru sett aftur fyrir gögn Reykjavíkurraðsóknarinnar. Styður þetta það að lítið sem ekkert hafi verið stuðst við vinnu löggreglunnar í Keflavík við rannsóknina sem hófst í janúar 1976 með frásögn Erlu og Sævars af hvarfi Geirfinns og reyndar kemur það fram hjá Erni Höskuldssyni. Hins vegar taldi hann

að gögn Keflavíkurannsóknarinnar hafi eitthvað verið skoðuð til að fyrirbyggja endurtekningu. Að öðru leyti voru þau ekki notuð við rannsóknina og umrædd leirstytta var ekki tekin fram fyrr en við lok rannsóknarinnar og taldi hann reyndar að hún hafi verið geymd í Keflavík fram að þeim tíma.

Aðspurðan rámaði Örn í að umrædd Keflavíkurgögn hafi verið í ferðatosku sem hafi borist embætti ríkissaksóknara. Hann vissi hins vegar ekki hvað hafi orðið um þau gögn sem enn vantar en taldi þó hugsanlegt að þau hefðu lent í öðru máli en ýmsir angar voru á Geirfinnsmálinu, t.d. varðandi fikniefnainnflutning. Örn taldi jafnframt að umrædd gögn úr Keflavík hefðu verið sett fyrir aftan rannsóknargögn rannsóknarnefndarinnar í Reykjavík en hver annaðist þá skjalmerkingu mundi hann hins vegar ekki.

Einnig var leitað skýringa hjá Valtý Sigurðssyni á því hvers vegna gögn Keflavíkurannsóknarinnar væru ekki í heild sinni inni í gögnum Reykjavíkurannsóknarinnar. Taldi hann líklegast að rannsóknarlöggreglan í Reykjavík og ríkissaksóknari hefði notast við þau gögn úr Keflavíkurannsókninni sem kom þeirri rannsókn að gagni. Önnur gögn, sem ekki skiptu máli varðandi sönnun á sekt sakborninganna, hefðu verið sett til hliðar. Taldi Valtýr þessa framkvæmd ósköp eðlilega.

2.10 Gögn sem ekki voru lögð fyrir dóm

Eins og áður hefur komið fram hafa við þessa rannsókn komið í ljós gögn, sem virðast hafa orðið til við Reykjavíkurannsóknina, en síðan felld út úr gögnum málsins áður en það var lagt fyrir dóm. Í sjálfu sér þarf það ekki að vera óeðlileg framkvæmd eins og Valtýr Guðmundsson segir varðandi þau gögn Keflavíkurannsóknarinnar sem ekki voru talin skipta máli varðandi sönnun á sekt sakborningana. Þessi skýring á þó tæplega við varðandi þau gögn sem vantar úr Reykjavíkurannsókninni.

Þegar er búið að gera grein fyrir gögnum sem benda til þess að fangaverðir í Síðumúlafangelsi hafi komið að yfirheyrlum yfir sakborningum Guðmundar- og Geirfinnsmála. Ekki er hægt að átta sig á því hvort það hafi verið með vilja rannsóknaraðila en ljóst er að það hafi verið með þeirra vitund, annars hefðu þessi gögn ekki ratað alla leið inn í gögn málsins og verið merkt blaðsíðutali þótt þau seinna hafi verið felld út úr málinu. Varðandi þau gögn, sem hafa verið felld út úr rannsóknargögnum Reykjavíkurannsóknarinnar vísast til áðurgreindrar yfirlýsingar Arnar Höskuldssonar og meðfylgjandi yfirlit yfir blaðsíður þær sem vantar.

Skjöl I/23.9 og I/23.10

Gert hefur verið sérstakt yfirlit yfir þau gögn sem hafa komið í leitirnar. Fyrir utan handritaðar frásagnir og vélritaðar yfirlýsingar Erlu Bolladóttur er fyrst að nefna skýrslu á bls. 260 þar sem gerð er grein fyrir athugunum á hvarfi Villý Pedersen frá Portey, Suðureyri, Færeyjum en Kristján Viðar Viðarsson mun hafa játað að hafa banað honum. Um það atriði er m.a. fjallað í lokaskýrslu Karls Schütz.

Næst má nefna áðurgreindan framburð Hinriks Jóns Þórissonar um samskipti hans við Sævar Marinó Ciesielski, dags. 9. júlí 1976, á bls. 300 til 303. Þar er m.a. fjallað um tvo aðila sem Sævari átti að vera tíðrætt um, þ.e. Þórð Björnsson, þáverandi ríkissaksóknara og Magnús Leópoldsson í Klúbbnum. Enn fremur hefur Sævar eftir Erlu Bolladóttur að Sævar hafi kveikt í sumarbústað Bjarna Benediktssonar, forsætisráðherra, í hefndarskyni og þar að auki hafi hann banað stúlkum í Vík í Mýrdal sem hafði

HED

aðstoðað þau við fjárvik gagnvart Pósti og síma á sínum tíma. Um þennan framburð, eins og reynar fleiri gögn undir þessum tölulið, hefur verið fjallað áður.

Skjal II/2.8.15

Því næst er framburður Guðmundar E. P. Björnssonar um kunningsskap hans við Kristján Viðar Viðarsson og Tryggva Rúnar Leifsson frá 9. júlí 1976 á bls. 304 og 305. Þar hefur Guðmundur það m.a. eftir mörgum aðilum að Sævar hafi verið í fjárhagslegum tengslum við þá sem reka Klúbbinn.

Skjal II/3.2.9

Næst kemur framburður Tryggva Bjarna Kristjánssonar um ætlaða spírasölu Geirfinns Einarssonar. Um þennan framburð er fjallað í næsta tölulið hér á eftir en um er að ræða bls. 556 til 558.

Þar á eftir koma gögn varðandi meðferð Helga Sveinbjörnssonar og sölu Guðmundar Stefáns Dalberg á spíra. Um er að ræða bls. 557 til 561 þannig að blaðsíðatal þessara gagna skarast við blaðsíðatal áðurgreinds framburðar Tryggva Bjarna Kristjánssonar.

Skjöl II/2.15 til II/2.21

Blaðsíður 713 til 714 innihalda upplýsingaskýrslu um Þórhall Leifsson, leigubifreiðastjóra, dags. 9. nóvember 1976. Þar er m.a. að finna eftirfarandi athugasemd: "Engar upplýsingar eru til um Þórhall hjá bandarísku aðilanum".

Megnið af öðrum blaðsíðum, sem vantar, eru endurrit úr sakadómsbók Reykjavíkur og persónuskýrslur löggreglumanna um sakborningana. Að öðru leyti er talið að yfirlit um þetta skýri sig sjálft.

2.11 Ætluð spírasala Geirfinns

Þriðjudaginn 1. október 2002 hafði Baldvin Einarsson, löggreglufulltrúi, símasamband við Alexander Ólafsson. Tilefnið var að fylgja eftir ábendingu frá Magnúsi Leópoldssyni um að Alexander kynni að búa yfir vitneskju varðandi meinta spírasölu Geirfinns á þeim tíma er starfsmenn Ellerts Skúlasonar unnu við lagningu Vesturlandsvegarins í Kollafirði.

Fram kom hjá Alexander að hann hafði unnið fyrir Ístak við lagningu Vesturlandsvegarins við Kollafjörð. Þar var á sama tíma Geirfinnur Einarsson í vinnuhópi á vegum Ellerts Skúlasonar. Hins vegar mundi hann ekki neitt sérstaklega eftir Geirfinni umfram aðra starfsmenn Ellerts en hann taldi að þeir hafi verið þrír talsins. Að sögn Alexanders voru "þessir strákar", eins og hann orðaði það, að meðhöndla spíra þarna á staðnum, þ.e. í bifreiðinni sem þeir voru á. Nánar um þetta kvað Alexander þá hafa verið að selja spíra þarna á staðnum og hann hafi sjálfur fengið flösku hjá þeim en vildi þó ekkert segja um það hvort það hafi verið Geirfinnur frekar en einhver hinna sem seldu honum spírann.

Eins og komið hefur fram hefur fundist skýrsla, sem ekki var lögð fyrir dóm, sem inniheldur frásögn af meintri spírasölu Geirfinns Einarssonar. Um er að ræða framburð Tryggva Bjarna Kristjánssonar, sem þá var að afþlána refsídóm á Kvíabryggju fyrir dreifingu fíkniefna, dags. 14. september 1976, og hefur blaðsíðatalið 556 til 558. Þar greinir Tryggvi Bjarni frá því þegar Geirfinnur birtist heima hjá honum að Þórustíg 32, Ytri Njarðvík, undir áhrifum áfengis skömmu fyrir hvarfið og bauð honum spíra til kaups. Í því sambandi hafði hann orð á því að honum væri kunnugt

um að Tryggi Bjarni stæði í dreifingu fikniefna og lyfja og hann vissi einnig að honum væri treystandi. Hann gaf síðan Tryggva Bjarna símanúmerið sitt og bauð honum að hringja í sig ef hann vantaði spíra. Þeim talaðist svo til, að þegar Tryggi Bjarni hringdi í Geirfinn til þess að kaupa spíra, myndi Geirfinnur ákveða afhendingarstað sem reyndist vera við Hafnarbúðina, alltaf á milli kl. 21:00 og 21:30 í þau þrjú skipti sem hann keypti spíra af Geirfinni, síðast um hálfum mánuði fyrir hvarf hans. Jafnframt mun Geirfinnur hafa komið fótgangandi til fundar við hann.

Þrjár aðrar skýrslur er að finna um sama efni. Í þeirri fyrstu, einnig dags. 14. september 1976, er það haft eftir Tryggva Bjarna að Garðar nokkur í slökkviliði Keflavíkurflugvallar væri oft með spíra til sölu ásamt syni hans, Herði Garðarssyni, og um væri að ræða svokallaðan “flugvélarspíra”.

Í annarri skýrslunni, sem er ódagsett, er haft eftir John Hill, rannsóknarlöggreglumanni í Keflavík, að Tryggi Bjarni sé mjög ósannsögull og sé líklegur til að búa til sögur án tilefnis. Jafnframt kvað hann Tryggva hafa búið á nefndum stað í two eða þráðu mánuði snemma á árinu 1976 en þar hafi hann ekki búið í annan tíma.

Í þriðju skýrslunni, sem er dags. 17. september 1976, er gerð grein fyrir ferð rannsóknarlöggreglumanna til Keflavíkur til að sannreyna framburð Tryggva Bjarna. Þar var rætt við húsráðanda að Þórustíg 32, Ytri Njarðvík, en í stað nafn hans er eyða í skýrslunni. Haft er eftir honum að Tryggi Bjarni hafi ekki búið þarna á árinu 1974 en hins vegar um haustið 1975 eða þangað til rannsóknarlöggreglan í Keflavík hafði afskipti af honum. Einnig er rætt við two menn sem Tryggi Bjarni hafði nafngreint sem kaupendur spíra af honum en hvorugur þeirra kannaðist við slíkt.

2.12 Sekt sönnuð varðandi rangar sakargiftir

Í öðrum kafla ákær, dags. 16. mars 1977, er þeim Kristjáni Viðari, Sævari Marinó og Erlu “gefið að sök að hafa á árinu 1976 gerst sek um rangar sakargiftir í skýrslum, er þau gáfu rannsóknarlöggreglunni í Reykjavík og á dómþingi Sakadóms Reykjavíkur”. Talið var að það hefðu verið samantekin ráð þeirra að bera í skýrslum þessum rangar sakir á Einar Gunnar Bollason, Magnús Leópoldsson, Sigurbjörn Eiríksson og Valdimar Olsen, að þeir hefðu átt hlut að dauða Geirfinns Einarsson og smyglbrotum. Þetta leiddi til þess að þessum mönnum var gert að sæta langvinnu gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar þessara sakarefna.

Þar sem þau Sævar, Erla og Kristján Viðar voru sakfelld fyrir þessar röngu sakargiftir taldi undirrituð ekki ástæðu til að kalla þau til skýrslugjafar í málín. Í þess stað var stuðst við framburði þeirra og ýmis ný gögn sem hafa orðið til vegna beiðni um endurupptöku Guðmundar- og Geirfinnsmála.

Ágreiningslauster að framburðir þeirra Sævars, Erlu og Kristjáns Viðars leiddu til þess að þeir Magnús, Valdimar, Einar og Sigurbjörn voru handteknir og látnir sæta langvinnu gæsluvarðhaldi. Því hefur hins vegar verið haldið fram að þessar röngu sakargiftir hafi orðið til vegna atbeina löggreglu. Jafnframt hefur verið bent á að þau Sævar, Erla og Kristján Viðar báru ekki einungis sakir á fjórmennингana, heldur einnig á þó nokkra einstaklinga til viðbótar. Það sé því ljóst að löggreglan hafi lent í vandræðum með þessar frásagnir í höndunum enda hafi hún ekki einu sinni haft fyrir því að yfirheyra alla þá sem voru nefndir á nafn. Þetta ásamt pólitísku moldviðri á

Alþingi leiddi til þess að stjórn rannsóknarinnar færðist undir Karl Schütz og rannsóknarnefnd Reykjavíkur var stofnuð.

Einnig hefur verið bent á að þess séu jafnframt dæmi að bornar hafi verið fram rangar sakir eftir að þeir Magnús, Einar, Valdimar og Sigurbjörn voru lausir úr gæsluvarð-haldi auk þess sem sakir þessar voru ítrekaðar í samþrófunum og fyrir dómi þar sem löggreglumenn voru ekki viðstaddir. Í þessu sambandi má vísa til greinar Skúla Eggerts Þórðarsonar skattrannsóknarstjóra "Um rangar sakargiftir í hæstaréttarmálinu nr. 214/1978" sem birtist í Úlfljóti (3. tbl., 50 árg.) í október 1997.

2.13 Niðurstöður rannsóknartilviks 2

Svipaða frásögn af afdrifum Geirfinns Einarssonar og kemur fram í fyrstu fram-burðum þeirra Erlu, Sævars og Kristjáns Viðars, var þegar að finna í sögu sem Guðmundur Agnarsson sagði ættingjum sínum í október 1975 og leiddi á þeim tíma til sérstakrar rannsóknar hjá rannsóknarlöggreglu. Þar að auki var hann á þeim tíma með Gróu Bæringsdóttur, fyrrverandi sambýliskonu Sigurbjörns Eiríkssonar í Klúbbnum.

Ekkert í þessari rannsókn bendir til þess öðru fremur að þessi útgáfa Guðmundar af sjóferðasögunni eigi við rök að styðjast en hann hélt því fram við yfirheyrslur að um uppspuna væri að ræða. Hins vegar er eðlilegt að velta því fyrir sér hvort uppruni þessara frásagna af sjóferðinni, þ.e. Guðmundar annars vegar og þeirra Sævars, Erlu og Kristjáns hins vegar, sé hinn sami enda eiga þær margt sameiginlegt. Þar að auki virðist sem Guðmundur Agnarsson hafi fengið strax áhuga á hvarfi Geirfinns Einars-sonar en ætla má að hann sé einn þeirra sem hafði samband við löggreglu eftir birtingu leirmyndarinnar í fjöldum.

Samkvæmt blaðafregnum frá tíma Keflavíkur rannsóknarinnar fóru sögusagnir um málið af stað einungis nokkrum dögum eftir hvarfi Geirfinns. Nafn Klúbbsins tengdist einnig fljótlega Geirfinnsmálinu, bæði í mannshvarfsrannsókninni sjálfrí vegna ferðar Geirfinns þangað þann 17. nóvember 1974, sem og þegar löggreglan í Keflavík lýsti eftir manni sem sást á tali við Geirfinn á sama veitingastað. Þess má geta að svo magnaðar virðast þessar sögusagnir hafa orðið á tímabili að ástæða þótti til þess af hálfu löggreglunnar í Keflavík að vara almenning við þeim. Í þessu sambandi má hins vegar gagnrýna rannsóknaraðila í Keflavík fyrir of mikið aðgengi fjöldi að upplýsingum úr rannsókninni þótt ekki sé hægt að fullyrða í dag hvort sú upplýsingagjöf hafi með einum eða öðrum hætti ýtt undir þessar sögusagnir.

Einnig verður orðrómur um hugsanlega aðild Magnúsar Leópoldssonar og Sigurbjörns Eiríkssonar að hvarfi Geirfinns það mikill að þeir sáu sig knúna til aðrita dómsmálaráðherra tvívegis bréf vegna þessa í febrúarmánuði 1975. Þrátt fyrir það virðist sem söguburðurinn hafi haldið áfram og magnast síðan það mikið við handtöku þeirra að til vandræða horfði við rannsóknina. Fjöldi lar og stjórnmalamenn létu ekki heldur sitt eftir liggja í þeim efnum og fljótlega barst málið inn í sali Alþingis og ekki er annað að sjá en einn þeirra, sem komu að Keflavíkur rannsókninni, hafi lagt sitt að mörkum við þá umræðu með upplýsingagjöf til stjórnmalamanna og fjöldi.

Handritaðir minnispunktar, sem taldir eru frá fyrstu frásögnum Erlu og Sævars af hvarfi Geirfinns, benda til þess að fyrstu skýrslur í málínu séu gefnar án þrýstings eða áhrifa frá rannsóknaraðilum. Hins vegar virðist sem fleiri hafi verið nafngreindir, bæði í upphafi og síðar í málínu, en rannsóknaraðilar hafi ekki yfirheyt þá alla.

Fyrirliggjandi gögn benda til þess að fangaverðir hafi ekki einungis verið að ræða skipulega við sakborninga um málsatvik heldur hafi þeir einnig stundað einhvers konar yfirheyrlur og látið viðkomandi síðan undirrita framburði síma. Þetta hlýtur að veikja tiltrú manna á hinni svokölluðu harðræðisrannsókn sem fór fram í lok Geirfinnsmálsins. Þessi gögn, sem stöfuðu frá fangavörðum, voru hins vegar ekki lögð fyrir dóm og misvísandi skýring gefin á því.

Það sama á við um þó nokkur önnur skjöl, þ.á.m. frásögn um meint spíraviðskipti Geirfinns Einarssonar í nágrenni Hafnarbúðarinnar en þar átti að vera um að ræða svokallaðan flugvélaspíra af Keflavíkurflugvelli. Hins vegar er ekki annað að sjá en sú vísrending hafi verið rannsókuð og ekkert hafi komið fram sem benti til að þetta ætti við rök að styðjast. Einnig hafa komið fram nýjar vísrendingar um að Geirfinnur eða vinnufélagar hans, hafi stundað sölu spíra þegar þeir unnu við lagningu Vesturlandsvegar. Þetta hefur þó ekki verið athugað nánar þar sem talið er að þetta liggi utan viðfangsefnis þessarar rannsóknar sem og ýmis önnur ný atriði sem komið hafa í ljós eins og hugsanleg tengsl milli Sævars Marinós Cieselski og Kristófers Reykdals sem kemur fyrir í Keflavíkurrannsókninni.

Fram hafa komið ásakanir í garð rannsóknaraðila í Keflavík að með gerð leirmyndarinnar hafi þeir ætlað að blanda Magnúsi Leópoldssyni viljandi inn í rannsóknina á hvarfi Geirfinns. Að gefinni þeirri forsendu að slíkt hafi gerst er erfitt að sjá hvernig slíkt samsæri gaeti hafa flutst yfir á rannsóknaraðila í Reykjavík. Allt bendir til að þeir hafi ekki stuðst nema að litlu leyti við mannhvarfsrannsóknina og samskipti við þá, sem hana önnuðust, hafi verið í lágmarki og jafnvel lítil sem engin. Einnig benda gögn til þess að fyrstu játningar þeirra Erlu og Sævars stafí frá þeim sjálfum og reyndar er Erla eini samnefnarinn fyrir þá fjóra einstaklinga sem voru handteknir og hnepptir í gæsluvarðhald á grundvelli þessara framburða.

Meðal gagna er minnismiði, dagsettur 6. janúar 1976, þar sem fjallað er um ábendingu í Geirfinnsmálinu. Þótt nöfn sakborninga Geirfinnsmálsins komi ekki fyrir í þeim minnispunktum má ætla af öðru efni, sem er að finna á sömu blaðsíðu, að þetta hafi verið ritað af þeim sem rannsókuðu Guðmundarmálið. Af þessu gagni má draga þá ályktun að Geirfinnsmálið hafi að einhverju leyti verið komið til kasta þeirra um hálfum mánuði áður en fyrstu framburðir lágu fyrir. Bls 66

Þess má geta að þeir Valdimar Olsen og Einar Gunnar Bollason hafa í skýrslutökum hjá undirritaðri ekki tekið undir ásakanir Magnúsar Leópoldssonar í garð rannsóknaraðila Geirfinnsmálsins og reyndar stendur Valdimar enn í þeirri trú að Erla hafi viljandi bendlað honum við málið. Þannig hafi hún ætlað að hefna sín á honum fyrir að hafa verið rekin eitt sinn á dyr af Valdimar.

Rannsóknartilvik 3 – Ástæður þess að gæsluvarðhaldsvist Magnúsar Leópoldssonar stóð svo lengi sem raun varð í ljósi þeirra gagna sem þá lágu fyrir í málinu.

3.1 Ábyrgð dómstóla

Í skýrslutöku hjá undirritaðri þann 26. nóvember 2001 var Örn Höskuldsson, fyrrverandi fulltrúi yfirsakadómara í Reykjavík, spurður um ástæður þess að gæsluvarðhaldsvist Magnúsar Leópoldssynar stóð svo lengi sem raun varð á í ljósi þeirra gagna sem þá lágu fyrir í málinu. Hann kvaðst ekki muna annað en allir gæsluvarðhaldsúrskurðirnir, sem kveðnir voru upp, hafi verið kærðir til Hæstaréttar og taldi nokkuð víst að samráð hafi verið haft við ákærvaldið varðandi þessar ákvarðanir en hversu formleg þau samskipti voru vildi hann ekkert fullyrða um. Jafnframt kvaðst hann vera viss um að hafa ekki tekið þátt í neinum samningum við réttargæslumenn Magnúsar, Sigurbjörns, Valdimars og Einars varðandi síðasta gæsluvarðhaldsúrskurðinn.

Þess má geta að í bréfi Hallvarðs Einvarðssonar vararíkissaksóknara til Hæstaréttar Íslands, vegna framlengingar gæsluvarðhalds Magnúsar þann 18. mars 1976, er vísað til tittnefndrar skýrslu eða samantektar Eggerts. Fram kemur að rannsókn þessari sé hvergi næri lokið, enda all umfangsmikil, og það þurfi m.a. að fara fram dómsrannsókn, sakbendingar og samprófanir fyrir domi.

Skjal II/3.3.23

Í niðurstöðu dóms bæjarþings Reykjavíkur þann 29. apríl 1980 segir eftirfarandi: “Þegar yfir rannsókn þessa sakamáls er litið, verður ekki séð, að um aðra kosti hafi verið að ræða en hneppa þessa menn í gæsluvarðhald og rannsaka, hvaða hugsanlega hlutdeild þeir hafi getað átt í verknaðinum. Það tókst að upplýsa um sakleysi þeirra að lokum, en það tók sinn tíma, og verður ekki séð, að þar hafi átt sinn þátt nokkur mistök eða gáleysi rannsóknarmanna, sem skapi ríkissjóði aukna bótaábyrgð gagnvart þessum mönnum. Menn eru varnarlausir fyrir slíkum sakaráburði, og er meinsæri því meiri háttar afbrot í almennum hegningarlögum, og liggur við því allt að 16 ára fangelsisrefsing, hafi brotið haft eða verið ætlað að hafa í för með sér velferðarmissi, eins og hér var raunin á”.

Þess má geta að í sama máli tóku dómstólar jafnframt afstöðu til rannsóknartilviks 1 í þessari rannsókn. Um það atriði segir í sömu niðurstöðu bæjarþings Reykjavíkur: “Er þá ekki fallist á með stefnanda, að í ljós sé leitt, að leirmyndin, sem gerð var að undirlagi Hauks Guðmundssonar löggreglumanns í upphafi rannsóknar á hvarfi Geirfinns Einarssonar, hafi verið gerð sérstaklega eftir mynd af stefnanda og átt að líkjast honum”.

3.2 Ábendingar á Magnús til rannsóknarlöggreglunnar í Reykjavík

Meðal gagna Reykjavíkurannsóknarinnar er að finna þó nokkrar ábendingar á þá Magnús Leópoldsson, Sigurbjörn Eiríksson, Valdimar Olsen og Einar Gunnar Bollason. Ekki verður gerð grein fyrir þessum ábendingum hér nema hvað varðar Magnús.

1. Fyrst má nefna frásögn Árna Sigurðar Guðmundssonar frá 22. október 1975 þar sem hann hafði það eftir föður sínum, Guðmundi Agnarssyni, að hann hafi fengið tékka frá Magnúsi að fjárhæð 175.000 krónur. Guðmundur reyndar neitaði þessu í skýrslutöku daginn eftir og kvað þetta vera uppspuna af sinni hálfu, þ.e. að hann hafi farið með Magnúsi og fleirum að sækja smygl og hafi í tengslum við það

fengið umræddan tékka frá honum. Guðmundur var spurður um þetta í annarri skýrslutöku þann 17. febrúar 1976 og var framburður hans með svipuðum hætti og neitaði að hafa fengið nokkrar greiðslur frá Magnúsi (sjá bls. 63 hér á undan).

Skjal II/3.1.1 til 3.1.8

2. Þann 30. janúar 1976 var farið ásamt Gylfa Hallvarðssyni eiganda Esju, Kjalarsnesi, að versluninni “vegna upplýsinga um að torkennileg merki sjáist skammt frá húsinu um uppgröft”. Svo virðist sem athuganir hafi verið gerðar á staðnum en snjór hafi verið yfir öllu og því erfitt að átta sig á staðháttum. Hins vegar fékkst heimild hjá Gylfa til að grafa þarna eftir þörfum þegar snjóa leysti.
Skjal II/3.3.3
3. Þann 4. febrúar 1976 var það síðan haft eftir Sigurjóni Ásbjörnssyni að Magnús hafi komið í Valhöll á Þingvöllum um miðja nótta með Jóni Ragnarssyni og Sigurbirni Eiríkssyni.
4. Daginn eftir greindi Magnús Hjartarson, leigubifreiðastjóri, rannsóknarlöggreglunni frá því að kvöldið eftir að hvarf Geirfinns komst í hámæli hafi hann ekið tveimur piltum að Klúbbnum. Þar hafi þeir haft orð á því að Klúbburinn væri búinn að kaupa nýjan bíl en síðan áttað sig á því að búið væri að mála hann bláan en hann hafði verið grár.
Skjal II/3.3.4
5. Sama dag, eða þann 5. febrúar, bárust Hauki Guðmundssyni, rannsóknarlöggreglumann i Keflavík, þær upplýsingar að Hilmar Sigurðsson, sendibifreiðastjóri, hafi ekið einhverju sem líktist bruggtækjum heiman frá Einari Gunnari Bollasyni að heimili Magnúsar Leópoldssonar. Haukur yfirheyrði Hilmar, væntanlega daginn eftir en sú skýrsla er ódagsett, og kvaðst Hilmar ekki þekkja Magnús og kannaðist ekki við áðurgeindan flutning. Hins vegar hafði hann ekið nokkrum sinnum byggingarefni fyrir Einar.
Skjal II/3.3.5 og 3.3.5.1
6. Þann 10. febrúar 1976 greindi Páll Rúnar Elísson ótilkvaddur frá sölu á spíra á Hótel Vestmannaeyjum. Taldi hann einhver tengsl á milli hótelssins og Klúbbsins en taldi þó að Sigurbjörn Eiríksson tengdist ekki þessum spíra þótt hann kynni að vita um hann.
Skjal II/3.2.4
7. Þann 15. febrúar 1976 fóru þrír löggreglumenn “austurfyrir fjall, í þeim tilgangi að athuga jarðir þær, eða húsakynni þau, sem Sigurbjörn Eiríksson, er talinn hafa umráð yfir”. Um var að ræða jarðirnar Oddhól á Rangárvöllum, Stóra Hof í Rangárvallasýslu og Skálmholt í Villingaholtshreppi. Athygli vekur að Ásmundur Guðmundsson, löggreglumaður í Kópavogi, er einn löggreglumannanna. Svo virðist sem leitað hafi verið að spíra og aðstöðu til blöndunar áfengis.
Skjal II/3.3.6
8. Fyrilliggjandi er samantekt yfir ýmsa framburði er tengjast Magnúsi Leópoldssyni. Miðað við tímasetningar er hún gerð eftir 14. febrúar 1976. Þar eru talin upp atriði sem kynnu að leiða jafnt til sektar eða sýknu.
Skjal II/3.3.7

9. Þann 17. febrúar 1976 bent Lárus Salómonsson rannsóknaraðilum m.a. á að Magnús hefði um nokkurt skeið haft samband við menn á Hótel Loftleiðum og hafi hann sést þar síðast í janúarmánuði. Þar hafi einnig sést Íslendingur sem starfar á Keflavíkurflugvelli í sambandi við húsgagnainnflutning fyrir Bandaríkjumenn.
10. Þann 20. febrúar 1976 var tekið viðtal Erlu Jensdóttur, ekkju Einars Birgis Hjelm sem fórst með Hafrunu BA-10 þann 11. desember 1974 ásamt Sævari Jónassyni, en báturinn var gerður út frá Keflavík. Í niðurlagi skýrslunnar kemur fram “að það hefði verið fljótlega eftir að þeir félagar fórust, sem á loft komust kvíksögur um það að þeir myndu hafa verið í spíraflutningum”. Þess má geta að hér er um sama sjóslys að ræða og fjallað er um á bls. 32 hér að framan. Rétt þykir að geta þessa í sambandi við Magnús þótt hans eða Klúbbsins sé hvergi getið í skýrslunni.
Skjal II/3.3.8, sbr. II/1.73.1
11. Það gerist síðan þann 24. febrúar 1976 að Guðlaug Konráðs Jónasdóttir, starfstúlka í Hafnarbúðinni, sagði í símtali við rannsóknarlögreglumann að Magnús væri ekki sá sem kom inn í Hafnarbúðina til að hringja. Í sama símtali mun hún að vísu hafa fjallað um annan mann, sem hún sá í búð á Skólavörðustíg þann 10. júní 1975, og væri líkur Magnúsi.
Skjal II/3.3.11 og 3.3.11.1
12. Þann 24. febrúar 1975 ritar Hilmar Þorbjörnsson, varðstjóri í lögreglunni í Reykjavík, upplýsingaskýrslu fyrir Bjarka Elíasson, yfirlögregluþjón, um hugsanlega dreifingu fikniefna úr leigubifreið. Í skýrslunni eru rakin nokkur atvik í tengslum við leigubifreið og síðhærð ungmenni (hippa) en Hilmar var ásamt tveimur öðrum lögreglumönnum að huga að leynívínsölu. Ekki urðu menn varir við áfengi en töldu háttalag viðkomandi benda til þess að um væri að ræða dreifingu fikniefna. Einu tengslin, sem eru sjáanleg við Magnús Leópoldsson eða Geirfinnsmálið almennt, er það að tvær stúlkur létu aka sér að Klúbbnum þar sem þær yfircáfu bifreiðina.
Skjal II/3.3.9
13. Tvö minnisatriði er að finna á sömu blaðsíðu sem tengjast “Klúbbmönnum”. Annars vegar er um að ræða punkta frá 24. febrúar 1976 um Hreiðar Ársælsson. Fram kemur að hann er “talinn vera handgenginn Klúbbmönnum og vinnur þar nú”. Hins vegar er fjallað um Sigurbjörn Eiríksson þann 25. febrúar og hugsanleg kaup hans á íbúð í Vesturbæ Reykjavíkur og “talið er að þar geymi Sigurbjörn mikid málverkasafn”.
Skjal II/3.3.10
14. Í skýrslutöku þann 26. febrúar 1976 er Július Ingvarsson, kranabifreiðarstjóri, spurður um flutning á Volkswagen-bifreið, sem var í eigu Magnúsar, frá árekstursstað að verkstæði í Kópavogi. Á þeim stað sá Július nokkra stóra plastbrúsa. Daginn eftir fékkst sú skýring að um væri að ræða brúsa undan matarolíu.
Skjöl II/2.8.9 og 2.8.10
15. Samkvæmt handskrifuðum minnismiða kom Kristján Pétursson þann 27. febrúar í Sakadóm Reykjavíkur og ræddi þar við Örn Höskuldsson og Sigurbjörn Viði. Sama dag voru Sigurbirni Eiríkssyni og Magnúsi Leópoldssyni birtar ákærur,

væntanlega í Klúbbmálinu svokallaða. Þetta er í samræmi við dagbók rannsóknarlöggreglumanna.

Skjal II/3.3.12 og II/3.4 (bls. 81 / 391)

16. Í einhvers konar minnispunktum, dags. 28. febrúar 1976, er það haft m.a. eftir “Jóni á Selalæk” að “Sigurbjörn, Póri og Magnús hefðu farið með smá flugvél til útlanda og er þeir komu til baka, hefði vélin hringsólað yfir Stóra Hofi, og þar hefði þá einhverju verið kastað niður. Þetta átti að hafa verið í túrnum er einn þessara félaga var tekinn með eina milljón”.

Skjöl II/3.3.14

17. Í framburði sínum frá 4. mars 1976 greinir Sigurður Fossan Þorleifsson, einn af útgefendum tímaritsins Samúel, frá átöppun áfengis á flöskur í Mosfellssveit og væri það hugsanlega í sambandi við samkomuhúsið Klúbbinn. Þetta hafði hann eftir Sigurjóni Ásbjörnssyni sem hann hafði kynnst í Danmörku sumarið áður.

Skjal II/3.2.5, II/3.3.17 og II/3.3.18

18. Í yfirheyrslu þann 8. mars 1976 var Ásgeir Hannes Eiríksson spurður um smyglæð áfengi og kunningsskap hans við þá fjóra menn sem sitja í gæsluvarðhaldi. Þar greinir hann frá tékkakeðju milli Sigurbjörns, Magnúsar, hans sjálfs og fleiri aðila. Hann greindi einnig frá áfengi, sem var boríð fram í brúðkaupsveislu hans í Klúbbnum, sem var örugglega smyglæð, enda 75% vodki.

Skjal II/3.2.6

19. Samkvæmt handskrifuðu minnisblaði, dags. 1. mars 1976, var N.N. yfirheyrður “vegna vitnesku hans um áfengisburð í veitingahúsið Klúbbinn árið 1974” Tekið er fram að ekki er rituð skýrsla, heldur séu þetta upplýsingar. Fyrir liggur skýrsla Magnúsar Magnússonar, rannsóknarlöggreglumanns, og virðist innihald hennar passa við áðurgreinda minnispunkta. Fram kemur í skýrslunni að N.N. hafi séð Siggeir Eiríksson bera inn fullan kassa af vodkaflöskum inn í Klúbbinn og veitt því athygli að innsigli flaskanna var rofið “og setti þetta strax í samband við hinn þrálátu orðrómu um Klúbbinn, að veigarnar væru smyglæðar, sem þar væru á boðstólum”. Vitnið var ekki fáanlegt til að gefa skýrslu um þetta.

Skjal II/3.3.15

20. Þann 16. mars 1976 var Sighvatur Andrésson, ressfifangi á Litla Hrauni, yfirheyrður vegna frásagnar Kristjáns Viðars um að Sighvatur hafi séð Eirík, son Sigurbjörns eiganda Klúbbins, í samræðum við Geirfinn Einarsson. Þetta hafi átt sér stað í Klúbbnum skömmu áður en Geirfinnur hvarf. Sighvatur neitaði þessu algjörlega.

Skjal II/3.2.7

21. Þann 31. mars 1976 hafði Magnús Jóhannsson, leigubifreiðastjóri, símasamband við rannsóknarlöggreglu. Hann greindi m.a. frá því að stúlka nokkur, Bogga Jakobsdóttir frá Hömrum, hafði sofnað í samkvæmi eftir að hafa verið í Klúbbnum. Þegar hún vaknaði hafi tveir menn verið að tala saman í herberginu um Magnús Leópoldsson. Þeir hefðu m.a. sagt að Magnús væri farinn á taugum og töluðu eithvað um Geirfinn og bátsferð.

22. Í mikilli upplýsingaskýrslu, dags. 23. apríl 1976, gera þrír löggreglumenn í Reykjavík grein fyrir upplýsingum “um nokkra aðila grunaða um meðferð

fikniefna o.fl.”. Skýrsla þessi nær yfir tímabilið 14. febrúar 1975 til desember sama ár. Í henni er fjallað um meint fikniefnaviðskipti nálægt Klúbbnum og ferðir grunaðra til Keflavíkur. Einnig er vísað til atviks þar sem fylgst var með leigubifreið og reyndist Valdimar Olsen hafa verið farþegi í henni.

Skjal II/3.3.27

23. Um þetta er fjallað nánar í annarri löggregluskyrslu frá 25. apríl 1976. Í henni segir einnig frá því þegar Valdimar kynnti sig fyrir löggreglukonu og vínveitingaeftirlitsmönnum á skrifstofu Klúbbsins þegar þau voru stödd þar í venjubundnu eftirliti. Í sömu skýrslu er einnig fjallað um íbúð Valdimars. Þar segir að “á árunum 1972-1974 var einmitt þessi íbúð, einn þeirra staða sem fikniefnadeild löggreglunnar gaf sérstakar gætur. Samkvæmt skýrslum frá þessum tíma, fóru þar fram alls kyns misferli í sambandi við fikniefni, neyzla, dreifing, útvegun og sala og eru á skrá nöfn um 20 aðila, sem koma þar við sögu, en ekki kom nafn Valdimars Olsen þar inn”. Fleiri skýrslur er að finna meðal málsgagna Geirfinnsmálsins svipaðs eðlis. Hins vegar telur undirrituð ekki ástæðu til að gera grein fyrir innihaldi þeirra hér.

Skjal II/3.3.28 til 3.3.30

24. Í yfirheyrsli þann 9. júlí 1976 greindi Guðmundur Edvin Þór Björnsson frá orðrómi um að “Sævar hafi verið í fjárhagslegum tengslum við menn þá sem reka veitingahúsið Klúbbinn”. Jafnframt greinir hann frá því þegar Sævar komst undan löggreglumönnum við sölu fikniefna í Klúbbnum. Átti hann að hafa notið aðstoðar starfsmanna staðarins við það.

Skjal II/3.2.9

25. Í langri og ítarlegri skýrslu af Hinrik Jóni Þórissyni, einnig tekinni 9. júlí 1976, er fjallað um Magnús Leópoldsson á tveimur stöðum. Þar er einnig fjallað um drykkju á soði gerðu með því að sjóða umbúðir utan af hassi. Þetta er hugsanlega skýringin á blóðdrykkjunni sem kemur fram í skýrslu þeirra Kristjáns Péturssonar, deildarstjóra í tollgaeslunni, og Gísla Pálssonar, löggreglumanns dags., 16. júní 1976. Í henni hafa þeir það m.a. eftir Matthildi Guðmundsdóttur, sem þá var stödd á Spáni, að náið samband hafi verið á milli Magnúsar og Sævars Marinós Ciesielski og hafi Magnús látið Sævar Marinó hafa peninga. Umrædd skýrsla, sem er í sjö töluliðum, er sérstök fyrir það hversu ótrúlegar frásagnir hún hefur að geyma. Má t.d. nefna frásögn um kjötlexi notuð til að búta niður mannslikama og te gert úr blóði. Þar að auki hefur Matthildur það eftir Magnúsi nokkrum Árnasyni “að Sævar hafi verið fenginn til að kveikja í sumarbústað forsætisráðhr. á Pingv.”. Undirrituð telur þá skýrslu gott dæmi um þær ótrúlegu sögusagnir, sem voru þá á kreiki um hvarf Guðmundar og Geirfinns og jafnvel fleiri aðila sem höfðu horfið um svipað leyti, enda er sagt í sömu skýrslu frá morði Sævars á stúlkú í Vík í Mýrdal.

Skjal II/3.2.10 og II/3.3.31

26. Þann 22. júlí 1976 var rætt við Guðlaugu Konráðs Jónasdóttur, starfsstúlkú í Hafnarbúðinni, “að gefnu tilefni” eins og það er orðað. Hún greindi þá frá Eðvald Hjaltasyni sem einu sinni hefði unnið í Klúbbnum. Hann hefði “ekki átt neitt að éta, fyrir hvarf Geirfinns, en eftir það hefði hann allt í einu verið kominn með nýtt hús, kindur og 12 hross, og hefði verið austur á Hofi. Væri í jakka eins og Leirfinnur og líkur honum”. Síðar í skýrslunni er það haft eftir Guðlaugu að “strax og Sigurbirni var sleppt út, hefði hann farið austur í Landeyjar, sprellandi og allir þar dýrkuðu hann”. Í lok skýrslunnar er síðan verið að velta því upp hvort

ókeypis ferð til Spánar væri í raun yfirvarp og það ætti að láta hana hverfa í þeirri ferð.

Skjal II/3.2.12.

27. Þann 24. ágúst 1976 greindi Jón Knútsson síðan frá því í yfirheyrslu að hann væri hræddur vegna Geirfinnsmálsins. Fram kemur í skýrslunni að Jón er góður vinur Guðmundar Bjarna Agnarssonar Guðmundssonar. Móðir Guðmundar hafi þá komið að máli við Jón og sagt að vinnuveitandi hans, Jón Ragnarsson og hans vinir væru glæpamenn og viðriðnir þetta mál. Seinna í skýrslunni er tölувert fjallað um Sigurbjörn Eiríksson, veitingahúsið Klúbbinn og undarlegt vodka hjá ákveðnum barþjóni. Um svipað leyti fara fram frekari skýrslutökur varðandi frásögn Guðmundar Agnarssonar.

Skjöl II/3.1.8 til 3.1.10

28. Þann 12. október 1976 kom Vilmundur Gylfason til viðtals við Karl Schütz og greindi honum frá ýmsu sem hann hafði komist að varðandi Geirfinnmálið. Hann kemur m.a. fram með tilgátu um hugsanleg tengsl þeirra Sigurbjörns í Klúbbnum, Valdimars Olsen og Magnúsar Leópoldssonar við mann sem ætlaði að ráða Guðlaugu Konráðs Jónasdóttur til starfa á Spáni. Jafnframt virðist sem Magnús Gíslason sé heimildarmaður Vilmundar varðandi ýmis önnur atriði, s.s. að Geirfinnur hafi verið tíður gestur á skrifstofum Klúbbsins.

Skjöl II/3.3.35

29. Þann 19. október 1976 er rætt við annan aðila úr Keflavíkurannsókninni, þ.e. Magnús Gíslason. Erindið eru upplýsingar sem borist hafa frá Vilmundi Gylfasyni varðandi Geirfinnmálið. Þar greinir hann frá orðrómi um að nafn Geirfinns hafi verið á nótum sem hefðu komið af börum í Klúbbnum.

Skjal II/3.2.13

30. Þann 25. október 1976 var tekin skýrsla af Sigurbjörgu Jónu Árnadóttur, vitni úr Hafnarbúðinni, vegna sakbendingar. Fram kemur í niðurlagi skýrslunnar að hún hafi skoðað myndir af hópi manna og finnst henni Magnús Leópoldsson líkastur manninum sem kom í Hafnarbúðina.

Skjöl II/3.2.19

31. Þann 10. janúar 1977 neitar Lilja Jónsdóttir, starfsstúlka í Klúbbnum, að hafa haldið því fram að Geirfinnur Einarsson hafi á áberandi hátt krafist drykkja á bar í Klúbbnum og ekki greitt fyrir þá.

Skjal /3.2.20

32. Þann 18. janúar 1977 er að undirlagi Magnúsar Leópoldssonar tekin skýrsla af Sigríði O. Malmberg, barþjóni í Klúbbnum, en hún taldi sig hugsanlega hafa afgreitt mann sem gæti verið Geirfinnur.

Skjal II/3.2.21. sbr. II/3.3.38

33. Þess má geta að á meðan Magnús sat í gæsluvarðhaldi játaði hann að hafa keypt lítilsháttar magn af smygluðu áfengi. Jafnfram greindi Ómar Valdimarsson frá því þann 20. mars að hafa keypt smyglað áfengi af Magnúsi en þeir þekktust. Það gerðist líka þann 19. febrúar 1976 að Magnús greindi rannsóknaraðilum frá "tékkahring" sem hefði verið aðallega á milli Sigurbjörns Eiríkssonar og Jóns Ragnarssonar.

34. Einnig skal ítrekað að á sama tíma bárust löggreglu ýmsar ábendingar varðandi Sigurbjörn, Valdimar og Einar. Einnig gerðist það þann 8. apríl 1976 að tvær skammbýssur fundust í póstsendingu til Valdimars sem gat síðar meir gefið fullnægjandi skýringar á þessari sendingu.

Skjal II/3.3.33

35. Á meðan rannsóknarlöggreglu bárust áðurgreindar upplýsingar um Magnús kom nafn Magnúsar ítrekað fram í framburðum Sævars, Erlu og Kristjáns Viðars. Hins vegar virðist sem unnið hafi verið úr öllum þessum ábendingum og upplýsingum jafnóðum og þær bárust. Í tölvugögnum rannsóknarinnar er m.a. fyrirliggjandi yfirlit yfir öll þau tilvik þar sem nafn Magnúsar Leópolssonar kemur fyrir í rannsóknargögnum.

Skjal II/3.3.40

Varðandi áðurgreindar ábendingar á Magnús má að lokum vísa til blaðaviðtals við hann þann 3. febrúar 1977 undir fyrirsögninni “Hvað segja sjálfskipuðu dómararnir núna?” Tilefnið var fréttaumfjöllun um blaðamannafund þar sem niðurstöður Reykjavíkurraðsóknarinnar voru kynntar. Þar er haft eftir honum að fróðlegt væri að vita hvað “allir þessir sjálfskipuðu dómarar” héldu nú um málið, þeir sem “voru virkastir á meðan ég var í tukthúsini” eins og hann orðaði það.

3.3 Undirmönnuð rannsókn

Í tittnefndri yfirlitsskýrslu Eggerts N. Bjarnasonar frá 10. mars 1976 kemur fram að frá 20. janúar 1976 hafi þeir sjö aðilar, sem sættu gæsluvarðhaldi vegna málsins, verið til munnlegrar eða skriflegrar yfirheyrsu samtals 110 sinnum og samtals hafi verið rætt við þá í 161 klst. og 45 minútur.

Skjal II/3.3.22

Svo virðist sem þrír til fjórir menn hafi unnið við rannsóknina til að byrja með, þ.e. Örn Höskuldsson, fulltrúi yfirsakadómara, og rannsóknarlöggreglumennirnir Eggert N. Bjarnason, Sigurbjörn Víðir Eggertsson og Magnús Magnússon. Auk þeirra virðast nokkrir koma við sögu varðandi afmarkaða þætti, t.d. í kringum handtökur eða skýrslur af vitnum.

Fram hefur komið hjá Erni Höskuldssyni að fram að stofnun Rannsóknarnefndar Reykjavíkur, þegar Karl Schütz kom að málín, hafi einungis tveir rannsóknarlögreglumenn unnið við rannsóknina fyrir utan hann sjálfan og á hann væntanlega við þá Eggert og Sigurbjörn. Jafnframt hafi þáverandi vararíkissaksóknari, Hallvarður Einvarðsson, fylgst með henni frá upphafi og jafnvel verið viðstaddir yfirheyrsur.

Það hefur jafnframt komið fram í óformlegum viðræðum við aðila, sem tengdust Reykjavíkurraðsókninni beint eða óbeint, að fljótlega hafi verið ljóst að rannsóknin væri undirmönnuð og það þyrfti fleiri rannsóknarlöggreglumenn til að annast yfirheyrsur og vinna úr þeim ábendingum sem borist höfðu um hugsanlega sekt eða sakleysi þeirra sem sættu gæsluvarðhaldi. Einhverra hluta vegna hafi ekki verið brugðist við þessu. Þetta atriði hefur ekki verið kannað nánar af undirritaðri sem telur að rannsóknin hafi liðið fyrir þetta. Þetta sjáist m.a. af því að ekki var rætt við alla þá sem þau Erla, Sævar og Kristján sögðu að hafi verið tengd hvarfi Geirfinns.

Þetta virðist hafa vakið athygli fjölmíðla og má í því sambandi vísa til fréttar í Dagblaðinu frá 2. júlí 1976 undir fyrirsögninni “Rannsóknarmönnum fjölgað – fjöldi óákveðinn segir yfirsakadómari”. Í upphafi fréttarinnar er haft orðrétt eftir þáverandi dómsmálaráðherra eftirfarandi: “Það stendur ekkert á því af minni hálfu að rannsóknarmönnum í Geirfinnsmálinu verði fjölgað. Ráðherra eða ráðuneytið getur ekkert í þessu máli gert, það er alveg á valdi yfirsakadómara hvernig þessari rannsókn er háttáð”. Síðan segir í fréttinni að “svo hefur virtzt sem yfirsakadómari, Halldór Þorbjörnsson, teldi ekki þörf á fleiri rannsóknarmönnum í málinu”. Þar næst er haft eftir Halldóri að verið sé að ráða nokkra menn en fjöldi þeirra sé óákveðinn. Hins vegar verði nýir menn “ekki settir í þetta tiltekna mál. Það er frekar að eldri og reyndari starfsmenn hér létti eithvað á sér”.

3.4 Fjarvistarsannanir

Á sama tíma og lögregla var að taka á móti og vinna úr ábendingum á þá Magnús, Sigurbjörn, Valdimar og Einar, virðist sem fjarvistarsannanir þeirra hafi einnig verið rannsakaðar jöfnum höndum.

Varðandi fjarvistarsannanir Magnúsar má nefna skýrslutökur þann 31. janúar, 5 dögum eftir handtöku hans, af tveimur hjúkrunarnemum sem stóðu að dansleik Hjúkrunarnemafélags Íslands í Klúbbnum þann 19. nóvember 1974. Tveimur dögum síðar, eða þann 2. febrúar var tekin skýrsla af Gísla Guðbrandssyni, lögreglumannni, en hann hafði verið á svokallaðri miðavakt í Klúbbnum umrætt kvöld.

Skjöl II/2.8.1 til 2.8.3

Gísli var síðan yfirheyrður aftur þann 13. febrúar. Hann minntist þess ekki að hafa séð Magnús í Klúbbnum umrætt kvöld og var viss um að hann hefði ekki verið viðstaddir uppgjör. Jafnframt greindi hann rannsóknarmönnum frá símtali Sigurbjörns Eiríkssonar við hann um miðnætti þann 26. janúar 1976 þar sem hann spurði Gísla að því hvort hann hefði séð Magnús umrætt þriðjudagskvöld. Jafnframt bað hann Gísla um að hafa ekki orð á þessu samtali við aðra.

Skjal II/2.8.7

Enginn þessara þriggja gat veitt Magnúsi óyggjandi fjarvistarsönnun að áli rannsóknaraðila. Það sama virðist hafa gilt um framburð starfsstúlku í fatageymslu Klúbbsins sem var yfirheyrð þann 11. febrúar að beiðni lögmanns Magnúsar. Hún bar hins vegar um það vitni að hafa séð Magnús um kl. 22:45 í eldhúsi veitingahússins og önnur starfsstúlka hefði afhent honum uppgjörið um kl. 23:30.

Sú starfsstúlka var yfirheyrð sama dag og staðfesti hún að hafa afhent Magnúsi uppgjörið um kl. 23.30. Hún kvaðst muna vel eftir umræddum dansleik þann 19. nóvember 1974 þar sem nokkru seinna kom fram leirmynd af manni vegna hvarfs Geirfinns Einarssonar. Skömmu síðar fór hún að heyra alls konar sögur um það hver sá maður væri, sem leirmyndin væri af, og heyrði hún m.a. að Magnús Leópoldsson væri kallaður “Leirfinnur”.

Skjöl II/2.8.3 og 2.8.4

Einnig má nefna ábendingu Magnúsar sjálfss um að hann hefði hugsanlega verið á fundi hjá Junior Chambers kvöldið sem Geirfinnur hvarf. Þetta var kannað dagana 6. og 7. febrúar 1976 og kom í ljós að svo hafði ekki verið. Jafnframt var tekin skýrsla þann 1. mars 1976 vegna hugsanlegrar fjarvistarsönnunar sem Magnús taldi að Katrín Þorkelsdóttir gæti veitt. Þar reyndist hins vegar skeika einum degi.

Þann 10. apríl 1976 var síðan tekin skýrsla af Björgu Valsdóttur, eiginkonu Magnúsar Leópoldssonar. Í henni greinir hún frá því að Magnús hafi farið í vinnu í veitingahúsið Klúbbinn um kvöldið 19. nóvember 1974 og taldi hún að það hafi verið um kl. 21:00 að hann fór að heiman. Hins vegar man hún ekki hvenær hann kom heim en hugsanlega var hún þá sofnuð.

Skjal II/2.8.12

Auk þessa var þann 30. apríl 1976 rætt við einn af meðlimum hljómsveitarinnar Kaktus en hún lék í Klúbbnum þriðjudagskvöldið 19. nóvember 1974. Minnti hann fastlega að Magnús hefði gert upp við hann í "pásu" þetta sama kyöld.

Skjal II/2.8.13 — ~~koma með leviðum "19/11" fyr með kerfum 12/11~~

19 //
11 //

Í yfirheyrslu þann 26. nóvember sl. kvaðst Örn Höskuldsson, fyrrverandi fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík, ekki muna neitt sérstaklega eftir fjarvistarsönnunum Magnúsar eða annarra í málínu. Hann taldi hins vegar að löggreglumenn, sem unnu að rannsókn málsins, hljóti að hafa kannað hvort þær stæðust jafnóðum og slíkar vísbendingar komu fram. Hann sagði jafnframt að mikil vinna hafi verið lögð í þetta af hálfu rannsóknaraðila og hann fullyrðir að ef fjarvistarsannanir hefðu komið fram hefði viðkomandi verið sleppt þegar í stað.

Af gögnum málsins má ráða að erfiðlega hafi gengið að staðreyna fjarvistarsannanir fjórmenninganna en fyrir utan Magnús var töluverð vinna lögð í að sannreyna fjarvistir Einars Gunnars Bollasonar. ~~Það var ekki fyrr en hann lýsti fyrir rannsóknarmönnum þann 10. mars 1976 innihaldi sjónvarpsþáttar sem hann horfði á umrætt þriðjudagskvöld að rofa tók til í þeim málum en þrátt fyrir það voru þeir ekki látnir lausir fyrir en um 2 mánuðum síðar.~~

Rétt þykir einnig að gera grein fyrir sakbendingu sem fór fram þann 18. febrúar 1976. Þar var Magnús láinni standa í röð með 6 öðrum mönnum. Vitnin úr Hafnarbúðinni, þær Guðlaug Konráðs Jónasdóttir og Ásta Grétarsdóttir, voru síðan látnar skoða mennina án þess að vita að Magnús væri meðal þeirra. Ásta benti á löggreglusknóanema og sagði hann líkastan þeim manni sem kom inn í Hafnarbúðina. Guðlaug benti hins vegar á Magnús og sagði hann voðalega líkan umræddum manni. Þar sem svo langt er um liðið gæti hún hins vegar alls ekki fullyrt að um sama mann væri að ræða þó svo þessi maður væri slánlega líkur honum. Hún vissi hins vegar ekki til þess að hafa nokkurn tímann séð Magnús.

Skjal II/3.2.2

Aðspurður um athugun rannsóknaraðila á fjarvistarsönnunum sagði Valdimar Olsen í skýrslutöku hjá undirritaðri að hann hafi í fyrstu talið að hann hafi verið á samkomu umrætt kvöld þegar Geirfinnur hvarf. Við nánari athugun rannsóknaraðila á þessu kom í ljós að þarna skeikaði einni viku. Hins vegar kom í ljós, þegar dagbók hans var skoðuð, að Valdimar hafði unnið ákveðinn tímafjölda þann dag í bókhaldi Þórskaffis, þ.e. eftir reglulegan vinnudag, væntanlega um kvöldið. Þrátt fyrir það vildu rannsóknaraðilar ekki taka mark á þessu þar sem þeir töldu alveg eins víst að Valdimar hefði búið þetta til í dagbókinni.

Í ítarlegri yfirlitsskýrslu Eggerts N. Bjarnasonar, rannsóknarlöggreglumanns, frá 10. mars 1976 er m.a. vikið að könnun fjarvistarsannana. Þar stendur orðrétt: "Að sjálfsögðu hefur rannsókn málsins beinst að ýmsu fleiru, en beinum yfirheyrslum yfir

aðilum málsins, og þá ekki síst að hugsanlegum fjarvistarsönnunum þeirra Einars, Valdimars, Magnúsar og Sigurbjörns á þeim tíma, er síðast var vitað um ferðir Geirfinns Einarssonar í Keflavík. Margir aðilar hafa í því sambandi verið yfirheyrðir og gefið skriflegar skýrslur, eða rætt hefur verið við aðila". Síðan er gerð grein fyrir þessum hugsanlegu fjarvistarsönnunum og hvað kom út úr athugunum á þeim.

Skjal II/3.3.22 (bls. 3)

Á bls. 5 í sömu skýrslu segir jafnframt eftirfarandi: "Þann tíma, sem rannsókn þessa máls hefur nú staðið, hafa rannsóknarlöggreglunni borist margskonar upplýsingar og ábendingar varðandi hugsanleg tengsl gæsluvarðhaldsfanganna við smygl á áfengi. Við höfum kannað eftir því sem tími og aðstæður hafa leyft raunverulegt gildi þessara upplýsinga og ábendinga".

Á bls. 7 segir enn frekar varðandi þessi mál: "Þá hefur langt frá því reynst gerlegt að kanna til hlítar ýmsa þætti áfengiskaupa þeirra Magnúsar og Valdimars, það er kaupa þeirra á smygluðu áfengi". Einnig er gerð grein fyrir könnun á þeim orðrómi "að á bújörðum austan fjalls, sem Sigurbjörn Eiríksson annað hvort mun eiga, eða hefur að einhverju leyti umráð yfir, hafi verið meðhöndlað áfengi og þá aðallega spíritus auk þess sem orðrómur um bátaeign hans var könnuð.

Í niðurlagi skýrslunnar er síðan gerð grein fyrir athugun á fjármálum Lækjarmóta hf., sem rak Klúbbinn, svo og á fjármálum þeirra Sigurbjörns, Magnúsar og Valdimars. Þar er einnig fjallað um umfangsmikil kaup á áfengi fyrir veitingahúsin Glaumbæ og Klúbbinn sem heimildarmaður löggreglu taldi að hafi ekki verið rannsakað í svokölluðu Klúbbmáli.

Varðandi könnun á fjármálum Lækjarmóta hf. er rétt að taka það fram að lítil sem engin ummerki eru um þessa könnun meðal gagna Geirfinnsmálsins. Um þessa könnun er hins vegar fjallað í frétt sem birtist Morgunblaðinu þann 20. maí 1976 undir fyrirsögninni "Umfangsmikil könnun á bankaviðskiptum Klúbbsins í gangi". Í henni kemur fram að Seðlabanki Íslands hóf nokkrum dögum fyrr könnun á bankaviðskiptum Klúbbsins og veitingamannanna sem reka staðinn. Í þeiri rannsókn, sem var að beiðni Sakadóms Reykjavíkur, yrði m.a. kannað hvort tékkaviðskipti þessara aðila tengdust aðilum Geirfinnsmálsins.

3.5 Tölvuvinnsla Reykjavíkurannsóknarinnar

Eins og áður hefur komið fram í þessari skýrslu virðist sem tölvur hafi verið notaðar af rannsóknarlöggreglunni í Reykjavík og rannsóknarnefnd Reykjavíkur. Meðal fyrilliggjandi gagna eru nokkrar ófullkomnar útprentanir og virðist sem sumar þeirra hafi verið prufur. Einnig eru til staðar segulbond og disklingar sem munu innihalda tölvutækar upplýsingar. Svo virðist sem þessi tölvuvinnsla hafi átt sér stað á fyrri hluta árs 1977 (skráning inntaksgagna) ef marka má dagsetningar á þessum útprentunum. Hins vegar liggar ekki fyrir hver hafi tekið ákvörðun um þessa tölvuvinnslu eða hverju hún skilaði og ekki er að sjá að notast hafi verið við þetta í dómsmeðferð málsins. Í formála að lokaskýrslu rannsóknarlöggreglu er þó minnst á að skjölum fylgi nafnalisti í stafrófsröð (tölvu-útskrift) sem sýnir blaðsíðatal viðkomandi skjala.

Þess skal getið að auk ófullkomina útprentana, sem Baldwin Einarsson löggreglufulltrúi studdist við þegar hann gerði yfirlit yfir þau gögn sem vantar úr Keflavíkurannsókninni, eru til staðar segulbond og disklingar sem innihalda væntanlega sömu upp-

lýsingar á tölvutæku formi. Hins vegar hefur ekki verið lögð nein vinna í að kanna hvort hægt sé að nýta þessi gögn enda er vélbúnaður sá, sem segulböndin og disklingar pössuðu við, tæplega til lengur.

3.6 Komur Kristjáns og Hauks í Síðumúlafangelsi

Fram hafa komið ábendingar hjá Magnúsi Leópoldssyni um komur Kristjáns Péturs-sonar í Síðumúlafangelsi á meðan hann sætti þar gæsluvarðhaldi. Aðspurður um þetta kvaðst Kristján ekki minnast þess að hafa komið í Síðumúlafangelsi eftir að rannsókn Geirfinnsmálsins hófst hjá rannsóknarlöggreglunni í Reykjavík og kvaðst reyndar ekki heldur hafa komið að rannsókn málsins eftir þann tíma. Hann vildi þó ekki útiloka að hann hefði komið í Síðumúlafangelsið í öðrum erindagjörðum alls óskyldum Geirfinnsmálínus.

Haukur Guðmundsson kvaðst hins vegar hafa komið einu sinni í Síðumúlafangelsið skömmu eftir að Reykjavíkurraðsnokninn hófst í tengslum við báta sem hann átti að kanna suður með sjó. Hann gerði hins vegar lítið í málínu og kom ekkert nálægt Reykjavíkurraðsnokninni að öðru leyti. Aðspurður minntist Haukur þess ekki að hafa komið oftar í Síðumúlafangelsið á þeim tíma og minntist þess ekki að hafa verið með fanga í haldi á þeim stað. Eftir að honum hafði verið bent á að samkvæmt dagbók Síðumúlafangelsis hafi hann komið þangað nokkrum sinnum í upphafi Reykjavíkurraðsnoknarnarinnar kvaðst hann ekki minnast þess en taldi þó hugsanlegt að hann hafi verið að heimsækja kunningja sinn, Gunnar Guðmundsson, fangavörð.

Valtý Sigurðssyni var í skýrslutöku bent á að Haukur Guðmundsson hefði komið í Síðumúlafangelsi eftir að Magnús Leópoldsson var úrskurðaður í gæsluvarðhald. Hann kveðst ekki vita tilefnið en taldi að þeir aðilar, sem tóku þátt í Keflavíkurraðsnokninni, hafi ekki haft nein áhrif á gang rannsóknarnarinnar í Reykjavík, það var út-lokað að hans mati þar sem þeir hefðu ekki haft neina aðstöðu til þess og engar for-sendur.

Eggert N. Bjarnason minntist þess ekki að Haukur hefði komið í Síðumúlafangelsið á meðan á rannsókninni stóð í Reykjavík. Hvort Haukur hefði komið að rannsókninni í Reykjavík vildi hann heldur ekki fullyrða neitt um. Einnig kvaðst Eggert aldrei hafa lesið öll gögn málsins þannig að hann hefur ekki heildaryfirsýn yfir alla þætti þess. Sérstaklega aðspurður minntist Eggert þess ekki að Haukur hefði tekið þátt í upphafi rannsóknarnarinnar í Reykjavík en slíkt hlyti að koma fram í gögnum að hans mati.

Eggert var bent á að samkvæmt dagbókum Síðumúlafangelsis kom Haukur Guðmundsson þó nokkuð oft þangað í upphafi rannsóknarnarinnar í Reykjavík. Hann ítrekaði að hann myndi ekki eftir Hauki í Síðumúlafangelsinu en taldi dagbækurnar hljóta að vera réttar hvað þetta varðaði.

Nánar aðspurður um Hauk og afskipti hans af rannsókninni í Reykjavík sagði Eggert að sú rannsókn hefði verið grundvölluð á framburðum þeirra Erlu, Sævars og annarra sem yfirheyrð voru í málínu. Hann taldi sig muna að áhersla hefði verið lögð á að rannsókn rannsóknarlöggreglunnar í Reykjavík væri sjálfstæð rannsókn, aðskilin frá rannsókninni sem átti sér stað í Keflavík. Hins vegar mundi hann ekki ástæðuna fyrir þessu en almannarómur var um að sú rannsókn hefði verið rekin of mikið í fjölmölnum. Taldi því Eggert að þetta kynni að hafa haft einhver áhrif á þessa ákvörðun þótt hann vildi ekkert fullyrða um það.

Þess má einnig geta að Hallvarður Einvarðsson kvaðst aðspurður ekki vita hvort Kristján Pétursson og Haukur Guðmundsson hefði komið að rannsókn Geirfinnsmálsins eftir að hún hófst að nýju hjá rannsóknarlöggreglunni í Reykjavík í janúar 1976.

3.7 Sjálfstæð frásögn af málsatvikum

Erni Höskuldssyni var kynnt að samkvæmt framburði Magnúsar Leópoldssonar frá 7. nóvember sl. telji hann að ekki hafi verið gætt nægilega að því að menn væru með sjálfstæða frásögn af málsatvikum. Sem dæmi hafi hann í samtölum við rannsóknarlöggreglumenn komist að ýmsu þannig að hann gat farið að raða saman hverju væri haldið fram um hann sjálfan í málinu. Þannig gátu upplýsingar borist milli manna, sem voru í gæsluvarðhaldinu í gegnum þá sem fóru með rannsókn málsins.

Örn taldi þetta vera rangt hjá Magnúsi. Hann kvaðst hafa þekkt umrædda löggreglumenn einungis sem vandvirka starfsmenn sem vissu hvað væri rétt í þessum efnum. Nánar um þetta sagði Örn að yfirheyrlur hefðu farið fram í yfirheyrsluherbergjum en hins vegar kom það fyrir að fangar óskuðu eftir stuttum viðtölum og einnig gerðist það að rannsóknaraðilar fóru inn í klefa til þeirra til að kanna nánar tilefnið. Jafnframt fóru rannsóknarmenn inn í klefa til fanganna til að kanna hvernig þeir hefðu það og minntist hann þess að hafa farið a.m.k. einu sinni til Magnúsar Leópoldssonar í slikum erindagjörðum.

Þetta atriði var einnig borið undir Sigurbjörn Víði Eggertsson og sagði hann þetta vera rangt hjá Magnúsi. Hann sagði gögn Geirfinnmálsins bera það með sér að um samantekin ráð hafi verið að ræða að bera rangar sakir á Magnús og fleiri aðila til að rugla rannsóknaraðila. Kærðu í málinu, Sævar, Erla og Kristján Viðar hefði játað þetta og lýst nákvæmlega, bæði í rannsókninni og fyrir dómtólum.

Eggert N. Bjarnasyni, fyrrverandi rannsóknarlöggreglumaður, sagði þessa frásögn Magnúsar Leópoldssonar koma sér underlega fyrir sjónir. Þarna væri Magnús væntanlega að kvarta yfir því að einangrunin hafi ekki verið nægjanleg. Eggert tók það hins vegar fram að hann minnist þess ekki að hafa yfirheyrt Magnús. Hann taldi það þó af og frá að framburður sakborninga hafi myndast með þessum hætti, eins og Magnús lýsir í framburði sínum, heldur hafi verið um sjálfstæða frásögn að ræða af þeirra hálfu. Hvað sakborningarnir sögðu og hugsuðu gat hann að sjálfsögðu ekki haft nein áhrif á.

Nánar um þetta benti Eggert á að mikil áhersla hefði verið lögð á að fyrirbyggja að sakborningar hefðu samband sín á milli. Lögfræðingar, prestur, læknir og fangaverðir höfðu hins vegar samskipti við fangana auk starfsmanna rannsóknarinnar. Hann hafði hins vegar enga ástæðu til að ætla að þessir aðilar hafi komið upplýsingum á milli sakborninganna vitandi eða óafvitandi. Varðandi þá spurningu hvers vegna Magnúsi var haldið svona lengi í gæsluvarðhaldi kvaðst Eggert lítið sem ekkert vita.

Áðurgreindur framburður Magnúsar um að ekki hafi verið gætt nægilega að því að menn væru með sjálfstæða frásögn af málsatvikum var einnig borinn undir Hallvarð Einvarðsson sem kvaðst ekkert vita um þetta. Hann benti hins vegar á að það gerðist í rannsóknum að við yfirheyrlur og síðari samprófunum mega aðilar oft ráða í framvindu rannsóknarinnar.

Um framkomu rannsóknaraðila sagði Valdimar Olsen að almennt hafi framkoma þeirra verið í lagi. Þó hafi í eitt skipti verið frekar hávær yfirheyrsla yfir honum og reyndar hafi þær verið fáar og stopular. Einnig kom fram hjá Valdimar að hann hefði haft lítil en kurteisleg samskipti við fangaverðina en þeir sögðu lítið við hann og nánast ekkert um málið.

Í þessu sambandi minntist Valdimar atviks í tengslum við samskipti sín við fangaverðina. Það var í eitt skipti að hann bað um að fá að ræða við réttargæslumann sinn, Jón Gunnar Zoëga, og reyndar hafði sá réttur verið sérstaklega tekinn fram við hann af hálfu rannsóknaraðila. Þá kom yfirfangavörðurinn í Síðumúlafangelsi inn á klefa til hans og vildi vita hvað hann vildi löggmanninum. Við það tækifæri benti hann Valdimar á að játa að hann hefði verið "suður með sjó" eða eitthvað í þeim dír. Þetta orðalag datt upp úr Valdimar í næstu yfirheyrslu. Töldu þá yfirheyrendur það benda eindregið til sektar hans en þegar hið sanna kom í ljós fór Sigurbjörn Víðir fram og fékk þetta staðfest hjá yfirfangaverðinum. Valdimar sagði að þetta hefði verið það eina sem hann komst að með óbeinum hætti hvað væri að gerast í málínu. Hann hafði þó einhverja hugmynd um hverjir aðrir höfðu verið handteknir en gat ekki tengt það neinu sérstöku atviki.

Einar kvaðst ekki hafa sömu sögu að segja og Magnús Leópoldsson varðandi framkomu rannsóknaraðila. Fram kom hjá honum að rannsóknarlöggreglumenn hefðu verið nærgætnir í allri framkomu við hann á meðan hann sætti gæsluvarðhaldi. Hins vegar leið oft töluverður tími milli þess sem hann var yfirheyrður, jafnvel margar vikur. Um fangaverðina sagði hann að þeir hefðu reynt að vingast við hann á meðan á gæsluvarðhaldinu stóð. Hvort það var til að fá hjá honum upplýsingar eða játningu eða hvort það var með vitund eða vilja rannsóknaraðila kvaðst Einar ekki vita.

Einar kvaðst aldrei hafa getað áttað sig á því, í samtölum við fangaverði eða rannsóknaraðila, hvað væri að gerast í málínu. Hann taldi að einhverjir, væntanlega fangaverðirnir, hafi sagt honum að hinir væru búinir að játa, það væri því best fyrir hann að gera það sama. Nánar um þetta sagði Einar að það hafi alls ekki verið rannsóknaraðilarnir sem sögðu þetta.

Einar tók fram í lok skýrslutökunnar að miðað við alvarleika málsins, þ.e. að hann væri grunaður um aðild að hvarfi manns, hefði það verið með ólíkindum hversu sjaldan var talað við hann á meðan á gæsluvarðhaldi stóð. Eftir á að hyggja finnist honum þetta einkennilegast við þessa rannsókn.

3.8 Prýstingur á rannsóknaraðila

Í skýrslutöku þann 7. nóvember 2001 kvaðst Magnús Leópoldsson fljótlega hafa áttað sig á því að rannsóknaraðilar gerðu sér grein fyrir því að eitthvað meira en lítið væri að hvað snerti sakargiftirnar á hendur honum. Hann hafi fengið þetta staðfest þegar Örn Höskuldsson, fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík, kom inn í fangaklefa til hans. Hvenær þetta var nákvæmlega mundi Magnús ekki en hann minntist þess að búið var að úrskurða hann tvisvar í gæsluvarðhald.

Að sögn Magnúsar kom fram hjá Erni að hann vildi hjálpa honum að losna úr gæsluvarðhaldinu. Hins vegar vissi hann ekki hvað hann ætti að segja sínum yfirmönnum.

Þarna virtist vera spurning um hvernig rannsóknarmenn gætu bjargað sér úr þeirri klípu að hafa handtekið hann saklausan.

Nánar um þetta sagði Magnús að hann hefði skynjað það, þegar líða tók á gæsluvarðhaldið, að rannsóknaraðilar væru í vandræðum með hann. Virtist vera sem þeir væru búrir að missa áhuga á honum og þurfti hann ítrekað að reyna að afla sér upplýsinga um gang rannsóknarinnar þar sem nánast engar formlegar skýrslur voru teknar af honum allt gæsluvarðhaldið.

Eins og áður hefur komið fram telur Magnús að af þessu megi draga þá ályktun að rannsóknarmönnum hafi fljótlega verið orðið ljóst að hann væri ekki viðriðinn hvarf Geirfinns heldur væri hann einungis þarna í geymslu til að þjóna einhverjum öðrum hagsmunum en þeim sem heimila það að mönnum sé haldið í gæsluvarðhaldi. Magnús sagði jafnframt í þessu sambandi að sér væri minnisstætt að fram hafi komið í viðræðum við rannsóknarmenn að slíkt ástand væri úti í þjóðfélaginu að öruggara væri fyrir hann að vera í fangelsi, hann væri þar meira verndaður.

Erni Höskuldssyni var kynntur áðurgreindur framburður Magnúsar. Hann mundi ekki eftir þessari heimsókn inn á klefa til Magnúsar og kvaðst reyndar vera viss um að hafa aldrei sagt þetta við Magnús. Hvað varðar skynjun Magnúsar á því, þegar líða tók á gæsluvarðhaldið, að rannsóknaraðilar væru í vandræðum með hann, kvaðst Örn ekki geta tjáð sig um skynjun Magnúsar á þessum tíma.

Valdimar Olsen mundi ekki ástæður þess að síðasti gæsluvarðhaldsúrskurðurinn yfir honum var ekki kærður til Hæstaréttar. Hann minntist ekki heldur neinna samninga milli réttargæslumanna og rannsóknaraðila til að flýta fyrir lausn hans eða annarra úr gæsluvarðhaldi. Hann hafði þar að auki enga sérstaka skýringu á því hvers vegna hann var svona lengi í gæsluvarðhaldi. Eftir á að hyggja sýnist honum að rannsóknin hafi á þeim tíma verið undirmönnuð, það hafi verið að mestu tveir rannsóknarlög-reglumenn, þ.e. þeir Sigurbjörn og Eggert, sem voru að rannsaka málið ásamt Erni Höskuldssyni, fulltrúa yfirsakadómara.

Einar Bollason taldi að það hefði verið rétt áður en gæsluvarðhaldið var framlengt í þriðja og síðasta skiptið að farið var með hann í húsnæði Ríkissjónvarpsins. Þar var honum sýnt brot úr dagskrá Sjónvarpsins þriðjudagskvöldið 19. nóvember 1974. Það var til þess að hann gæti áttað sig á því hvað hefði verið á dagskrá það kvöldið. Í ljós kom að hann mundi eftir fræðsluþætti um Hálandaleikana og telur Einar að þá hafi rannsóknaraðilar efst stórlega um aðild hans að málín.

Að sögn Einars hefðu þó ekki allir verið sannfærðir um sakleysi hans þegar honum var að lokum sleppt úr gæsluvarðhaldinu. Hann kveðst minnast orða sem Hallvarður Einvarðsson, þáverandi vararíkissaksóknari létt falla í þinghaldi í Síðumúlafangelsi. Þar sagði hann eitthvað á þessa leið: "Ekki halda að þú sért sloppinn, þú skalt ekki halda að þetta sé búið". Hins vegar kom það fram hjá Einari að hjá honum væri engin óvild í garð rannsóknaraðila þar sem hann áttaði sig fljótlega á því að þeir gátu engu um ráðið. Hann er þó enn mjög ósáttur við forsendur síðustu framlengingarinnar yfir honum. Hallvarður var þá enn sannfærður um sekt hans í málinu, þrátt fyrir áðurgreinda fjarvistarsönnun, og þrátt fyrir alla brestina sem komnir voru í þessar ásakanir á hendur honum. Hann fann það hins vegar á Erni að honum var greinilega brugðið

vegna framvindu málsins. Þetta kom fram í þeirra samskiptum þegar Örn ók honum heim eftir að honum var sleppt úr haldi.

Aðspurður kvaðst Einar muna eftir þeirri umræðu að það borgaði sig ekki að kæra síðasta gæsluvarðhaldsúrskurðinn til Hæstaréttar, það myndi bara tefja málið enn frekar. Hann segir að réttargæslumaður hans, Ingvar Björnsson, hafi komið inn á klefa til hans og ráðlagt honum að ganga að þessu.

Hallvarður Einvarðsson var spurður um ástæðu þess hvers vegna Magnús hefði verið svona lengi í gæsluvarðhaldi og sagði hann það hafa verið mat dómkóða. Honum var bent á að samkvæmt bréfaskrifum núverandi lögmanns Magnúsar Leópoldssonar hefði þrýstingur frá fjöldum haft áhrif á það hversu lengi Magnús var í gæsluvarðhaldi. Hallvarður taldi hins vegar að fjöldum hefðu ekki haft nein áhrif á þetta.

Hallvarður var jafnframt spurður um samninga þess efnis að síðasti gæsluvarðhaldsúrskurðurinn yfir Magnúsi Leópoldssyni yrði ekki kærður til Hæstaréttar Íslands. Hann kvaðst ekki minnast þessa og sagði að Magnús hefði verið með valinkunnan hæstaréttarlögmenn sér til aðstoðar, Hafstein Baldvinsson, og hann efist stórlægum að Hafsteinn hefði farið að taka þátt í slíku. Nánar um þetta taldi Hallvarður að hann hefði verið viðstaddir einhver þinghöld þar sem mönnum var sleppt úr haldi en hann minntist ekki slíkra samninga.

Hallvarður tók það fram varðandi skilyrði gæsluvarðhalds og gæsluvarðhaldstíma á þessum tíma að gæsluvarðhald var stundum lengra en síðar hefur tilkast. Í þessu sambandi vísaði hann til greinar Jóns H. Snorrasonar um tíðni gæsluvarðhaldsúrskurða og lengd gæsluvarðahaldstíma í Úlfliði. Jafnframt þessu undirstrikaði Hallvarður að réttarfari hefði verið með öðrum hætti í tíð Geirfinnsmálsins en í dag.

3.9 Lokaskýrsla rannsóknarnefndar Reykjavíkur

Ljóst var að jafnvel áður en rannsóknarnefnd Reykjavíkur lauk störfum myndu koma upp efasemdir um niðurstöður þeirrar rannsóknar. Á bls. 4 í ódagsettu og óundirrituðu eintaki lokaskýrslu rannsóknarnefndar Reykjavíkur er að finna eftirfarandi: "Eitt af því sem gæti gert mál þetta erfitt viðfangs er að eftir að niðurstaðan verður tilkynnt t.d. í fjöldum, munu hugsanlega alls konar vangaveltur vekja efasemdir um árangurinn eða efla þær, en slíkt gæti e.t.v. haft áhrif á þau yfirvöld sem munu fást áfram við málið. Reynslan hefur sýnt að afbrot, sem langt er um liðið síðan þau voru framin, eru ákjósanlegur jarðvegur fyrir slíkt, **en einnig áhrifagirni margra þegna þessa lands**".

Í lok sömu skýrslu (á bls. 96) er fjallað um "hliðarverkanir" málrannsóknarinnar. Þar er m.a. fjallað með eftirfarandi hætti um "pokamálið" svokallaða sem áður hefur verið minnst á. Þar segir orðrétt: "Kristján Viðar Viðarsson hefur stundum við yfirheyrlur nefnt það að hann hafi í águst / september 1974 drepið einn mann heima hjá sér á Grettisgötunni í viðurvist Sævars og Tryggva Rúnars. Hann segist hafa slegið hann til bana með járni. Við nánari athugun gæti komið til greina að hér væri um að ræða Villy Petersen frá Færeyjum sem hvarf um þetta leyti og ekkert hefur spurst til síðan. Samkvæmt frásögn Kristjáns á amma hans að hafa hlutað líkið í sundur í kjallaranum og síðan var það flutt innvafið í segldúk í bifreið Alberts Klahn Skaftasonar. Frásögn Kristjáns er mjög vafasöm, en þó mun þetta mál verða rannsakað nánar."

Reyndar má nefna að samkvæmt gögnum, sem er að finna með málsgögnum Geirfinnsmálsins, mun Kristján Viðar einnig hafa viðurkennt að hafa drepið einn mann til viðbótar. Um var að ræða ungan mann sem hvarf eftir dansleik í Klúbbnum. Ekkert meðal gagna bendir til þess að þessar játningar hafi verið rannsakaðar frekar eftir að rannsókn Geirfinnsmálsins lauk.

3.10 Niðurstöður rannsóknartilviks 3

Ljóst er að fljótlega eftir handtöku Magnúsar Leópoldssonar barst rannsóknaraðilum fjöldi ábendinga er varðar Magnús eða Klúbbinn beint eða óbeint. Þessar ábendingar héldu jafnvel áfram að berast eftir að Magnús var laus úr gæsluvarðhaldi. Einnig má minnast þess í þessu sambandi að þess eru einnig dæmi að einn sakborninga Geirfinnsmálsins hafi haldið áfram að bera sakir á saklausa menn eftir að gæsluvarðhaldi þeirra lauk.

Svo virðist sem rannsóknin hafi verið undirmönnuð fram á sumar 1976 þegar ákveðið var að stofna Rannsóknarnefnd Reykjavíkur. Fram að því sáu örfáir menn um að yfirheyra bæði endanlega sakborninga Geirfinnsmálsins sem og þá sem hreptir voru í gæsluvarðhald á grundvelli framburða þeirra. Þar að auki tóku þeir við og unnu úr þeim ábendingum sem bárust. Málið ber það hins vegar með sér að fljótlega eftir handtöku þeirra Magnúsar, Sigurbjörn, Einars og Valdimars hafi verið leitast við að kanna hugsanlegar fjarvistarsannanir þeirra.

Ekkert bendir til þess að Kristján Pétursson, deildarstjóri tollgæslunnar á Keflavíkurflugvelli, hafi komið í Síðumúlafangelsi á meðan Magnús Leópoldsson sat þar í gæsluvarðhaldi. Þess eru hins vegar dæmi að Haukur Guðmundsson, rannsóknarlögreglumaður í Keflavík, hafi komið þangað í byrjun Reykjavíkurrannsóknarinnar. Sjálfur telur Haukur að hann hafi verið að heimsækja starfsmann fangelsisins en hafa ber í huga að hann aðstoðaði rannsóknaraðila í Reykjavík til að byrja með, t.d. við könnun á eignarhaldi báta á Suðurnesjum. Í ljósi þessa myndi það vart teljast óeðlilegt að hann hafi komið í Síðumúlafangelsið á þeim tíma.

Fram hefur komið hjá Magnúsi Leópoldssyni að hann telji að ekki hafi verið gætt nægilega að því að menn væru með sjálfstæða frásögn af málsatvikum en sjálfur hafi hann í samtölum við rannsóknarlögreglumenn komist að ýmsu um málið. Þannig gat hann raðað saman hverju væri haldið fram um hann sjálfan. Vegna þessa gátu upplýsingar borist milli manna, sem voru í gæsluvarðhaldinu í gegnum þá sem fóru með rannsókn málsins. Rannsóknaraðilar eru ósammála Magnúsi hvað þetta varðar og bent hefur verið á að það hafi verið samantekin ráð hjá þeim Erlu, Sævari og Kristjáni Viðari að bera rangar sakir á Magnús og fleiri til að rugla rannsóknaraðila. Hins vegar telur undirrituð gögn benda til þess að fangaverðir hafi farið út fyrir sitt verksvið og jafnvel yfirheyrt fanga eða reynt að fá þá með orðum til að játa. Ekkert nýtt hefur hins vegar komið fram varðandi ætlað harðræði gagnvart föngunum.

Mikill þrýstingur, bæði frá fjölmöldum og stjórnálamönnum, virðist hafa verið á rannsóknaraðila. Án efa hefur það haft áhrif á gang mála. Hins vegar telur undirrituð að þessi þrýstingur hafi ekki valdið því að Magnús var úrskurðaður í gæsluvarðhald og ekki haft áhrif á lengd þess. Þar hafi mat dómkostóla á rannsóknarhagsmunum í málínu einfaldlega ráðið. Þá er ljóst að þegar síðasti gæsluvarðhaldsúrskurðurinn var kveðinn upp yfir Magnúsi hafi réttargæslumaður hans ráðlagt honum að kæra hann ekki til Hæstaréttar.

VIII. Lokaniðurstöður rannsóknarinnar

Rannsóknartilvik 1 – Aðdragandi þess að gerð var leirmynd, sem byggð var á lýsingu vitna á manni sem kom í Hafnarbúðina í Keflavík þann 19. nóvember 1974, og hvernig var staðið að gerð hennar.

Undirrituð telur að umrædd leirmynd hafi verið gerð eftir fyrirsögn sjónarvotta þótt ekki sé ljós þáttur eins þeirra, Guðlaugar Konráðs Jónasdóttur, við þá vinnu. Leirmyndin var m.a. gerð á grundvelli teikninga sem höfundur hennar hafði þegar gert eftir lýsingu sjónarvotta. Ekkert hefur komið fram við rannsóknina sem bendir til þess að rannsóknaraðilar í Keflavík hafi ætlað að láta leirmyndina líkjast Magnúsi Leópolddssyni enda enginn sjáanlegur tilgangur með slíku. Ef löggreglan hefur á þeim tímapunkti grunað Magnús um að vera manninn í Hafnarbúðinni hefði verið mun auðveldara fyrir löggreglu að fá úr því skorið með löglegum og venjubundnum aðferðum.

Rannsóknartilvik 2 – Tildrog þess að nafn Magnúsar Leópoldssonar kom fram í rannsókn á Guðmundar- og Geirfinnsmálum sem leiddi til handtöku hans í janúar 1976.

Ljóst er að Klúbburinn kom við sögu strax á fyrstu dögum Keflavíkur rannsóknarinnar þegar í ljós kom að Geirfinnur Einarsson hafði farið þangað einungis tveimur kvöldum fyrir hvarf sitt og rætt þar við óþekktan mann. Í ljósi þessa lagði löggreglan í Keflavík töluverða áherslu á að ná tali af manninum og lýsti m.a. eftir honum í fjöldum.

Það er einnig ljóst að nafn Magnúsar Leópoldssonar kom snemma við sögu í rannsókn löggreglunnar í Keflavík á hvarfi Geirfinns Einarssonar. Hvort það var fyrir birtingu leirmyndarinnar er erfitt að fullyrða en þó hefur löggreglumaður í Keflavík borið vitni um það. Hins vegar er ljóst að löggreglan í Keflavík lagði mikla vinnu í að rannsaka allar hugsanlegar vísbindingar um hvarfið en einbeitti sér ekki að Magnúsi Leópolddssyni eða öðrum þeim sem tengdust rekstri Klúbbsins.

Einnig liggar fyrir í málinu að strax í ársbyrjun 1975 var það mikill orðrómur á kreiki um ætlaða aðild Sigurbjörns Eiríkssonar og Magnúsar Leópoldssonar að hvarfi Geirfinns Einarssonar að þeir sáu sig tilknúna til að rita dómsmálaráðherra tvívegis bréf vegna þessa í febrúarmánuði. Það eru hins vegar framburðir Sævars Marinós Ciesielski, Erlu Bolladóttur og Kristjáns Viðars Viðarssonar, um ætlaða aðild Magnúsar Leópoldssonar og annarra að hvarfi Geirfinns Einarssonar, sem leiddu til þess að Magnús var handtekinn ásamt fleirum og úrskurðaður í gæsluvarðhald. Við þá málsmiðferð var stuðst við framburði Sævars, Erlu og Kristjáns en ekki við þann orðróm og söguburð sem þremenningarnir virðast hafa nýtt sér við að flækja Magnúsi og fleirum saklausum mönnum inn í málið.


Það skal tekið fram að þrátt fyrir að ýmislegt bendi til að fangaverðir í Síðumúla-fangelsi hafi með skipulögðum hætti rætt við sakborninga um málið, og jafnvel yfirheyrт þá, virðist sem upphafleg frásögn Erlu og Sævars þann 21. janúar 1976 um sjóferðina sé frá þeim sjálfum komin.

Rannsóknartilvik 3 – Ástæður þess að gæsluvarðhaldsvist Magnúsar Leópoldssonar stóð svo lengi sem raun varð í ljósi þeirra gagna sem þá lágu fyrir í málinu.

Ekki er annað að sjá en að litið hafi verið til mjög ríkra rannsóknarhagsmunu við rannsókn á alvarlegu sakarefni þegar Magnús Leópoldsson var úrskurðaður í gæsluvarðhald og það sama hafi verið haft til hliðsjónar þegar gæsluvarðhaldið yfir honum var framlengt. Hins vegar hefur komið fram að við síðasta úrskurð hafi orðið um það samkomulag milli réttargæslumanns Magnúsar og hans sjálfs að kæra ekki þann úrskurð til Hæstaréttar enda var þá talið að Magnús yrði einungis í haldi í nokkra daga í viðbót.

Ljóst er að allan tímann á meðan Magnús sætti gæsluvarðhaldi og jafnvel eftir að hann var láttinn laus voru rannsóknaraðilum að berast ábendingar er tengdust Magnúsi beint eða óbeint. Á sama tíma báru endanlegir sakborningar þá Magnús, Sigurbjörn, Einar og Valdimar ítrekað sökum beint eða óbeint, og eru þess jafnvel dæmi eftir að þeir voru látnir lausir úr gæsluvarðhaldi.

Reykjavík, 4. febrúar 2003


Lára V. Júlíusdóttir, hrl. og settur saksóknari